HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR
Appelsínurauða kápan uppáhaldsflíkin núna
tíska heilsa heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

KÓPAVOGUR
Hjólabrettakappar og ungbarnarokk
Sérblað um Kópavogsbæ
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

15. nóvember 2007 — 311. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Líf í torfbæjum

Sigríður Sigurðardóttir hefur verið safnstjóri í Glaumbæ í tuttugu ár.

TÍMAMÓT 34

Nýdönsk leikur fyrir dansi

Það verða hljómsveitirnar GusGus og Nýdönsk sem sjá um tónlistina í brúðkaupsveislu Jóns Ásgeirs og Ingibjargar Pálmadóttur á laugardag.

FÓLK 62

Fær afleysingamann á sviði

Leikarinn Sigurður Hrannar Hjaltason mun hlaupa í skarð Friðriks Friðrikssonar á leiksviði ef hann þarf frá að hverfa vegna fæðingarerfingjans.

FÓLK 50

Nevarilova best

Tékkneska stúlkan Pavla Nevarilova var valin besti leikmaður 1.-9. umferðar í N1-deild kvenna. Einar Jónsson, þjálfari Fram, var valinn besti þjálfarinn.

ÍÞRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



ÞURRT EYSTRA Í dag verður fremur stíf suðlæg átt. Rigning sunnan og vestan til og með norðurströndinni fyrripart dags. Nokkuð bjart á Suðaustur- og Austurlandi. Hiti víðast 5-12 stig.

VEÐUR 4



45 milljónir flýta framkvæmdaleyfi

Orkuveitan er byrjuð að greiða inn á samning, sem sveitarstjórn Ölfuss metur á hálfan milljarð, vegna framkvæmdaleyfis og skipulagsmála. Leyfisveitingum verður hraðað, enda greiðir fyrirtækið fyrir aukið álag á bæjarstjórnina.

ORKA Orkuveita Reykjavíkur er byrjuð að greiða sveitarfélaginu Ölfusi eftir samningi um virkjanir á Hellisheiði og Hengilssvæðinu. Sveitarfélagið fær samkvæmt honum 45 milljónir til að mæta „umsvifum og álagi á bæjarstjórn og bæjarstjóra“. Þær greiðslur verði nýttar til að „afgreiðsla umsagna og leyfa verði eins hröð og hægt er“.

Samningurinn var samþykktur af bæjarstjórn 27. apríl í fyrra og hljóðar upp á 500 milljónir, að mati sveitarfélagsins. Hann kveður á um að sveitarfélagið veiti Orkuveitunni framkvæmdaleyfi og greiði fyrir skipulagsmálum eins hratt og unnt er.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, efast um að samkomulagið hljóði upp á hálfan milljarð en hefur ekki aðra tölu á reiðum höndum. Það sé ekki venja fyrirtækisins að greiða allan kostnað fyrir sveitarfélög „en þegar menn huga á framkvæmdir í tiltölulega fámennu sveitarfélagi og þær kalla á aðkeypta vinnu, þá hefur ekki verið talið óeðlilegt að framkvæmdaaðili beri kostnað af því“. Fyrirtækið sé þó ekki að kaupa sér skipulag í sveitarfélaginu.

Orkuveitan heitir að „bera allan kostnað af hugsanlegum málaferlum og skaðabótakröfum“ vegna framkvæmdanna. Hún lýsir Þrengslaveg, reisir nýja fjárrétt og hesthús og leggur 75 milljónir til skógræktar. Að auki verður ljósleiðari lagður.

Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir samninginn ekki auka traust sitt á vinnubrögðum Orkuveitunnar. „Það má lesa út úr þessu að Orkuveitan hafi keypt sér skipulag og framkvæmdaleyfi. Það er brýnt að stýrihópurinn sem fer yfir málefni Orkuveitunnar taki þetta til skoðunar,“ segir hann.

- kóþ

VÆNN VIÐ MÁLLEYSINGJA Fuglarnir vita að þeir hafa ekkert að óttast þegar Sverrir Lyng Bergþórsson nálgast með brauðmolana, enda hefur hann reglulega lagt leið sína að Tjörninni í Reykjavík undanfarin ár til að gefa þeim brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eigendum Austurstrætis 16 leyft að innrétta skemmtistað í stað veitingahúss:

Kvöð um matsölu að degi til

SKIPULAGSMÁL Eigendur Austurstrætis 16, þar sem nú er veitingastaðurinn Apótekið, hafa fengið leyfi skipulagsráðs Reykjavíkur til að breyta húsnæðinu þannig að þar verði skemmtistaður í stað veitingahúss.

Skipulagsráð vill að tryggt verði að veitingastarfsemi verði í húsinu yfir daginn og að útliti hússins verði ekki breytt á neinn hátt, til dæmis með því að byrgja glugga. Til að tryggja þetta á byggingarfulltrúi að setja slík skilyrði við útgáfu byggingarleyfisins auk þess að þinglýsa þeim á eignina.

Minnihluti Sjálfstæðisflokksins sagði þessa breytingu „á einu mikilvægasta horni miðborgarinnar“ ekki vera farsæla en sátu hjá við afgreiðslu þess. „Starfsemi og þjónusta sem hefði tryggt að húsið væri opið almenningi á daginn hefði verið mun æskilegri í þessu merka húsi í hjarta Reykjavíkur. Borgaryfirvöld virðast hins vegar ekki hafa lagalegar forsendur til að synja umsókn um rekstur næturklúbbs á þessum stað,“ segir í bókun sjálfstæðismanna.

- gar

home art
HOME ART ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND
ORMSSON

Þýski handboltinn til Íslands?

Íslendingaslagur í Egilshöll?

ALFREÐ GÍSLASON

HANDBOLTI Þessa dagana fara fram viðræður um að leikur Íslendingaliðanna Flensburg og Gummersbach verði leikinn á Íslandi 2. febrúar í Egilshöll.

Ef af verður munu allt að fimm Íslendingar taka þátt í leiknum.

- hbg/sjá síðu 56

Meintir nauðgarar í gæslu:

Hrottafengið ofbeldisverk

LÖGREGLUMÁL Nauðgunin, sem rúmlega fertug kona hefur kært og tveir karlmenn sitja í gæsluvarðhaldi fyrir, var afar hrottafengin, að því er fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

Konan var á skemmtistað þar sem hún hitti tvo litháíska ríkisborgara, að því er hún lýsir í skýrslutöku hjá lögreglu. Mennirnir réðust síðan á hana í húsasundi við gatnamót Laugavegar og Vitastígs með grimmdarlegum hætti og nauðguðu henni. Hún segir mennina hafa hlegið að sér bæði meðan á ofbeldinu stóð og á eftir.

- jss/sjá síðu 6

Jólatónleikaæði á Íslandi:

120 milljóna hátíðarskap

TÓNLIST Ef allt gengur að óskum hjá tónleikahöldurum stóru jólatónleikanna, Björgvins Halldórssonar og Frostrósa, munu átján þúsund Íslendingar leggja leið sína í Laugardalinn á einni viku til að hlýða á jólatónlist.

Miðaverð á tónleikana er á bilinu 7-8 þúsund krónur og sé reiknað eftir meðalverði kemur í ljós að heildarinnkoman verður um 120 milljónir íslenskra króna.

- fgg/sjá síðu 62

muundu eftir mjólkinni!
muu

SPURNING DAGSINS

Hafrún, ertu þá ekki orðin loðin um lófana?

„Jú, og verð loðnari með hverju skiptinu."

Hafrún María Zsoldos, starfsmaður í Cera snyrtihúsi, segir brasilískt vax njóta aukinna vinsælda meðal íslenskra karlmanna. Það felst í því að fjarlægja öll líkamshár í kringum kynfæri með vaxi.

Edmund Joensen úr færeyska Sambandsflokknum tryggði Fogh þingmeirihluta:

Segist ekki vilja misnota aðstöðuna

KOSNINGAR Edmund Joensen, forseti færeyska Lögþingsins, var kjörinn fyrir Sambandsflokkinn sem annar tveggja fulltrúa Færeyinga á danska þjóðþingið í kosningunum á þriðjudag. Hann hefur lýst stuðningi við að ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen haldi áfram um stjórnartaumana í Danmörku, en með því tryggir hann henni eins atkvæðis þingmeirihluta.

„Þar sem minn flokkur, Sambandsflokkurinn, er í góðum tengslum við Venstreflokkinn í Danmörku er það eðlilegur hlutur fyrir okkur að stuðla að því að þetta góða samstarf haldi áfram," segir Joensen í samtali við Fréttablaðið.

„Ég veit vel að mitt atkvæði er afgerandi fyrir meirihlutann, og það þarf að nota, en það má heldur ekki misnota það," segir hann spurður hvort hann hafi sett einhver skilyrði fyrir stuðningi sínum. „Ég og Færeyingar almennt hafa átt mjög gott samstarf við Anders Fogh og ríkisstjórn hans svo að við styðjum gjarnan þessa stjórn til góðra verka áfram," segir Joensen. Hann hafi hins vegar jafnframt sett þann fyrirvara að hann kæri sig ekki um að í atkvæðagreiðslum um dönsk innanríkismál sé útkoman undir sínu atkvæði komin. Í þeim tilvikum vilji hann frekar að stjórnin leiti breiðari stuðnings á þinginu.

EDMUND JOENSEN

Spurður hvort hann og hinn færeyski fulltrúinn á danska þinginu, Högni Hoydal, muni að einhverju leyti stilla saman strengi í því hvernig þeir greiða atkvæði segir hann að almennt séð verði svo ekki. Þar sem Högni sé fulltrúi lýðveldissinna, sem vilji alger sambandsslit, en Sambandsflokkurinn vilji halda tengslunum við danska ríkið liggi í hlutarins eðli að þeir eigi oft ekki samleið í afstöðu sinni til mála. En að þessu slepptu sé vel hugsanlegt að þeir Högni geti staðið saman að öðrum málum sem varða færeyska hagsmuni sem koma inn á borð þingsins í Kaupmannahöfn. „Það gerum við líka í daglegu starfi okkar á Lögþinginu," segir Edmund Joensen.

- aa/ sjá síðu 18

Húsbrot og líkamsárás:

Kastaði konu á salernisskál

DÓMSMÁL Tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjaness, báðir fyrir húsbrot og annar einnig fyrir líkamsárás.

Mennirnir ruddust saman inn í hús í Sandgerði í maí á síðasta ári. Annar þeirra réðst þar á konu sem var gestkomandi, greip hana og kastaði í gegnum baðherbergisdyr svo að hún lenti á salernisskálinni með vinstri hlið. Við þetta fór hurð að baðherberginu af hjörunum. Konan slasaðist meðal annars á handlegg og í mjóbaki. Hún á enn erfitt með að beygja sig fram. Fólkið er allt af erlendu bergi brotið. - jss

Musharraf boðar breytingar:

Hættir sem yfirmaður hersins

PAKISTAN, AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, lýsti í gær yfir að hann byggist við því að hætta sem yfirmaður hersins í nóvemberlok og hefja þá nýtt forsetatímabil sem borgari. Varaði hann um leið við því að léti hann undan kröfum andstæðinga um að segja af sér yrði glundroði í landinu.

PERVEZ MUSHARRAF

Musharraf sakaði Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans og leiðtoga stjórnarandstöðuflokks, um að kynda undir óróa. Hann hafnar enn fremur þrýstingi frá Vesturlöndum um að aflétta neyðarlögum og sagði þau líklega verða í gildi fram yfir kosningar í janúar. - sdg

Dýrt að innheimta gjöldin í Reykjavík

Fasteignagjöld í vanskilum geta hækkað um 55 prósent vegna kostnaðar við innheimtuþjónustu einkafyrirtækis og dráttarvaxta. Virðisaukaskattur er lagður ofan á kostnað. Markmiðið var að lækka útgjöld hinna, segir innheimtustjóri.

REYKJAVÍK Elías Rúnar Sveinsson átti að greiða 10.128 krónur í fasteignagjöld 1. mars á þessu ári. Í lok júlí hafði hann ekki gert upp við greiðslu og innheimtuþjónustuna Momentum, sem sér um rukkanir vangoldinna fasteignagjalda fyrir Reykjavíkurborg. Þá barst Elíasi „lokaaðvörun" í formi innheimtuseðils.

Nú var Elías ekki rukkaður um rúmar 10.000 krónur, heldur næstum 16.000. Kostnaður og „ítrekunargjald" nam 3.500 krónum. Að auki innheimtir fyrirtækið 24,5 prósenta virðisaukaskatt, 858 krónur, ofan á kostnað við innheimtu opinberu gjaldanna. Kostnaðarauki, fyrir utan dráttarvexti, nemur því um 43 prósentum.

„Hér í gamla daga gerði maður alltaf upp í lok sumars við Tollstjóra og það var aldrei neitt stórmál. Nú eru einhverjir lögfræðingar komnir í spilið og mér finnst að það ætti einhver að ræða þetta; hvort við viljum í alvöru að einkafyrirtæki raki inn milljónir við að innheimta skatt fyrir samfélagið," segir Elías.

Þetta fyrirkomulag innheimtu er tímabundið tilraunaverkefni og til tveggja ára. Áður innheimti Tollstjóraembættið gjöldin og gátu borgarar þá gert upp í lok sumars án nokkurs aukakostnaðar, utan áfallinna dráttarvaxta. Í tilfelli Elíasar hefðu það verið 1.217 krónur.

Markmið þess að færa innheimtu til einkafyrirtækis var „að lækka kostnað almennt fyrir skattgreiðendur og færa hann yfir á skuldarana," segir Helgi Þór Jónasson, innheimtustjóri fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Aukakostnaðurinn kunni hins vegar að vera fullmikill.

HJÁ GJALDKERANUM Það kostar sitt að skulda, en nær allur viðbótarkostnaður þeirra sem skulda fasteignagjöld í Reykjavík, rennur til einkafyrirtækis. MYND/ÚR SAFNI

FASTEIGNAGJÖLD

Eigendum íbúðarhúsnæðis er gert að greiða fimm tegundir gjalda í hlutfalli við fasteignamat hússins (FM). Gjöldin renna til borgarinnar og heita:

Fasteignaskattur: 0,225 prósent af FM.
Lóðaleiga: 0,08 prósent af FM.
Holræsagjald: 0,105 prósent af FM.
Vatnsgjald: 126 krónur á fermetra og 3.261 króna í fastagjald.
Sorphirðugjald: 12.300 krónur á tunnu.

Borgin fékk um 7,8 milljarða í tekjur af fasteignasköttum árið 2006 og áætlað er að hún fái 8,7 milljarða í ár. Færi það allt í vanskil, líkt og hjá Elíasi, hækkaði upphæðin í rúma 13,5 milljarða. Af því færu 3 milljarðar beint til innheimtufyrirtækisins, fyrir utan virðisaukaskatt.

„Við höfum því hugsað okkur að breyta þessu á næsta ári og fækka bréfunum sem eru send út," segir Helgi. Ekki standi þó til að taka upp gamla fyrirkomulagið.

Borgin greiðir Momentum ekkert fyrir innheimtuna, ólíkt Tollstjóra, sem fékk greiddan ýmsan kostnað. Skuldarar bera hann nú alfarið en Momentum fær ekki greitt eftir árangri, heldur eftir fjölda rukkana.

klemens@frettabladid.is

Vilja nýjar prófessorsstöður:

Vörn og sókn íslenskrar tungu

ALÞINGI Þingmenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi leggja til að menntamálaráðherra hlutist til um það að Háskóli Íslands stofni prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson, með vörn og sókn fyrir íslenska tungu og ljóðrækt að meginmarkmiði.

ÁRNI JOHNSEN

Annar hópur þingmanna vill prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða. Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, er fyrsti flutningsmaður beggja tillagna.

Í greinargerð með fyrri tillögunni segir að íslensk tunga eigi nú undir högg að sækja, rótgrónar stofnanir setji erlenda tungu í fremstu víglínu tungutaks Íslendinga. - bj

Skjálfti upp á 7,7 á Richter:

Tuttugu slasaðir en enginn lést

CHILE, AP Um tuttugu manns slösuðust en enginn lét lífið þegar jarðskjálfti sem mældist 7,7 á Richter skók norðurhluta Chile í gær. Byggingar og raflínur skemmdust talsvert í skjálftanum. Rafmagn fór af nokkrum borgum í norðurhluta landsins og sprungur komu í vegi. Nokkrir eftirskjálftar komu síðar um daginn.

„Ég varð mjög óttaslegin, skjálftinn var mjög öflugur. Ég hef aldrei fundið fyrir svo öflugum skjálfta," sagði Paola Barria, sem var í um 100 kílómetra fjarlægð frá upptökum skjálftans þegar hann reið yfir. - bj

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Flóðljós á KR-vellinum lýsa upp íbúðir í kring, hvort heldur í þökk eða óþökk íbúa:

Vaknar með flúorljós í augum

FÓLK „Þetta er að gera mig brjálaða. Ég vakna með flúorljós í augunum alla morgna," segir Rannveig Pálsdóttir, íbúi í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún hefur tvisvar kvartað við KR vegna ljóskastara á velli íþróttafélagsins. Kveikt sé á þeim óþarflega oft, jafnvel þegar enginn er á vellinum, og þeir lýsi beint inn í íbúðir í nágrenninu kvölds og morgna.

Ingólfur Már Ingólfsson, framkvæmdastjóri KR, kannast við slíkar athugasemdir. „Þetta fylgir því að búa við hliðina á íþróttafélagi," segir hann. Þó standi til að skipta kösturunum út fyrir aðra sem dreifa ljósinu minna út fyrir völlinn en nú er.

„Völlurinn er náttúrlega mjög vel lýstur hjá okkur en um leið og síðasta æfing er búin á kvöldin á að vera slökkt á ljósunum. Það getur komið fyrir að það gleymist eitt og eitt skipti en þetta er almenna reglan."

Honum finnst þó einkennilegt ef ljósin loga snemma á morgnana. Það hafi gerst í fyrravetur þegar stundum voru snemmbúnar æfingar á vellinum, en eigi ekki að gerast núna.

Ingólfur segir þó greinilega erfitt að gera öllum til geðs. „Síðasta vetur hringdi kona og spurði hvort við gætum ekki kveikt ljósin snemma á morgnana því þau lýstu henni svo vel og væru svo góð fyrir börnin þegar þau voru á leiðinni í skólann." - sh

UPPLÝST STOFA Svona er umhorfs í íbúð Rannveigar að kvöldi til. Veggurinn gegnt glugganum er uppljómaður. Sumir taka þessari lýsingu fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Ánægðustu viðskiptavinirnir

Samkvæmt Ánægjuvoginni 2007 eru viðskiptavinir Símans ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja. Það gleður okkur og er hvatning til að gera enn betur.

800 7000 • www.siminn.is

Það er **Síminn**

Sími

Netið

Sjónvarp

ENNEMM / SÍA / NM30504

GENGIÐ 14.11.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	59,40	59,68
Sterlingspund	123,41	124,01
Evra	87,33	87,81
Dönsk króna	11,716	11,784
Norsk króna	11,068	11,134
Sænsk króna	9,461	9,517
Japanskt jen	0,5331	0,5363
SDR	94,26	94,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,9641
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Niðurstöður bandarísku alríkislögreglunnar um Blackwater-drápin í Bagdad:

Fjórtán drápanna tilefnislaus

BANDARÍKIN, AP Bandaríska alríkislögreglan FBI hefur komist að þeirri niðurstöðu að öryggisverðir bandarísku fyrirtækisins Blackwater hafi enga ástæðu haft til að skjóta fjórtán af þeim sautján manns sem þeir drápu á götum Bagdad í september.

Bandaríska dagblaðið New York Times skýrði frá þessu í gær og byggir frétt sína á viðtölum við menn sem hafa fengið upplýsingar um rannsókn málsins.

Blaðið segir ekkert staðfesta fullyrðingar Blackwater-manna um að óbreyttir íraskir borgarar hafi skotið í áttina til þeirra áður en þeir sjálfir beittu skotvopnum.

ÖRYGGISVERÐIR Í ÍRAK Hinn 16. september urðu liðsmenn Blackwater sautján Írökum að bana í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alríkislögreglan telur hugsanlegt að Blackwater hafi haft ástæðu til að skjóta á þrjá hinna látnu, þá vegna þess að þeim hafi stafað ógn af þeim og réttlætanlegt hafi verið að grípa til varnar.

Rannsóknin hefur leitt í ljós að fimm Blackwater-mannanna hafi beitt skotvopnum sínum í Bagdad 16. september síðastliðinn. Rannsóknin hefur beinst meir að einum þeirra en hinum því hann er talinn bera ábyrgð á nokkrum drápanna.

Óljóst er hvort ákært verður þar sem starfsmenn erlendra öryggisfyrirtækja njóta friðhelgi í Írak. Þá hefur bandaríska utanríkisráðuneytið sagt að öryggisverðir þess njóti takmarkaðrar friðhelgi, en telur það þó ekki koma í veg fyrir saksókn í Bandaríkjunum. - gb

Hraðakstur á Víkurvegi:

Helmingur ökumanna ók of hratt

LÖGREGLUMÁL Af þeim 232 ökutækjum sem óku Víkurveg í norðurátt á einni klukkustund fyrir hádegi í Grafarvogi í fyrradag reyndust 128 vera yfir leyfilegum hámarkshraða, eða 55 prósent ökumanna.

Leyfilegur hámarkshraði þar er fimmtíu kílómetrar á klukkustund, en meðalhraði hinna brotlegu var 68 kílómetrar.

Alls óku 22 ökumenn á sjötíu kílómetra hraða eða meira, en sá sem hraðast ók mældist á 101 kílómetra hraða á klukkustund. - æþe

BRÚARSTÆÐIÐ VIÐ DRESDEN Dómstóll hefur gefið framkvæmdaleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeild brú í Dresden:

Krafa UNESCO að engu höfð

ÞÝSKALAND, AP Dómstóll í Þýskalandi gaf í gær leyfi til þess að umdeild brú yrði reist í næsta nágrenni borgarinnar Dresden.

Framkvæmdum hafði verið frestað vegna þess að byggingasvæðið er bæði á heimsminjaskrá UNESCO og vistsvæði sjaldgæfrar leðurblökutegundar.

Dómstóllinn setti þó það skilyrði að hámarkshraði á brúnni yrði 30 kílómetrar að næturlagi til þess að stofna ekki leðurblökustofninum í hættu.

Í júní gaf UNESCO borgaryfirvöldum fjögurra mánaða frest til að breyta áætlunum um framkvæmdirnar, en stjórnin í Saxlandi, sem er eitt sextán sambandslanda Þýskalands, brást ókvæða við þeim kröfum. - gb

NORÐUR-ÍRLAND

Morð á sjö manna fjölskyldu

Lögregla á Norður-Írlandi hóf í gær morðrannsókn á láti foreldra og fimm barna á aldrinum tíu mánaða til þrettán ára í eldsvoða á þriðjudag eftir að í ljós kom að miklu magni af eldsneyti hafði verið hellt inni í húsinu. Nágrannar sögðust hafa heyrt ópin í fjölskyldunni en ekki getað bjargað fólkinu vegna eldsins.

Foreldrar langveikra barna vongóðir

Félagsmálaráðherra hefur lagt til nýtt frumvarp sem kveður á um breytingar á lögum um greiðslur til foreldra langveikra barna. Annmarkar þykja á núgildandi lögum. Formaður Félags einstakra barna segir nýtt frumvarp gleðitíðindi.

FÉLAGSMÁL „Þetta eru mikil gleðitíðindi. Jóhanna var búin að gefa stór loforð um hvað hún hygðist gera kæmist hún aftur í ríkisstjórn. Ég sé ekki annað en hún ætli að standa við orð sín," segir Sædís Björk Þórðardóttir, formaður Félags einstakra barna, um nýtt frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra.

Frumvarpið kveður á um breytingar á lögum sem sett voru árið 2006 sem fjalla um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Markmiðið er að koma betur til móts við foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda en annmarkar þóttu á núgildandi lögum. Aðeins höfðu tíu foreldrar sótt um aðstoð á grundvelli þeirra auk þess sem fjölskyldur, sem áttu barn sem hafði greinst með langvinnan sjúkdóm 1. janúar 2006, nutu ekki góðs af lögunum. Þá þóttu greiðslurnar of lágar en þær námu að hámarki 95 þúsund krónum.

Í frumvarpi Jóhönnu er lagt til tvískipt kerfi. Annars vegar er lagt til að foreldri sem hefur verið samfellt í sex mánuði á vinnumarkaði áður en barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða fötlun geti átt sameiginlegan rétt með hinu foreldri barnsins á greiðslum sem nema 80 prósentum af meðaltali heildarlauna í allt að þrjá mánuði. Í alvarlegustu tilvikunum er heimilt að framlengja rétt foreldra á tekjutengdum greiðslum í allt að sex mánuði samtals.

Hins vegar er lagt til að sá hópur foreldra barna sem þarfnast verulegrar umönnunar njóti 130.000 króna mánaðargreiðslna þegar tekjutengdakerfinu sleppir.

EIGA EFTIR AÐ SJÁ SMÁA LETRIÐ Hanna Sigurrós Ásmundsdóttir og Jón Eyþór Helgason, foreldrar Svanfríðar Briönu, vona að frumvarp Jóhönnu verði til batnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

MIKLAR ÚRBÆTUR Margrét Össurardóttir með dóttur sína Kristjönu Líf Albertsdóttir sem greindist með Willams-heilkenni tveimur mánuðum áður en núgildandi frumvarp tók gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Í frumvarpi Jóhönnu er lagt til tvískipt kerfi; annars vegar tekjutengt og hins vegar mánaðargreiðslur sem taka við eftir að tekjutengdum greiðslum sleppir.

GLEÐITÍÐINDI Sædís missti son sinn Atla Snæ eftir erfið veikindi árið 1998. Hún segir nýtt frumvarp gleðitíðindi. Mikið hafi áunnist síðan sonur hennar háði sína baráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Því miður er þetta ekki afturvirkt fyrir þá foreldra sem eiga börn sem greindust með veikindi fyrir 1. janúar 2006. Mér sýnast þetta samt vera miklar úrbætur," segir Margrét Össurardóttir, móðir Kristjönu Lífar, sem greindist með fötlun tveimur mánuðum áður en fyrra frumvarpið tók gildi og gátu foreldar hennar því ekki notið greiðslna á grundvelli þess. „Það er full ástæða til að óska foreldrum langveikra barna til hamingju með þetta," bætir Margrét við.

Hanna Sigurrós Ásmundsdóttir, móðir Svanfríðar Briönu, níu ára langveikrar stúlku, segist ekki treysta sér til að gleðjast strax. „Síðasta frumvarp hljómaði mjög vel, svona áður en maður sá smáletrið og áttaði sig á því að við áttum ekki rétt á neinu. Ég vona samt hið besta." karen@frettabladid.is

Bæjarstjórn Akraness:

Vill sameina útrásarkrafta

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Akraness segir að treysta þurfi forystuhlutverk Íslendinga við beislun vistvænnar orku. Eftir umræður undanfarið um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og sameiningu REI og Geysis Green Energy sé rétt að einbeita sér að framtíðarhagsmunum Orkuveitunnar og eigenda þess.

GÍSLI S. EINARSSON

„Bæjarstjórn Akraness hvetur til þess að Íslendingar sameini krafta sína sem mest í orkunýtingu á alþjóðavísu," segir bæjarstjórinn, sem kveðst taka undir það með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra að Orkuveitan verði áfram í útrásinni og að alls ekki sé útilokað að af frekara samstarfi verði við Geysi Green Energy. - gar

Bráðnun heimskautsíssins:

Ný eyja finnst við Grænland

GRÆNLAND Talið er að ný smáeyja hafi verið uppgötvuð norður af Grænlandi, undir ísnum sem þar er að bráðna.

Ef staðfest verður að þarna sé í raun um eyju en ekki sker að ræða yrði hún norðlægasta eyja heimsins. Það gæti einnig haft mikla þýðingu fyrir kröfur Grænlendinga/Dana um landgrunnsréttindi í Norður-Íshafi.

ÍSINN HOPAR

Það var bandaríski heimskautafræðingurinn Dennis Schmitt sem uppgötvaði eyjuna og gaf henni nafnið Stray Dog West. - aa

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VETUR Á LAUGARDAG

Það er og verður fjarri því kalt í dag og á morgun. Þeir dagar verða almennt blautir, síst þó austan til á landinu. Á hinn bóginn slær hann í nokkuð kuldalega og stífa norðan átt á laugardaginn. Eru horfur á allhvassri eða hvassri norðvestlægri átt á Norður- og Austurlandi með töluverðri snjókomu og skafrenningi. Annars staðar verður vindurinn hægari. Sunnudagurinn verður rólegri og léttir víða til.

REYKJAVÍK Í DAG

Sunnan 5-9 m/s og rigning. Hiti 7-11 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-13 m/s, hvassast fyrir austan.

» laugardagur



15-20 m/s norðan og austan til, annars 8-13 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	3°C léttskýjað	London	9°C skýjað	Friedrichshafen	-2°C snjókoma
Billund	4°C léttskýjað	París	5°C léttskýjað	Lúxemborg	1°C hálfskýjað
Osló	1°C léttskýjað	Amsterdam	7°C skýjað	Alicante	17°C léttskýjað
Stokkhólmur	1°C hálfskýjað	Frankfurt	2°C skýjað	Róm	13°C léttskýjað
Gautaborg	2°C léttskýjað	Berlín	3°C él	Las Palmas	23°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

10% endurgreiðsla

10% endurgreiðsla í dag!

Þeir sem greiða með e-korti eða e² Vildarkorti fá 10% endurgreiðslu af öllu eldsneyti hjá Shell í dag, 15. nóvember.

KORT
www.ekort.is

VILDARKORT
www.e2.is

Fíton/SÍA FI023916

KJÖRKASSINN

Hefur þú hnuplað úr verslun?

Já 40%

Nei 60%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú verslað í Fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á þessu ári?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Þrír Íslendingar ráðgera að reka fullbúið kvikmyndaver á Miðnesheiði:

Kvikmyndaver rís á Vellinum

IÐNAÐUR Þrír kvikmyndagerðarmenn undirbúa nú hönnun kvikmyndavers á Keflavíkurflugvelli.

„Þetta hefur verið í undirbúningi í eitt ár. Við erum að kaupa margar byggingar á Keflavíkurflugvelli þar sem stendur til að búa til svona afþreyingarsvæði, en við erum aðallega að þessu til að búa til kvikmyndaver," segir Hallur Helgason, sem stofnaði fyrirtækið Atlantic Studios í félagi kvikmyndaframleiðendurna Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson.

„Fyrst og síðast hefur vantað almennilegt stúdíó með hljóðeinangruðu sviði. Ein byggingarnar sem við kaupum er gamla kvikmyndahúsið, þar sem hægt verður að byggja leikmyndir innan dyra."

NÝIR MÖGULEIKAR Með tilkomu nýs kvikmyndavers munu kvikmyndaframleiðendur geta framleitt stærri hluta kvikmynda á Íslandi.

Verið verður markaðssett fyrir innlendan sem erlendan markað og verður með tilkomu þess hægt að framleiða stærri hluta erlendra kvikmynda hér en áður. Hallur segist búast við því að í kjölfarið verði meira að gera fyrir Íslendinga í kvikmyndageiranum.

Nálægðin við flugvöllinn og áhrif hennar voru sérstaklega könnuð. „Við verðum ekki í flugstefnu og húsið verður vel hljóðeinangrað. Aðstæður eru jafnvel betri þarna heldur en nálægt hraðbraut, eins og er oft erlendis," segir Hallur.

Atlantic Studios reiknar með því að opna kvikmyndaverið á vordögum. - eb

Hundur beit blaðburðarkonu:

Tjóðraði Perlu sína of lauslega

HÉRAÐSDÓMUR Mál gegn konu á sextugsaldri var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en konan er ákærð fyrir brot á samþykkt um hundahald í Reykjavík.

Konunni er gefið að sök að hafa tjóðrað hund sinn Perlu of lauslega, svo ekki var hægt að komast óhindrað að inngangi fjölbýlishúss í Reykjavík, en hundurinn beit rúmlega fimmtuga blaðburðarkonu þegar hún reyndi að komast framhjá tíkinni.

Blaðburðarkonan hlaut mar og skrapsár á vinstri fæti vegna bitsins, en hún krefst tæpra sextíu þúsund króna í skaðabætur. - æþe

Meintir nauðgarar náðust á myndavél

Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir tveimur litháískum ríkisborgurum sem grunaðir eru um að hafa nauðgað rúmlega fertugri konu með hrottalegum hætti um síðustu helgi. Mennirnir hafa unnið hér um skeið.

LÖGREGLUMÁL Karlmennirnir tveir sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að þeir hafi nauðgað rúmlega fertugri konu að næturlagi um síðustu helgi eru litháískir ríkisborgarar. Þeir hafa báðir unnið hér á landi um skeið. Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir þeim í gær, en þeir eiga að sitja inni til 19. nóvember.

Konan og mennirnir, sem eru á þrítugsaldri, hittust á ölstofu aðfaranótt laugardagsins og áttu einhver orðaskipti þar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fóru mennirnir út af staðnum á undan konunni. Þeir veittust að henni í húsasundi og eru grunaðir um að hafa nauðgað henni báðir. Konan hlaut verulega áverka við nauðgunina. Hún leitaði á Neyðarmóttöku eftir árásina og einnig til lögreglu. Konan var með rispur á baki og víða á líkamanum, eins og eftir möl eða sand. Sandur og laufblöð voru í hári hennar og fatnaði auk þess sem hún var með aðra áverka á líkama.

Öryggismyndavélar á skemmtistaðnum sýndu tvo menn sem komu heim og saman við lýsingu konunnar.

Önnur kona, rétt rúmlega tvítug, fór einnig á Neyðarmóttöku og leitaði aðstoðar um nýliðna helgi vegna nauðgunar. Hún var að koma út af skemmtistað aðfaranótt laugardagsins. Talið er að hún hafi hitt þar mann sem síðar hafi veist að henni á svæðinu í Grófinni í miðborginni. Fyrir liggur lögregluskýrsla um málið, en enginn hafði verið handtekinn vegna þess í gær. Konan mun leggja fram kæru síðar í vikunni.

Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR Tvær nauðgunarkærur bárust lögreglu eftir helgina. Þrjár tilkynningar að auki bárust Neyðarmóttöku nauðgana. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þrjár nauðganir til viðbótar voru tilkynntar til Neyðarmóttöku nauðgana eftir helgina, en þær hafa ekki komið inn á borð lögreglu.

Enn er óupplýst tilraun manns til að nauðga konu í húsasundi við Vesturgötu í Reykjavík í febrúar. Íbúi í nágrenninu, sem varð árásarinnar var, kallaði lögreglu til. Konan var marin, blóðug og óttaslegin.

Tvær nauðgunarkærur bárust lögreglu á seinni hluta síðasta árs. Tvær stúlkur kærðu nauðgun, önnur átti sér stað í húsasundi nærri Menntaskólanum í Reykjavík. Stúlka var rænd og henni nauðgað af tveimur karlmönnum í húsasundi á bak við skólabygginguna. Málið er enn óupplýst.

Hin nauðgunin er sögð hafa átt sér stað við Þjóðleikhúsið. Stúlkan sem kærði þá dró kæru sína til baka. jss@frettabladid.is

Alcan greiðir tvo þriðju hluta kostnaðar við undirbúning virkjana í Þjórsá:

Gætu átt rétt á endurgreiðslu

ORKUMÁL Alcan hefur skuldbundið sig til að greiða tvo þriðju hluta kostnaðar vegna undirbúnings fyrir virkjanir í Þjórsá, en gæti átt rétt á endurgreiðslu verði orka úr virkjununum seld öðrum. Í samningi frá því í desember 2006 kemur fram að Alcan eigi að greiða þennan kostnað.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að samið hafi verið um að Alcan greiði hluta kostnaðar við lokahönnun og útboð þriggja virkjana sem til stendur að reisa. Líklega sé hlutur Alcan 200 til 300 milljónir króna. Engar greiðslur hafi þó farið fram heldur verði allt gert upp síðar.

Upphæðin hefði runnið upp í mögulegan samning um orkukaup Alcan af Landsvirkjun úr nýrri virkjun, samkvæmt samningi.

Nú hefur Landsvirkjun hins vegar gefið út þá yfirlýsingu að orka úr virkjununum verði ekki seld til nýrra álvera á Suður- og Vesturlandi. Til viðbótar hafa áform Alcan um stækkun álversins í Straumsvík stöðvast eftir að stækkuninni var hafnað í atkvæðagreiðslu í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STRAUMSVÍK Álfyrirtækið Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, greiðir milli 200 og 300 milljónir króna vegna hönnunar og útboðs á virkjunum í Þjórsá.

Þorsteinn segir að verði ekki af sölu orku úr virkjunum í Þjórsá til Alcan séu ákvæði um að Landsvirkjun endurgreiði kostnaðinn. Slíkt verði þó ekki fyrr en þegar skrifað hafi verið undir samninga um sölu orkunnar til annarra aðila. Endurgreiðslurnar skerðist enn fremur ef langur tími líður þar til orkan verður seld. - bj

ÍTALSKIR RÉTTIR

Leifur Kolbeinsson
La Primavera

ítölsk matargerðarlist

framreidd af einum færasta matreiðslumanni landsins í ítalskri matargerð!



1.499kr
GOTT VERÐ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver verður jólagjöfin í ár samkvæmt spá sérfræðinga?*

2 *Hversu margir starfsmenn verða á Kárahnjúkum í vetur?*

3 *Hvaða íslensku athafnamenn ætla að reisa hótel í Glasgow?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

Nýtt samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir árið 2008:

Kvóti eykst um þúsundir tonna

SJÁVARÚTVEGUR Gengið hefur verið frá nýju samkomulagi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir árið 2008. Samkvæmt samkomulaginu verður heildarkvótinn 1.518.000 tonn, en í hlut Íslands munu koma 220.262 tonn, sem er aukning um 37 þúsund tonn. Þetta var ákveðið á fundi strandríkjanna sem nú fer fram í London.

Þessi niðurstaða um heildarafla byggir á stofnmati Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og langtíma nýtingarstefnu sem strandríkin gerðu samkomulag um árið 1999. Fiskveiðiráðgjafarnefnd ICES skilaði ráðgjöf í október síðastliðnum og samkvæmt þeirri ráðgjöf myndi 1.266.000 tonna heildarafli vera í samræmi við áðurnefnda nýtingarstefnu.

Norsk-íslenski síldarstofninn er í góðu ástandi og er áætlað að stærð hrygningarstofns sé um tólf milljónir tonna. Rannsóknir á stofninum benda til

MYND/KRISTJÁN

Á SÍLD Íslensku síldveiðiskipin fá að veiða 37 þúsund tonnum meira en áætlað var.

þess að nýliðun sé góð og ekki er annað að sjá en að stofninn haldist sterkur næstu ár.

Á þeim árum þegar mest var veitt úr þessum stofni á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar var heildaraflinn oft á bilinu ein til ein og hálf milljón tonna en fór hæst í rétt tæplega tvær milljónir tonna árið 1966.

- shá

Amnesty biðlar til NATO-ríkja:

NATO hætti að afhenda fanga

BRUSSEL, AP Mannréttindasamtökin Amnesty International hvöttu NATO á þriðjudag til að hætta að afhenda afgönskum yfirvöldum fanga þar sem þeir eigi á hættu að vera pyntaðir.

Alþjóðaherliðið í Afganistan verður að afhenda afgönskum yfirvöldum fanga innan 96 stunda frá handtöku þeirra samkvæmt reglum. Einnig þarf að greina samtökum Rauða krossins eða Rauða hálfmánans frá í hvert sinn sem fangar eru teknir.

Mörg NATO-ríki hafa gert samkomulag við Afganistan um að fangar sæti ekki illri meðferð en Amnesty segir það ekki duga. - sdg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á mannlausan bíl

Lögreglunni á Selfossi var tilkynnt um að ekið hefði verið á mannlausan bíl á Grænuvöllum og stungið af, laust fyrir miðnætti í fyrrinótt. Vitni gat gefið lögreglu lýsingu á bílnum og náðist ökumaðurinn. Báðir bílarnir eru mikið skemmdir.

Árekstur á Akureyri

Tveir bílar skullu saman á gatnamótum Þingvallastrætis og Mýrarvegar á Akureyri, um níuleytið í fyrrakvöld. Ökumaður annarrar bifreiðarinnar var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

DÓMSMÁL

Líkamsárás með vasaljósi

Líkamsárásarmál gegn karlmanni á fertugsaldri var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Manninum er gefið að sök að hafa slegið annan mann í andlitið með vasaljósi.

REYKJAVÍK

Lóð ásatrúarmanna auglýst

Skipulagsráð hefur samþykkt að láta auglýsa breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar og uppbyggingar á hofi Ásatrúarfélagsins.

Úrgangur vegna fjölpósts:

Ráðherra skipar fjölpóstsnefnd

STJÓRNMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hyggst skipa starfshóp vegna vaxandi vanda af fjölpósti.

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Þetta kom fram í svari ráðherrans við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur á Alþingi í gær um fjölpóst.

Þórunn sagði að sorp vegna fjölpósts hefði aukist um 76 prósent á fjórum árum og að stór hluti þess væri vegna dagblaða. Til skoðunar verði hvort framleiðandinn beri ábyrgð og hvort beita eigi úrvinnslugjaldi.

- gar

VINNSLUSTÖÐIN Átök hafa verið milli forsvarsmanna Eyjamanna ehf. og eigenda Stillu ehf. um framtíð Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vilja skoða tengsl við VÍS og Kaupþing

Forsvarsmenn Stillu krefjast þess að hluthafafundur verði boðaður í Vinnslustöðinni. Tilhæfulausum dylgjum vísað til föðurhúsa, segir framkvæmdastjóri.

VIÐSKIPTI Hinn svokallaði Stilluhópur, sem í eru félög í eigu Guðmundar Kristjánssonar í Brimi og Hjálmars bróður hans, hefur farið fram á að nýr hluthafafundur verði haldinn í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum.

Óskað er eftir rannsókn á viðskiptum félagsins og einstakra stjórnenda, samningum við fyrirtæki og viðskiptabanka. Meðal þess sem eigendur Stillu vilja ræða eru tengsl Vinnslustöðvarinnar við VÍS og Kaupþing.

Á hluthafafundi 8. nóvember var ákveðið að afskrá félagið úr Kauphöll Íslands í óþökk Stillu. Stilla og tengd félög eiga um þriðjung hluta í Vinnslustöðinni.

Í málinu endurspeglast átök milli Stillu og Eyjamanna. Eyjamenn reyndu yfirtöku á félaginu í apríl á genginu 4,6, sem var hafnað. Stilla reyndi þá yfirtöku á genginu 8,5, sem einnig var hafnað.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Stilluhópsins, segir að fyrir liggi að sextíu prósent hluthafa vilji afskráningu úr Kauphöll. Því vilji eigendur Stillu koma nýjum mönnum í stjórn fyrir sína hönd, til að sinna auknu aðhaldi innan stjórnarinnar samfara afskráningunni.

Stillumenn vilja fá upplýsingar um viðskipti Vinnslustöðvarinnar við VÍS og Kaupþing. Hróbjartur segir sögur fara af því að VÍS hafi selt hlut í félaginu gegn loforði um viðskipti. Þá hafi Kaupþing stutt yfirtökutilboð Eyjamanna, og skömmu síðar hafi ákveðin viðskipti Vinnslustöðvarinnar verið flutt til Kaupþings.

Á hluthafafundinum í síðustu viku sagði framkvæmdastjóri félagsins að einhverjir hluthafar yrðu keyptir út á sanngjörnu verði, að sögn Hróbjarts. Hann segir eigendur Stillu vilja vita hvort til standi að kaupa þá út á þessu sanngjarna verði, og hvað þeir telji sanngjarnt verð.

Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, og Haraldur Gíslason, stjórnarmaður í fyrirtækinu, sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem „tilhæfulausum dylgjum“ og aðdróttunum forsvarsmanna Stillu er vísað til föðurhúsa.

Sigurgeir segir stjórnina sjá um að boða hluthafafund. Rétt sé að bíða með að svara aðdróttunum þar til á þeim fundi. Hann segir að með því að koma bréfi þar sem óskað er eftir stjórnarfundinum til fjölmiðla sé verið að búa til eitthvert mál, verið sé að gera stjórnendur og meirihlutaeigendur tortryggilega.

brjann@frettabladid.is

KYNNINGARFUNDUR UM BORGARALEGA FERMINGU

Kynningarfundur fyrir unglinga sem áhuga hafa á borgaralegri fermingu vorið 2008 og aðstandenda þeirra verður haldinn laugardaginn 17. nóvember kl.11:00- 12:00 í Háskólabíói sal. 2.

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld fyrir alla

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og lífeyrismálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

1. nóv.	Aðalbanki	Hvar liggja fjárfestingartækifærin?	
8. nóv.	Árbær	Fjármál heimilisins frá A til Ö	
15. nóv.	Egilsstaðir	Fjármál heimilisins frá A til Ö	í kvöld
22. nóv.	Grafarholt	Lífeyrismál frá A til Ö	
29. nóv.	Akureyri	Hvar liggja fjárfestingartækifærin?	

NÓVEMBER

Í kvöld á Egilsstöðum

Kristinn Tómasson, deildarstjóri hjá Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans, fjallar um fjármál heimilisins. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja fá hagnýt ráð um lántökur, ávöxtun, sparnað og fjármál heimilisins almennt.

Skráning hafin á landsbanki.is
eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.
Nánari upplýsingar um námskeiðin eru á landsbanki.is

Landsbankinn

ÍSLENSKA SÍA.IS LBI 39966 11.2007

RISALAGERSALA

HEFST Í DAG OG STENDUR TIL 1. DESEMBER

ICEWEAR

OPNUNARTÍMAR:
mánudaga - föstudaga 12 - 18
laugardaga 10 - 16

FLEECEPEYSUR FRÁ 500 kr.
SMÁVARA FRÁ 200 kr.

Dömu Softshell

3ja laga, vind og vatnsheldir jakkar.

FW-1026-01
4.900,-

FW-1026-13
4.900,-

FW-1026-28
4.900,-

FW-1037-05
4.900,-

FW-1037-14
4.900,-

FW-1025-18
4.900,-

Herra Softshell

Herra Fleece peysur og softshell jakkar.

FW-2029-13
4.900,-

FW-2043-13
4.900,-

FW-2034-01
1.900,-

FW-2034-08
1.900,-

FW-2027-01
990,-

FW-2027-20
990,-

Merino ullarpeysur

Þunnar, mjúkar, hlýjar gæða peysur

82407-09
2.900,-

82407-13
2.900,-

81409-09
2.900,-

81409-41
2.900,-

84405-14
2.900,-

84405-47
2.900,-

Ullarpeysur

100% kemd ull.

25523-13 (fóðruð)
4.900,-

25523-09 (fóðruð)
4.900,-

35426-18
3.900,-

35426-14
3.900,-

34426-46
3.900,-

Færeyskar ullarpeysur

Hlýar ullarpeysur úr færeyskri ull.

95402-72
3.900,-

95402-96
3.900,-

92407-72
3.900,-

92407-96
3.900,-

Þetta er aðeins lítið brot af þeim útivistarvörum sem eru í boði á RISALAGERSÖLU Icewear.

Smávara

Mikið úrval af smávöru frá 200 kr.

990,-
990,-
990,-
990,-
990,-
990,-

Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400

JÓLAUNDIRBÚNINGUR Risavaxin kristalstjarna var sett á topp jólatrésins í Rockefeller Center í New York í Bandaríkjunum. Stjarnan er sett 25.000 kristöllum og endurkastar skini af milljón flötum. Kveikt verður á jólatrénu með viðhöfn 28. nóvember næstkomandi. NORDICPHOTOS/AFP

Karlmaður dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir að veitast að lögreglumanni:

Lamdi lögreglumann og hótaði lífláti

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í níu mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hafa hótað lögreglumanni á vakt líflláti og fyrir að slá hann í andlitið með krepptum hnefa.

Atvikið átti sér stað í desember í fyrra, eftir að lögregla hafði afskipti af ökumanni sem ók bíl sem hinn ákærði var farþegi í. Ökumaður þótti í annarlegu ástandi og lét ófriðlega. Þegar lögregla hugðist handtaka ökumanninn veittist hinn ákærði að lögreglunni og hafði í frammi líflátshótanir í garð lögreglumanns sem reyndi að róa hann niður.

LÖGREGLAN VIÐ STÖRF Karlmaður á þrítugsaldri hótaði lögreglumanni sem hugðist handtaka hann.

Þeirra samskiptum lauk svo með því að hinn ákærði sló lögreglumanninn með krepptum hnefa í andlitið og réðst á hann og sló ítrekað í líkama. Lögreglumaðurinn hlaut áverka í andliti vegna árásarinnar.

Með athæfi sínu rauf hinn ákærði skilorð til þriggja ára, sem hann var dæmdur í árið 2005 fyrir líkamsárás og varð það honum til refsiþyngingar, en maðurinn hefur þar að auki hlotið dóma fyrir umferðarlaga- og fíkniefnabrot og brot gegn almennum hegningarlögum.

Auk fangelsisdómsins var hinum ákærða gert að greiða sakarkostnað vegna málsins, tæpar 123 þúsund krónur. - æþe

Hálft kíló af kókaíni:

Sextán ára í fíkniefnasmygli

DÓMSMÁL Sextán ára stúlka og tæplega þrítugur karlmaður hafa verið ákærð fyrir Héraðsdómi Reykjaness, fyrir stórfellt fíkniefnasmygl.

Þau reyndu að smygla tæplega hálfu kílói af kókaíni til landsins í júlí síðastliðnum. Efnið ætluðu þau til söludreifingar í ágóðaskyni hér.

Fíkniefnin fluttu þau fyrst frá Venesúela til Bandaríkjanna og síðan til Íslands. Kókaíninu höfðu þau skipt í tvennt og falið innvortis. Þau voru handtekin við komuna til landsins. Smáræði af kókaíni til viðbótar þessu mikla magni fannst við húsleit á heimili mannsins. - jss

Svar umhverfisráðherra:

Erfðabreyttum lífverum ekki úthýst á Íslandi

STJÓRNMÁL Ekki verður gefin út yfirlýsing um að Ísland verði svæði án erfðabreyttra lífvera að sögn Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra.

Í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær vildi Þuríður Backman, þingmaður Vinstri grænna, meðal annars vita hvort umhverfisráðherra vildi beita sér fyrir því að farið yrði að fordæmi Norðmanna sem sett hefðu ströng lög um erfðabreyttar lífverur og hafnað öllum umsóknum um útiræktun erfðabreyttra plantna. Þórunn var einnig spurð hvort hún myndi hvetja sveitarfélög til að lýsa sig svæði án erfðabreyttra lífvera. Það sagði Þórunn vera á valdi sveitarfélaganna sjálfra. - gar

Sautján milljónir söfnuðust í fjáröflunarkvöldverði:

Ellefu listaverk boðin upp í þágu barna

FÓLK Sautján milljónir króna söfnuðust í fjáröflunarkvöldverði Barnaheilla, Hátíð trjánna – list í þágu barna. Boðin voru upp ellefu listaverk og fékkst hæsta verðið fyrir verkið Skugga eftir Steinunni Þórarinsdóttur, eða 2,5 milljónir króna.

RÉTTINDI BARNA Á hátíð trjánna söfnuðust sautján milljónir króna.

Barnaheill leggja áherslu á réttindi barna hérlendis og erlendis. Á Íslandi leggja samtökin mesta áherslu á baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, geðheilbrigðismál og málefni innflytjenda. Í erlendum verkefnum er áherslan lögð á grunnmenntun barna og styðja samtökin verkefni í Kambódíu og Norður-Úganda.

Um 190 manns nutu veglegrar dagskrár kvöldsins, þar sem boðið var upp á kvöldverð og skemmtidagskrá. Heiðursgestur kvöldsins var Sir Mike Aaronson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Barnaheilla í Bretlandi. - eb

Í VERKFALLI Lestarstarfsmenn veifuðu blysum og hrópuðu slagorð á götum Parísar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkföll lama Frakkland

Verkalýðsfélög hóta að fara í hart í deilu um lífeyrisréttindi sem stjórnvöld vilja afnema. Almenningsálitið í Frakklandi virðist vera stjórnvöldum í vil.

FRAKKLAND, AP Samgöngur í Frakklandi voru víða lamaðar í gær vegna verkfalla starfsfólks lesta, bensín- og rafmagnsfyrirtækja. Verkalýðsfélög hóta því að kalla til ótímabundins verkfalls þar sem verði kosið um áframhald þess daglega.

Ástæða verkfallsins er deila milli stjórnvalda og verkalýðsfélaga um eftirlaunaréttindi. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti vill hrinda í framkvæmd umbótum sem fela í sér breytingar á ýmsum sérréttindum sem verið hafa við lýði í yfir 50 ár. Þar má nefna að eftirlaunaaldur starfsmanna í samgöngugeiranum hefjist eftir 40 ára starfsævi í stað 37,5 ára eins og lögin kveða nú á um. Þessi breyting myndi ná til um hálfrar milljónar manna.

Fyrstu verkföllin hófust á þriðjudagskvöld þegar starfsmenn lestarfyrirtækisins SNCF lögðu niður vinnu. Aðeins 90 af 700 lestum fyrirtækisins gengu samkvæmt áætlun. Stúdentar mótmæltu einnig umbótum sem Sarkozy vill gera á háskólum og lokuðu fyrir aðgengi að 35 af 85 háskólum landsins.

Ekki voru allir Frakkar sáttir við þessar víðtæku aðgerðir sem komu niður á samgöngum og háskólalífi Frakklands. „Ekki er nóg með að það tók mig einn og hálfan tíma að komast hingað heldur kemst ég núna ekki inn," sagði laganeminn Michael David við fjölmiðla fyrir utan háskólann sinn.

Skoðanakannanir benda til þess að almenningsálitið sé Sarkozy í vil í þessari verkfallsdeilu þar sem flestir virðast sammála honum um að eftirlaunaréttindin sem um ræðir séu úrelt, ósanngjörn og of dýr.

sdg@frettabladid.is

Indverji lamaðist og missti heyrn:

Giftist tík til að aflétta bölvun

INDLAND, AP Karlmaður í suðurhluta Indlands giftist tík í tilraun til að aflétta bölvun sem hann telur að hvíli á sér eftir að hann grýtti tvo hunda til dauða.

Ættingjar brúðgumans völdu flækingstíkina Selvi sem brúði að því er dagblaðið Hindustan Times greindi frá.

Selvakumar segist hafa þjáðst frá því hann grýtti tvo hunda til dauða og hengdi hræ þeirra upp í tré fyrir fimmtán árum. „Eftir það lamaðist ég á höndum og fótum og missti heyrn á öðru eyra."

BRÚÐHJÓNIN Hjátrúarfullir íbúar í afskekktum héruðum Indlands trúa því að aflétta megi bölvun með því að giftast dýri. NORDICPHOTOS/AFP

Stjörnuspekingur sagði að eina ráðið til að lækna kvillana væri að giftast hundtík. - sdg

Veisla alla daga

Rauðará býður upp á þriggja rétta veislumáltíðir alla daga vikunnar

Steikarveisla

Forréttur: Blandaður skelfiskur í skel ásamt ricottaosti og kóríandersósu

Aðalréttur: Eldsteikt lambafille með gratineruðum kartöflum og rauðvínssósu eða nautapiparsteik með piparsósu

Desert: Ítölsk ostaterta í bolla með ferskum jarðarberjum

Villibráðarveisla

Forréttur: Grafin gæsabringa með bláberja balsamic ásamt andalifrarmús og rauðvínssoðnum lauk

Aðalréttur: Hreindýramedalíur með gamaldags rjómasósu

Desert: Heilög þrenning, eplapie, eplamuffin og tartar tartín

Humarveisla

Forréttur: Grillaður humar í skel með villisveppa rísottó

Aðalréttur: Surf'n turf (nautalund og humar)

Desert: Heit súkkulaðiterta með vanilluís og jarðarberjasósu

Ástríðufullur veitingastaður með fersku yfirbragði

JÓLAHLAÐBORÐ Á RAUÐARÁ

Örfá sæti laus

Hægt er að leggja inn pantanir á jólahlaðborð í síma 562 6766. Einnig er hægt að panta borð í tölvupósti á raudara@simnet.is

RAUÐARÁ
RESTAURANT
RAUÐARÁRSTÍG 37
SÍMI 562 6766
WWW.RAUDARA.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/RAU 39988 10/07

BYKO Kauptúni er opið alla daga

Virka daga frá kl. 8-20
Laugardaga frá kl. 9-18
Sunnudaga frá kl. 11-17

Opnunartilboðin í fullum gangi

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Á NÝRRI VERSLUN BYKO Í KAUPTÚNI

VIÐ ÖLLU BÚINN Það er engu líkara en Vladimír Lenín hafi hnoðað sér snjóbolta þar sem hann stendur í styttulíki í Kíev, höfuðborg Úkraínu. NORDICPHOTOS/AFP

Viðskiptaráðherra boðar aukna styrki til að greiða fyrir vöruflutningum út á land:

Flutningsstyrkir víða um land

STJÓRNMÁL Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að veittir verði tímabundnir styrkir til vöruflutninga í fleiri landshluta en til Vestfjarða sem þegar er kveðið á um í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Þetta kom fram í svari Björgvins við fyrirspurn Birkis Jón Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokks, á Alþingi í gær.

Birkir Jón sagði flutningskostnað á norðausturhorn landsins vera hærri en til Vestfjarða. Gleðilegt væri að ríkisstjórnin ætlaði að leggja 150 milljónir króna til að lækka flutningskostnað Vestfirðinga. „En við hljótum að velta því fyrir okkur í ljósi jafnræði íbúa hér á landi hvort það sama eigi ekki að gilda um önnur svæði sem glíma við sambærileg vandamál og Vestfirðingar," sagði Birkir.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON Viðskiptaráðherra veitir flutningsstyrki víðar en á Vestfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björgvin sagði starfshóp samgönguráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis eiga að útfæra frekar flutningsjöfnuð. „Þetta er viðurkenning á þeim vanda sem flutningsjöfnun og flutningskostnaður á landsbyggðina svo sannarlega er," sagði ráðherrann, sem kvað bættar samgöngur þó bestu lausn vandans.

Þá vildi Birkir vita hvort afnám flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara myndi hafa áhrif á verð á dísilolíu og bensíni á Þórshöfn á Langanesi. Viðskiptaráðherra sagði að hætt væri við afnám sjóðsins við núverandi aðstæður. - gar

Maður á þrítugsaldri:

Elti og lúbarði tólf ára dreng

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að misþyrma tólf ára dreng.

Maðurinn elti drenginn við Sandgerðisskóla. Þegar hann náði drengnum réðst hann á hann með höggum í höfuðið. Drengurinn hlaut talsverða áverka í andliti og á handlegg sem hann bar fyrir sig til að verjast höggunum. Hann var bólginn, marinn og með eymsli eftir högg mannsins. Atburðurinn átti sér stað í nóvember á síðasta ári. Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar. - jss

FRÁ GRUNDARFIRÐI Sautján skip hafa stundað síldveiðarnar til þessa af þeim 28 sem úthlutað var kvóta. Allt að tíu skip hafa verið á veiðum á litlu svæði á hverjum tíma. MYND/SVERRIR KARLSSON

Síldarskipin fá risaköst í Grundarfirði

Mikil síldveiði hefur verið í Grundarfirði frá því í byrjun október. Júpiter ÞH fékk kast nýlega sem jafngildir einu prósenti af útgefnum kvóta. Síldveiði hefur ekki lengi verið svo mikil vestra.

SJÁVARÚTVEGUR Júpiter ÞH fékk nýlega 1.500 tonna síldarkast í Grundarfirði sem er eitt prósent af 150 þúsund tonna aflamarki í íslenskri sumargotsíld. Mokveiði er hjá skipunum og megnið af 44 þúsund tonna síldarafla þessa fiskveiðiárs hefur verið veitt í firðinum. Aðeins er tekið á móti síld til vinnslu á Austurlandi og í Vestmannaeyjum, sem þýðir miklar siglingar fyrir skipin. Sumargotsíldin veiddist aðallega fyrir sunnan land á síðustu vertíð og eru það nýmæli að svo mikil veiði sé við Vesturland.

ÓLAFUR EINARSSON

Ólafur Einarsson, skipstjóri á Júpiter ÞH, segir að mokveiði hafi verið á miðunum við Grundarfjörð í síðustu veiðiferð, enda hafi þeir fyllt lestar skipsins í einu kasti. „Þetta voru örugglega eitthvað um 1.500 tonn en við tókum 800. Það sem af gekk fór um borð í Hugin og Bjarni Ólafsson." Ólafur segir að vel gangi hjá skipunum ef þeir sleppa við að rífa nótina. „Þar sem veiðin er núna er tíu til tólf faðma dýpi en við erum með nót sem er um 100 faðmar. Það eru því margir sem lenda í að rífa veiðarfærin."

Það er ekki vinsælt hjá skipstjórum síldarskipanna að fá risaköst eins og það sem Júpiter fékk. „Það kemur fyrir að menn fá svona stór köst en það er oftar en ekki að nótin rifnar og slitnar. Þetta er oft ekkert nema bras og það var meira í nótinni hjá okkur en við náðum að dæla."

Júpiter var að landa í Vestmannaeyjahöfn þegar Fréttablaðið náði tali af Ólafi. Aðeins er tekið á móti síld til vinnslu í Vestmanneyjum og nokkrum Austfjarðahöfnum. Stímið hjá skipunum frá Grundarfirði og austur er um og yfir þrjátíu klukkustundir en Haraldur Jörgensen hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað segir að nýir síldarbátar með kælilestar tryggi gott hráefni.

Síld hefur ekki veiðst lengi fyrir Vesturlandi í eins miklu magni og á yfirstandandi vertíð. Í fyrra veiddist síldin aðallega á svæðinu frá Hrollaugseyjum vestur að Reykjanesi eða 81 þúsund tonn. Í bergmálsmælingum Hafrannsóknastofnunarinnar í janúar varð einungis vart við síld við sunnarvert Snæfellsnes og í Grundarfirði, en hvorki fannst þá síld fyrir austan né á aðalsvæði vertíðarinnar í fyrra fyrir sunnan land. Þá mældust um 618 þúsund tonn í Grundarfirði af 785 þúsund tonnum sem mældust af fullorðinni síld. Helst er talið að síldin haldi sig í kaldari sjó við Vesturland en er á hefðbundnari veiðisvæði. svavar@frettabladid.is

JÚPITER ÞH Júpiter ÞH að leggja að bryggju í Vestmannaeyjahöfn með rúmlega 800 tonn af síld. Veiðin fékkst í einu kasti á miðunum í Grundarfirði. MYND/ÓSKAR

Áfram Ragna!

Ragna Ingólfsdóttir vann á dögunum frækna sigra á tveimur alþjóðlegum badmintonmótum og óskum við henni til hamingju með frábæran árangur.

Með sama áframhaldi eru líkur á að Ragna tryggi sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Peking á næsta ári. Það er SPRON sönn ánægja og mikill heiður að geta veitt Rögnu stuðning á þeirri leið.

75 ára | spron

ARGUS / 07-0885

UNNIÐ Í HÁLOFTUNUM Verkamenn við störf á byggingarsvæði í Dubai sem er eitt af Sameinuðu furstadæmunum. Gífurleg uppbygging hefur átt sér stað í furstadæminu síðustu ár. NORDICPHOTOS/AFP

Rjúpnaveiðin hefur verið dræm það sem af er tímabilinu vegna tíðarfars:

Veiðimaður telur nóg af rjúpu

RJÚPNAVEIÐI Rjúpnaveiði hefur verið dræm það sem af er veiðitímabilinu, að sögn Hávars Sigurjónssonar, upplýsingafulltrúa hjá Umhverfisstofnun, og kennir tíðarfarinu helst um. Um tíu þúsund hafa endurnýjað veiðikortið sitt en engar marktækar tölur eru til um veiðina það sem af er. Tvær helgar eru eftir af tímabilinu.

Dagbjartur Jónsson er rjúpnaskytta og hreindýraleiðsögumaður í Fellabæ. Hann skreppur í veiði í nokkra klukkutíma í senn, ýmist einn eða með konunni sinni. Hafa þau veitt samtals ellefu rjúpur og þurfa tvær til þrjár í viðbót til að eiga í jólamatinn.

Dagbjartur segir að rjúpan hafi veiðst ágætlega fyrir austan en tekur fram að hann komist í veiði á heimalandi þar sem ekki séu fleiri veiðimenn. „Þannig að ég er ekki mjög strekktur yfir þessu. Ég skrepp bara í nokkra klukkutíma og fer svo að gera eitthvað annað. Þetta er ekki labb allan daginn eins og hjá flestum," segir hann.

Dagbjartur hefur séð lítið af rjúpu en telur ástæðuna þá að lítil snjóföl hafi verið yfir og því hafi rjúpan dreifst um allt. Nóg sé af henni. „Ég veiði sjálfur fyrst og fremst í kjarri og það er svo sem alltaf eitthvað af rjúpum þar," segir hann. - ghs

DAGBJARTUR JÓNSSON Skreppur í nokkra klukkutíma og fer svo að gera eitthvað annað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sextán ára sænskur drengur:

Í haldi fyrir að hóta rektor

SVÍÞJÓÐ, AP Annar tveggja drengja sem voru handteknir 9. nóvember fyrir morðhótun í garð rektors gagnfræðaskóla í Stokkhólmi er enn í varðhaldi.

Saksóknarar óskuðu eftir varðhaldi yfir drengnum, sem er sextán ára gamall, á grundvelli hótana og skipulagningar á morði en dómstóll úrskurðaði að ekki væru næg sönnunargögn fyrir því að drengurinn hefði verið að skipuleggja morð samkvæmt sænskum fjölmiðlum.

Hinum drengnum, sem er sautján ára, var sleppt úr haldi lögreglu um helgina en liggur þó áfram undir grun. - sdg

Líkamsárás í Snæfellsbæ:

Nefbrotinn á heimili sínu

DÓMSMÁL Líkamsárásarmál gegn tæplega þrítugum karlmanni var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

Manninum er gefið að sök að hafa veist að karlmanni í maímánuði og veitt honum nokkur hnefahögg í höfuð og andlit með þeim afleiðingum að gleraugu brotaþola brotnuðu auk þess sem hann hlaut mikið glóðarauga og nefbrotnaði.

Samkvæmt ákæru málsins gerðist þetta á heimili brotaþola í Snæfellsbæ, eftir að gestgjafa og eiginkonu hins ákærða hafði lent saman. Eiginmaðurinn reyndi að verja heiður konu sinnar með fyrrgreindum afleiðingum.

Ákæruvaldið krefst refsingar yfir hinum ákærða en auk þess krefst brotaþoli skaðabóta upp á tæpar fjögur hundruð þúsund krónur. - æþe

Stjórnmál í Þýskalandi:

Müntefering fer úr stjórninni

ÞÝSKALAND, AP Franz Müntefering, varakanslari og oddviti jafnaðarmanna í ríkisstjórnarsamstarfinu við kristilega demókrata í Þýskalandi, hefur boðað afsögn sína.

FRANZ MÜNTEFERING

Með brottför hans úr stjórninni missir Angela Merkel kanslari mikilvægan bandamann, en Müntefering hefur verið lykilmaður í að leysa ágreining sem upp hefur komið í stjórnarsamstarfinu.

Müntefering hættir líka sem atvinnumálaráðherra. Afsögnin kemur til „eingöngu af fjölskylduástæðum" að því er talsmaður ráðuneytis hans sagði. Nánari skýringar fylgdu ekki en eiginkona hans er með krabbamein. - aa

Brenna sundur skip og flytja málminn út

Fyrirtækið JPP er byrjað að rífa niður gömul skip í Krossanesi við Akureyri. Skip hafa hingað til verið dregin úr landi fyrir lítið. Svefn- og mataraðstaða verkamanna fyrirtækisins er um borð í togara sem lagt hefur verið í höfninni.

IÐNAÐUR Brotajárnsvinnsla er hafin í Krossanesi við Akureyri þar sem fyrirtækið JPP er byrjað að búta niður togarann Hegranes SK-2. Fyrirtækið hefur fest kaup á Samherjatogaranum Margréti EA-71 sem lagt hefur verið við bryggjuna í Krossanesi. Margrétin, sem lengi hefur legið í höfn á Akureyri, mun hýsa starfsmenn fyrirtækisins í Krossanesi en um borð í skipinu verður einnig birgðastöð og skrifstofur. Brotamálmurinn verður seldur til Svíþjóðar til bræðslu. Um 25 starfsmenn munu starfa í Krossanesi.

Jón Pétur Pétursson, eigandi JPP, segir hugmyndina komna frá sænskum samstarfsmönnum fyrirtækisins og hún sé ekki ný af nálinni. „Þeir hafa lengi hvatt mig til að brenna niður skip hérna á Íslandi. Þeir voru mjög hissa á því að skip væru dregin úr landi og á síðustu árum hafa hundruð þúsunda tonna farið úr landi fyrir skít og kanill." Jón Pétur tekur dæmi af skipi sem dregið var frá Íslandi fyrir lítið og aðalvél þess síðan seld hingað aftur til landsins fyrir meira virði en allt skipið kostaði við söluna úr landi. Jón Pétur segir að við niðurrif skipanna falli til búnaður eins og vélar, spil og fiskleitartæki sem hann hyggist selja á netinu.

Jón Pétur segir að hafnaryfirvöld á Akureyri og bæjarstjórn hafi tekið hugmynd hans um brotajárnsvinnslu afar vel og aðstaðan í Krossanesi hafi fengist með litlum fyrirvara. „Við erum nú þegar í viðræðum við eigendur skipa um allt land og eigum von á tveimur bátum frá Bolungarvík á næstunni, sem verða hlaðnir af öðrum brotamálmi."

FRÁ KROSSANESI Margrétin liggur við bryggjuna og Hegranesið utan á. Um þrjár vikur tekur að rífa Hegranesið niður og falla til um 800 tonn af málmi. MYND/HEIDA.IS

Þegar hafa verið ráðnir fjórtán Litháar og einn Pólverji til að vinna við niðurrif skipanna og Jón Pétur hyggst ráða átta starfsmenn til viðbótar. „Þetta eru menn sem eru vanir að rífa niður verksmiðjur og skip ytra. Það er nauðsynlegt að hafa vana menn við þetta af því að efnið sem notað er við vinnuna er dýrt og nauðsynlegt að nýta það vel."

Jón Pétur segir að í höfnum landsins liggi tugir skipa og minni báta sem hafi verið afskráðir og bíði þess að vera seldir úr landi; margir hverjir til niðurrifs. Samkvæmt aðalskipaskrá Siglingastofnunar var afskráð 171 þilfarsskip á árunum 2003 til 2006 sem voru samtals rúmlega 55 þúsund brúttótonn. Einnig voru afskráðir 220 opnir bátar á sama tímabili.

JÓN PÉTUR PÉTURSSON Eigandi fyrirtækisins JPP segist eiga í viðræðum við eigendur skipa um allt land um brotajárnsvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

svavar@frettabladid.is

Sjúkrahús í Finnlandi búa sig undir að missa þúsundir hjúkrunarfræðinga:

Neyðarástand eftir tvær vikur

FINNLAND Stóru sjúkrahúsin í Finnlandi búa sig nú undir að hjúkrunarfræðingar og annað umönnunarstarfsfólk hætti störfum eftir helgi með því að loka deildum, flytja og senda heim sjúklinga. Í gær voru fyrstu tvær barnshafandi konurnar sendar til Svíþjóðar. Búist er við að neyðarástand verði ríkjandi á sjúkrahúsum landsins eftir tvær vikur.

Rúmlega tólf þúsund umönnunarstarfsmenn hafa sagt upp starfi sínu og koma til með að ganga út af sjúkrahúsunum í Finnlandi á þriðjudaginn í næstu viku, um mánaðamótin og um miðjan desember. Tehy, stéttarfélag umönnunarstétta, hefur lýst yfir að 3.600 starfsmenn til viðbótar séu reiðubúnir að segja upp nái samninganefndirnar ekki samkomulagi. Uppsagnirnar nái þá til fleiri sjúkrahúsa en áður.

Eistneskir hjúkrunarfræðingar höfðu verið ráðnir til starfa í Finnlandi en munu ekki koma. Stéttarfélag þeirra hefur lýst yfir stuðningi við Tehy.

Finnska þingið er með til umfjöllunar frumvarp sem tryggir nægilegan fjölda hjúkrunarfræðinga í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt því myndi fimmti hver hjúkrunarfræðingur vera skyldugur til að snúa aftur til vinnu, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.

VIÐ FINNSKA ÞINGIÐ Hjúkrunarfræðingar skríða hér upp tröppurnar að þinghúsinu í Helsinki til að vekja athygli á kjarabaráttu sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Kjaraviðræður eru í fullum gangi og er ekki gefið upp hvar samninganefndir hittast eða hvenær. Kirsti Viljakainen, forsvarsmaður Tehy, telur að lagasetningin muni draga úr vilja heilbrigðisyfirvalda til samninga, segir í Hufvudstadsbladet. - ghs

SMÁRALIND
KYNNIR NÝJA VERSLUN
SEM OPNAR Á MORGUN

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

„ORÐRÉTT“

Ósanngjarnt

„Á sama tíma og stjórnvöld hafa hækkað skatta virðast þau gera þá kröfu að félagasamtök [...] bjóði upp á velferðarþjónustu til að aðstoða stjórnvöld við sín útgjöld.“

RAGNAR GUNNAR ÞÓRHALLSSON, FORMAÐUR SJÁLFSBJARGAR.
Fréttablaðið, 14. nóvember

Vaxandi vinsældir

„Það hljómar kannski sársaukafullt en er það ekki.“

HAFRÚN MARÍA ZSOLDOS SNYRTIFRÆÐINGUR UM BRASILÍSKT VAX, ÞAR SEM VAX ER NOTAÐ TIL AÐ FJARLÆGJA ÖLL LÍKAMSHÁR Í KRINGUM KYNFÆRI. ÞAÐ NÝTUR AUKINNA VINSÆLDA HJÁ KÖRLUM.
Fréttablaðið, 14. nóvember

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KRISTÍN HREFNA HALLDÓRSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Líður best þegar ég hef nóg að gera

„Það er allt frábært að frétta,“ segir Kristín Hrefna Halldórsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna í Reykjavík. „Ég tók við starfinu um síðustu mánaðamót og eins og gefur að skilja er mjög mikið að gera í vinnunni hjá mér um þessar mundir. Ég er að vinna að mörgum góðum verkefnum með borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna.“

Auk vinnunnar leggur Kristín Hrefna stund á stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Það eru því fá kvöld sem eru laus til þess að slappa af með fæturna upp í loft. Það er líka ágætt enda eiga fæturnir heima á jörðinni og mér líður best þegar ég hef nóg að gera.“

Aðspurð hvort hún hafi eitthvað ferðast út fyrir landsteinanna undanfarið segist Kristín Hrefna hafa sótt Pólland heim fyrir skömmu. „Ég var í Kraká í góðum félagsskap og skemmti mér mjög vel. Það eftirminnilegasta við Póllandsferðina er líklega heimsókn í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz og Birkenau en það hafði mikil áhrif á mig að heimsækja þennan hræðilega stað.“

Kristín Hrefna segir margt spennandi fram undan og býst við fjörugri helgi. „Ég er svo heppin að hafa tækifæri til þess að fást við að fjölmarga hluti og er meðal annars að þjálfa frábæran fimleikahóp sem er að fara að keppa um næstu helgi. Þannig að ég á von á því að sunnudagurinn verið undirlagður skrúfum, flikkflökkum og skemmtilegum danssporum.“

VODKA:

LANDI Í AUSTUR-EVRÓPU

Upphaflega var vodka landi Austur-Evrópubúa, eða sá drykkur sem bændur eimuðu úr tiltæku hráefni. Helst var notast við rúg, en fátækari bændur þurftu að nota kartöflur. Kartöflur voru helst notaðar ef ekki var völ á korni. Vatn er yfirleitt um 60 prósent af rúmmáli vodka. Best er þegar notað er vatn sem er hreint og mjúkt, og ber ekki í sér nein efni sem geta haft áhrif á bragð eða útlit. Samkvæmt stöðlum ESB er lágmarksstyrkleiki á vodka 37,5 prósent vínandi miðað við rúmmál.

Listir í gömlu sláturhúsi

„Bærinn keypti sláturhúsið um síðustu áramót en þá var það búið að fara fram og til baka í bæjarstjórn. Það var mikil pressa frá fólki í menningargeiranum því að það vantaði svona miðstöð,“ segir Kristín Scheving, framkvæmdastjóri Sláturhúss menningarseturs sem er að taka til starfa á Egilsstöðum.

Kristín hefur verið framkvæmdastjóri Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs í tæp tvö ár og er nú líka framkvæmdastjóri Sláturhússins, sem er yfir 2.000 fermetra húsnæði á besta stað á Egilsstöðum. Sláturhúsið var búið að standa autt í fimm ár þegar það var keypt í fyrra. Sláturhúsið verður viðbót í menningarlífinu á Fljótsdalshéraði því verið er að byggja Menningarhús Fljótsdalshéraðs, sviðslistahús og ráðstefnuhús við ráðhúsið.

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs verður hins vegar til húsa í gamla sláturhúsinu og vonast Kristín til að þar verði líka vinnustofur listamanna, gallerí og stórir viðburðir eins og Kvikmyndahátíðin 700IS Hreindýraland og atvinnuleikhópurinn Frú Norma ásamt öðrum smærri viðburðum og sýningum. „Þegar er mikið sótt í að vera með sýningar, uppistanda og alls konar gjörninga,“ segir Kristín.

Sláturhús menningarsetur er einkahlutafélag undir stjórn fimm manna. Stefnt er að því að félagið verði að hluta til í eigu bæjarins og að hluta einkaaðila. „Þeir vilja að þetta rúlli áfram og verði ekki baggi á bænum,“ segir hún og telur mjög gefandi að sitja á fundum með fólki úr viðskiptalífinu. „Á þessum fundum fljúga alls konar hugmyndir. Það er rosaleg innspýting fyrir þetta verkefni að fá sterka aðila úr viðskiptalífinu til þátttöku. Við vonumst til að fá fleiri til liðs við okkur og fá þannig fjármagn inn í verkefnið,“ segir Kristín.

Verkefnið er þegar byrjað en starfsemin og framkvæmdir við sláturhúsið sjálft eru á langtímaáætlunum til 2012. Framkvæmdir eru fram undan. „Húsið var fullt af drasli þegar við fengum það afhent og við erum núna að rýma það en það var aðallega notað fyrir geymslur og líka sem eggjaframleiðsla og ullarframleiðsla. Menningarsetrið verður í öllu rýminu.“

„Fyrst ætlum við að taka neðri hæðina í gegn en þar verður menningarhátíð ungs fólks, aðstaða fyrir ýmsa hópa og æfingahúsnæði fyrir tónlistarfólk. Það þarf að setja lyftu í húsið, laga það að utan og klæða það. Við ætlum að gefa þessu tíma og rjúkum ekki í að laga allt núna strax. Fyrir utan sláturhúsið er líka risastór braggi sem fylgir. Í framtíðinni verður byggður upp nýr miðbær á þessu svæði og þá vonum við að fólk geti komið hingað á kaffihús og sest, þetta verði staður fyrir fólk að hittast.“

Kristín hefur búið lengi erlendis og segir að þar megi víða finna skemmtileg rými fyrir listastarfsemi í gömlu iðnaðarhúsnæði. „Í Liverpool er gamalt hafnarsvæði sem var gert upp og breytt í gallerí, kaffihús og vinnustofur. Sláturhúsið verður minni útgáfa af slíku svæði en eigi að síður mjög skemmtilegt. Það er ótrúlegur kraftur í listalífinu hérna. Viðtökurnar við Sláturhúsinu hafa verið mjög góðar en það þarf að gefa þessu tíma. Markhópurinn er lítill en það er alltaf fullt á öllum opnunum. Fólk er greinilega ánægt með þetta starf.“ **ghs@frettabladid.is**

AÐ ERLENDRI FYRIRMYND „Í Liverpool er gamalt hafnarsvæði sem var gert upp og breytt í gallerí, kaffihús og vinnustofur. Sláturhúsið verður minni útgáfa af slíku svæði,“ segir Kristín Scheving, framkvæmdastjóri Sláturhúss menningarseturs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SJÓNARHÓLL

NÝLEGUM BÍLUM HENT Á HAUGANA

Kálfur launar sjaldan ofeldið

HERBERT GUÐMUNDSSON Tónlistarmaður

„Mér finnst við bara vera að bruðla. Við erum vanþakklát þjóð og kunnum ekki að meta hvað við erum gæfusöm, hvað hér er hreint vatn og ferskt loft og hvað við höfum það reglulega gott miðað við margar aðrar þjóðir,“ segir Herbert Guðmundsson tónlistarmaður um fréttir af því að sífellt yngri bílum er hent á haugana.

„Mér finnst að menn eigi að nýta betur hlutina og nota bílana lengur. Þetta er bara nákvæmlega eins og með skóna. Frændi minn var skósmiður á Akureyri og þurfti að hætta rekstri vegna þess að fólk var hætt að láta gera við gömlu skóna sína, heldur henti þeim bara og fékk sér nýja,“ segir Herbert.

„Sjaldan launar kálfur ofeldið. Hér er fólk ofdekrað af lífsgæðunum og kann ekki lengur að meta hlutina. Menn eru hreinlega að drukkna í lífsgæðakapphlaupinu. Við Íslendingar verðum að staldra við og læra að meta hvað við höfum það gott hér á landi.“

Alþingismenn létu mæla blóðsykur sinn í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra:

Þingmenn í sykurmælingu

Alþingismenn og starfsmenn Alþingis létu mæla blóðsykur sinn í Kringlunni í Alþingishúsinu í gær í tilefni af alþjóðadegi Samtaka sykursjúkra. Gestir og gangandi gátu einnig fengið slíka mælingu bæði í Kringlunni og Smáralind.

Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur síðan árið 1991 en í ár var hann í fyrsta sinn viðurkenndur sem einn af hátíðisdögum Sameinuðu þjóðanna. Í tilefni þess voru stórhýsi um allan heim lýst með bláum lit og hlaut Höfði þann heiður hérlendis. Einnig var um heim allan safnað fé til styrktar börnum sem ekki hafa aðgang að insúlíni. **- sh**

SPENNTUR? Af svip Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra má ráða að honum hafi ekki verið sérlega gefið um mælinguna. Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslyndra, bíður spenntur eftir sinni niðurstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinnuúlpur	**3.000 kr.**
Vinnubuxur	**2.000 kr.**
Flíspeysur	**1.500 kr.**
Stuttermabolir	**500 kr.**

Vinnuföt –lagersala

á 2. hæð Faxafeni 12

fimmtudag, föstudag og laugardag

Vinnuskór	**2.000–4.000 kr.**
Stígvél	**1.500 kr.**
Sokkar	**500 kr.**

...og fullt af öðrum vinnufatnaði!

Faxafen 12 - Reykjavík

Opið fimmtudag og föstudag kl. 9-18 og laugardag kl. 10-16.

66° NORÐUR

Svona erum við

> Háskólamenntaðir leikskólakennarar á Íslandi



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÍSLENSK SUMARGOTSSÍLD

Stofninn nálægt sögulegu hámarki

Síldveiðar í Grundarfirði hafa verið töluvert í fréttum að undanförnu. Síldveiðiskipin hafa gengið að síldinni vísri á litlu svæði og í janúar mældi Hafrannsóknastofnun meginhluta hrygningarstofnsins í Grundarfirði eða rúmlega 600 þúsund tonn. Bátarnir eru að fá risaköst og veiðst hafa 44 þúsund tonn af 150 þúsund tonna heildarkvóta síðan í byrjun október.

Í hvaða ástandi er síldarstofninn?
Samkvæmt bæði stofnmatslíkönum og bergmálsmælingum er mat á stærð stofnsins nú svipað og á síðasta ári, eða í sögulegu hámarki. Hrygningarstofninn er talinn vera 753 þúsund tonn. Síld er fisktegund sem finnst beggja vegna Atlantshafsins þar sem hún safnast í stórar torfur eða flekki. Síld er algengasta fisktegund í heimi.

Á hverju lifir síldin?
Aðalfæða síldar er ýmiss konar sviflæg smákrabbadýr svo sem rauðáta en einnig ljósáta, loðna, sandsíli og lirfur þessara fiska. Síldin eltir rauðátuflekki. Þegar þörungar blómstra og smákrabbadýr eins og rauðáta hafa nóg æti er fæða fyrir síld nánast ótakmörkuð. Þess vegna getur síldin safnast saman í stóra flekki eða torfur og eru margir einstaklingar á litlu svæði.

Hvar veiðist síldin helst við Ísland?
Það sem greindi síðustu vertíð frá fyrri vertíðum var hinn mikli afli undan suðurströndinni, en alls veiddust um 81 þúsund tonn á svæðinu frá Hrollaugseyjum vestur að Reykjanesi. Um 98 prósent þess afla var tekinn í nót, en hlutdeild flotvörpunnar í heildarveiði vertíðarinnar var með minnsta móti eða um 21 prósent. Veiðin undan austurströndinni, þar sem veiði var mest eftir að hún tók að veiðast að nýju í einhverju magni, var minni en undanfarin ár eða um 24 þúsund tonn og um 30 þúsund tonn veiddust fyrir vestan land. Síldveiðar Íslendinga hafa frá 1970 byggst á sumargotsíld en einnig hafa verið við Ísland stofnarnir vorgotsíld og norður-íslenski síldarstofninn.

SPURT & SVARAÐ
RASK VIÐ SKORRADALSVATN

Of miklar sveiflur

VALGEIR HALLVARÐSSON
Verkfræðingur

Sumarhúsaeigendur við Skorradalsvatn eru óánægðir með Orkuveitu Reykjavíkur, en þeir segja sveiflur á hæð vatnsborðs valda miklu umhverfisraski og tjóni á bátum við vatnið. Valgeir Hallvarðsson er formaður félags sumarbústaðaeigenda í Vatnsendahlíð.

Hefur þetta valdið miklu tjóni?
Þeir sem hafa lent í að bátar fara í kaf þeir hafa vissulega orðið fyrir tjóni.

Hvað gæti Orkuveitan gert til að koma í veg fyrir það?
Orkuveitan á að reyna að halda yfirborði vatnsins í sem jafnastri hæð allt árið um kring. Það er lækkað um of á vorin og hækkað um of á haustin. Það hlýtur að vera hægt að stýra sveiflunum betur.

Hver verða ykkar næstu skref ef ekkert verður að gert?
Við munum funda innbyrðis og ákveða það í sameiningu. Það er til samningur á milli landeigenda og Orkuveitunnar og sá samningur kveður á um að yfirborði vatnsins skuli haldið í sem jafnastri hæð.

Fogh leitar breiðs samstarfs

Danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen getur stjórnað áfram þar sem flokkarnir að baki ríkisstjórn hans héldu eins þingsætis meirihluta að meðtöldum öðrum tveggja fulltrúa Færeyinga í þingkosningunum á þriðjudag.

FOGH SÁTTUR Þótt Venstre hafi tapað fimm þingsætum hafði Anders Fogh Rasmussen, hér á meðal annarra flokksleiðtoga á kosninganótt, ástæðu til að brosa breitt. NORDICPHOTOS/AFP

Fogh hefur hins vegar sagt að hann vilji hafa „breitt samstarf“ um stjórnarstefnuna sem þýðir að hann mun leita stuðnings Nýs bandalags, sem fékk fimm þingmenn kjörna. Þær samningaumleitanir kunna að verða snúnar þar sem það andar köldu á milli leiðtoga Nýs bandalags og Danska þjóðarflokksins.

Kjærsgaard hirtir Khader

Pia Kjærsgaard, formaður Danska þjóðarflokksins sem staðið hefur að baki ríkisstjórn Venstre og Íhaldsflokksins síðustu tvö kjörtímabil án þess að eiga beina aðild að henni, dró enga dul á að hún kærði sig ekki um að Naser Khader, formaður Nýs bandalags, fengi að hafa nokkur áhrif á stjórnarstefnuna fyrst meirihlutinn hélt velli. Sú staðreynd að Danski þjóðarflokkurinn bætti við sig fylgi, einn stjórnarmeirihlutaflokkanna, styrkti Kjærsgaard í þessari kröfugerð. Í sjónvarpsumræðum flokksleiðtoganna á kosninganótt hirti hún Khader fyrir að gerast svo djarfur að setja fram pólitískar kröfur fyrir hugsanlegar viðræður um stuðning Nýs bandalags við stjórnina. „Þér væri nær að taka tillit til vilja kjósenda eins og hann birtist í úrslitunum,“ sagði hún.

Að minnsta kosti framan af kosningabaráttunni beindi Khader mjög spjótum sínum að Danska þjóðarflokknum, einkum og sér í lagi stefnu hans í innflytjendamálum. Markmið Nýs bandalags var að „brjóta upp blokkapólitíkina“ og helst gera miðjustjórn mögulega sem ekki væri háð stuðningi Danska þjóðarflokksins. Því markmiði náði flokkurinn semsagt ekki og með því að komast ekki í oddaaðstöðu eins og flestar skoðanakannanir höfðu spáð missti hann af því að komast í samningsstöðu sem hefði gert honum kleift að hafa umtalsverð áhrif á stjórnarstefnuna næstu fjögur árin.

Undir lok kosningabaráttunnar lagði Nýtt bandalag meiri áherzlu á skattalækkanir og opinberaði sig þar með sem borgaralegur flokkur. Yfirlýsing Khaders tveimur dögum fyrir kjördag um að hann hallaðist að því að styðja Fogh Rasmussen til stjórnarforystu festi flokkinn endanlega í sessi sem hluta af „borgaralegu blokkinni“.

Færeyingur til bjargar

Í flokksleiðtogaumræðunum á kosninganótt sagði Fogh Rasmussen sjálfur að hann vildi bíða unz endanleg úrslit lægju fyrir áður en hann ákveddi næstu skref. Eftir að ljóst varð að Edmund Joensen, forseti færeyska Lögþingsins úr Sambandsflokknum, systurflokki Venstre, yrði annar tveggja fulltrúa Færeyinga á danska þinginu lá fyrir að stjórnarmeirihlutinn héldi með 90 þingsætum af 179.

„Ég hef upplýst drottninguna um, að ég talaði nú fyrir hádegi við Edmund Joensen, sem hefur staðfest að hann muni ganga til liðs við þingflokk Venstre. Það þýðir að ríkisstjórnin hefur tryggan stuðning 90 þingmanna og þar að auki hefur Nýtt bandalag sagt að það styðji mig til ríkisstjórnarforystu. Á þeim grunni get ég slegið því föstu, að ríkisstjórnin heldur áfram,“ sagði Fogh Rasmussen við fréttamenn er hann kom út af fundi með Margréti Þórhildi drottningu um hádegisbil í gær.

Um viðræðurnar framundan um hugsanlega aðkomu Nýs bandalags að stjórnarmeirihlutanum sagði Fogh: „Ég hef aldrei sagt að þetta yrði auðvelt, en það er það sem pólitískar viðræður snúast um.“ Hann staðfesti að hann myndi einnig tala við Khader er hann fundaði eftir hádegið með formönnum meirihlutaflokkanna til að fara yfir stöðuna eftir kosningarnar.

Stórtap jafnaðarmanna

Stjórnarandstöðuflokkarnir á vinstri vængnum hlutu samtals 84 þingsæti, að meðtöldum öðrum færeysku fulltrúanna – Högna Hoydal – og báðum fulltrúum Grænlendinga, Juliane Henningsen frá IA og Lars-Emil Johansen frá Siumut. Þau þrjú mynda Norður-Atlantshafs-þingflokkinn.

Jafnaðarmannaflokkurinn hlaut minnsta fylgi í sögu flokksins frá því árið 1906, 25,3 prósent, hálfu prósenti minna en í síðustu kosningum fyrir þremur árum. Úrslitin fyrir þremur árum voru ótvírætt afhroð fyrir flokkinn sem í áratugi hafði vanizt því að vera stærsti flokkur landsins. Enda sagði þáverandi formaður, Mogens Lykketoft, af sér eftir tapið. Núverandi formaður, Helle Thorning-Schmidt, hefur aðeins haft tvö ár til að byggja flokkinn upp á ný. Henni er þó ekki kennt um að flokkurinn skyldi nú fá sína verstu útkomu í 100 ár; öllu heldur er henni þakkað fyrir að vinna vissan varnarsigur; almenn ánægja er innan flokksins með frammistöðu hennar í kosningabaráttunni og þótt hún hafi ekki náð því markmiði að verða forsætisráðherra er almennt álitið að hún hafi fest sig í sessi sem forsætisráðherraefni. „Það gengur bara betur næst,“ sagði hún líka í ávarpi á kosningavöku jafnaðarmanna, við almennan fögnuð viðstaddra.

Það sem bætir annars stemninguna á vinstri vængnum er fádæma gott gengi Sósíalíska alþýðuflokksins, SF, undir forystu Villy Sövndal. Hann nær því tvöfaldaði þingmannafjölda sinn úr 12 í 23. Aftur á móti tapaði Radikale Venstre (RV), sem er frjálslyndur miðjuflokkur sem hallast til samstarfs til vinstri, helmingi þingliðs síns. Sú blóðtaka er ekki sízt rakin til Nýs bandalags, sem þingmenn úr RV áttu frumkvæði að því að stofna, þeirra fremstur Naser Khader.

Skipting þingsæta

Anders Fogh Rasmussen er fyrsti borgaralegi ríkisstjórnarleiðtoginn í Danmörku sem heldur völdum þrjú kjörtímabil í röð. Meirihlutinn að baki ríkisstjórn hans hélt með 90 sætum af 179, að meðtöldum fulltrúa færeyska Sambandsflokksins.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Góður hundur á gott skilið

- Hunda nammi (harðfisktöflur)
- Hunda bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus

BÓNUS

PLEASE
PET NUTRITION

NATURAL 100% PRODUCT

Börn

Herrar

Dömur

Heimilið

Snyrtivörur

Mikið úrval af hlýju og vellíðan

Vorum að fá nýja sendingu af yfirhöfnum fyrir dömur, herra og börn
sem ætla sér að vera úti við í vetur – á verði sem kemur öllum í gott skap.

Alltaf

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA SIA.IS DEB 39728 11.2007

Svona erum við

> Fjöldi og kyn nemenda í verkfræði á Íslandi á árinum 1975 til 2006.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

menntun
nám, fróðleikur og vísindi

NEMANDINN: GÍSLI ÞÓRMAR SNÆBJÖRNSSON RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR

Námið býður upp á marga möguleika

Gísli Þórmar útskrifaðist úr Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn sumarið 2003 með meistaragráðu í rafmagnsverkfræði með sérhæfingu í stýritækni, en hann hafði áður lokið BS-prófi í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands. „Ég valdi námið því það bauð upp á svo marga möguleika að námi loknu. Maður gat meðal annars fengið vinnu innan tölvubransans eða í rafmagnsgeiranum."

Gísli ílengdist í Kaupmannahöfn eftir nám og hóf störf hjá fyrirtækinu MAN-Diesel. „Þar vann ég við að forrita beint á stýrigræjur fyrir stórar dísilvélar og svo var ég farinn að vinna í notendaviðmótspælingum fyrir þetta kerfi."

Gísli fluttist til Íslands í byrjun ársins og hóf þá störf hjá Kögun, þar sem hann vinnur nú að sérlausnum í hugbúnaði frá Microsoft við góðan orðstír.

„Það er mjög mikil eftirspurn eftir verkfræðingum almennt í dag, skilst mér. Núna er mest að gera í öllu tölvutengdu, tæknivæðing er að aukast og nú er kappkostað að gera allt sjálfvirkt og þar komum við að málum með lausnir."

Gísli Þórmar stefnir ekki á frekara nám að svo stöddu. „Nei ég held ekki, það er að minnsta kosti ekki í kortunum eins og er, en maður veit nú svo sem aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér," segir rafmagnsverkfræðingurinn sposkur á svip.

■ **Þjóðleikhúsið**

Fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar

Hinn 16. nóvember verða 200 ár liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, þjóðskáldsins góða og eins fyrsta náttúrufræðings Íslendinga. Af því tilefni verður haldin hátíðarsamkoma í Þjóðleikhúsinu undir heitinu „Þar sem háir hólar". Dagskráin verður sýnd beint í Sjónvarpinu og hefst útsending klukkan 19.30. Samkoman er öllum opin og ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir, en þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í henni þurfa að tilkynna þátttöku sína til miðasölu Þjóðleikhússins.

■ **Háskóli Íslands**

Til heiðurs Guðmundi K. Magnússyni

Haldin verður heiðurssamkoma til heiðurs Guðmundi K. Magnússyni, prófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi rektors, föstudaginn 16. nóvember klukkan 14.00 í hátíðarsal Háskóla Íslands. Lennart Hjálmarsson, prófessor við Háskólann í Gautaborg, Torben Andersen, prófessor við Háskólann í Árósum, og Lars Oxelheim, prófessor við Háskólann í Lundi, flytja erindi auk íslenskra fræðimanna.

■ **Heimspekistofnun Háskóla Íslands**

Heimspeki í skólum

Heimspekistofnun Háskóla Íslands stendur fyrir málþingi um heimspeki í skólum laugardaginn 17. nóvember milli klukkan 10 og 16 í stofu 101 í Lögbergi. Á málþinginu verður rætt um heimspekilegt samræðusamfélag, heimspeki í leik- og grunnskóla og heimspekikennslu í framhaldsskólum.

■ **Háskólinn á Akureyri**

Staða og framtíð líftækni

Ráðstefna um stöðu og framtíð líftækni á Íslandi verður haldin föstudaginn 16. nóvember á vegum viðskipta- og raunvísindadeildar Háskólans á Akureyri. Ráðstefnan fer fram í húsnæði háskólans á Borgum. Markmið ráðstefnunnar er að kynna starfsemi fyrirtækja og háskóla á þessu sviði og ræða um störf, stefnu og þörf fyrir þekkingu og starfsfólk á næstu árum. Háskólinn á Akureyri kynnir nám sem hann býður upp á og rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið við skólann.

■ **Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum**

Áframhaldandi samningur við Reykjavík

Samningur um áframhaldandi samstarf Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um jafnréttisrannsóknir hefur verið undirritaður. Samningurinn felur meðal annars í sér að launakostnaður við starf forstöðumanns Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) deilist jafnt niður á báða aðila næstu fjögur árin. Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum jafnréttisrannsóknum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknum og fræðslu á sviði kvenna- og kynjafræða.

■ **Háskólinn á Bifröst**

Opnar útibú í Vestmannaeyjum

Háskólinn á Bifröst hefur opnað útibú í Vestmannaeyjum sem er í húsnæði Visku, Strandvegi 50. Tilgangur útibúsins er að veita Vestmannaeyingum upplýsingar um námsframboð Háskólans á Bifröst. Þá munu Háskólinn á Bifröst og menntastofnanir í Vestmannaeyjum vinna sameiginlega að aukinni kennslu og annarri starfsemi í Eyjum, en nú stunda á þriðja tug Eyjamanna nám við háskólann, í staðnámi og fjarnámi.

■ **Skálholt**

Í tilefni nýrrar biblíuþýðingar

Á Degi hinnar íslensku tungu næstkomandi föstudag verður efnt til málþings í Skálholti í tilefni hinnar nýju Biblíuþýðingar. Málþingið hefst klukkan 19.45 og lýkur með hátíðarkvöldverði á laugardag. Málþingið er samstarfsverkefni Skálholtsskóla, ReykjavíkurAkademíunnar og tímaritsins Glímunnar og er allt áhugafólk um málefni Biblíunnar velkomið.

Viðhorfið til kannabis verður sífellt léttvægara

Fyrir ári kom upp sú hugmynd að stofna þyrfti allsherjarsamtök framhaldsskólanema. Stofnþing Sambands íslenskra framhaldsskóla var haldið nú í haust. Formaður félagsins er Gabríela Unnur Einarsdóttir, ritari Keðjunnar, nemendafélags Kvennaskólans í Reykjavík.

GABRÍELA UNNUR KRISTJÁNSDÓTTIR Formaður nýs Sambands íslenskra framhaldsskóla vill meðal annars koma í veg fyrir fordóma gegn iðnnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Við viljum til dæmis búa til hlutlausa kynningu á því námi sem í boði er og koma í veg fyrir fordóma gegn iðnnámi," segir Gabríela um markmið félagsins.

Í upphafi samstarfsins milli iðn- og bóknámsskóla fór af stað umræða um viðhorf til iðn- og starfsnáms.

„Áhersla kennara og foreldra er yfirleitt á stúdentspróf. En það er líka flott að fara í iðnnám og það er vel hægt að verða eitthvað úr því."

Félagið fór nýlega í samstarf með mennta- og heilbrigðisráðuneyti og lýðheilsustöð um forvarnastarf í framhaldsskólum. Gabríela telur forvarnir vera afar mikilvægar og þá sérstaklega vegna kannabisefna.

„Ég held að viðhorfið gagnvart hassi og grasi verði sífellt léttvægara. Áfengisneysla er vandamál, en leggja ætti meiri áherslu á forvarnir gegn fíkniefnum."

Annað baráttumál SÍF er að nemendur fái fulltrúa í vinnunefndir menntamálaráðuneytisins og komi að endurskoðun framhaldsskólalaga, sem fer fram um þessar mundir.

„Við erum ekki með fulltrúa í þeirri vinnu, en þar er til dæmis rætt um breytingar á reglum um samskipti nemendafélaga og skólastjórnar, sem eru okkur gríðarlega mikilvæg. Við reynum samt að hafa áhrif með því að senda inn tillögur og ábendingar."

Þegar ákveðið var að stofna nýtt félag vann starfshópur að undirbúningi þess í um eitt ár.

„Við vildum fara rólega í að undirbúa félagið svo að grunnurinn yrði sterkur. Við þurftum að ráða til okkar starfsmann og finna húsnæði og nafn á félagið."

Skrifstofa SÍF er í gamla húsnæði Iðnnemasambands Íslands sem lagt var niður þegar skólarnir sameinuðust í nýju félagi.

Meginþorri framhaldsskóla er í félaginu og standa aðeins sex skólar utan þess, flestir á höfuðborgarsvæðinu. Gabríela hefur þó trú á því að skólarnir muni að lokum ganga til liðs við SÍF.

„Þau höfðu ekki næga trú á þessu félagi og töldu að hagsmunum þeirra yrði betur borgið utan SÍF. Ég hef þó trú á að það muni breytast og að lokum verið til eitt stórt félag framhaldsskólanema."

eva@frettabladid.is

Boðið upp á rafrænt skólasamband í Evrópu á internetinu:

eTwinning í uppsveiflu

eTwinning kallast liður í nýrri menntaáætlun Evrópusambandsins – Lifelong Learning Program – og gengur út á að koma á rafrænu skólasamstarfi milli Evrópulanda í gegnum internetið.

Guðmundur Ingi Markússon, hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, er fulltrúi eTwinning á Íslandi en áætlunin tekur mið af skólastarfi í grunn- og framhaldsskólum.

„Okkar hlutverk er að kynna þessa áætlun fyrir skólum og kennurum og fá þá til að taka þátt," segir Guðmundur Ingi. „Í eTwinning má finna verkefni fyrir allar kennslugreinar þannig að möguleikarnir eru miklir. Sem dæmi má nefna að Varmárskóli í Mosfellsbæ var í samstarfi við skóla á Spáni, þar sem nemendur báru saman menningararf Íslands og Spánar; krakkarnir söfnuðu semsagt upplýsingum og skiptust síðan á kynningum á netinu."

eTwinning var hleypt af stokkunum árið 2005 í kjölfar þess að leiðtogar ESB auglýstu eftir að búinn væri til vettvangur sem auðveldar evrópskum skólum að vinna saman í gegnum internetið. Guðmundur Ingi segir að áætlunin sé um margt sérstök. „Þótt hún sé á vegum ESB er þetta mjög óformleg áætlun því það var lagt upp með að lágmarka alla skriffinnsku í kringum hana. Fyrir vikið eru engir sérstakir umsóknarfrestir eða skýrslugerð. Skólar og kennarar geta haft samband við okkur og fengið leiðbeiningar hjá okkur endurgjaldslaust. Þá fá þeir strax aðgang að gagnagrunn yfir alla kennara og skóla sem eru í eTwinning."

GUÐMUNDUR INGI MARKÚSSON Segir eTwinning vettvang sem auðveldi evrópskum skólum að vinna saman í gegnum netið.

Ísland hefur tekið þátt í áætluninni frá upphafi en Guðmundur Ingi segist hafa orðið var við stóraukinn áhuga í haust. „Við vorum með kynningarátak í haust, svokallaða eTwinning-viku, þá var mikil aukning, skráðum kennurum fjölgaði um sjötíu prósent og verkefnum fjölgaði um níutíu prósent. Það er mikil uppsveifla í upphafi þessa skólaárs og er enn, og við hlökkum mikið til vetrarins."

Nánari upplýsingar um áætlunina má finna á vefsíðunni etwinning.is.

- bs

239.900

50PC51
50” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1 ms

160 GB UPPTÖKU DISKUR

199.900

42PT85
42” Plasma Sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarps-
móttakarar
100Hz

42PC52
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
100Hz

159.900

42LY95
42” LCD sjónvarp
259.900
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari

259.900

Ljómandi góð sjónvörp

160 GB UPPTÖKU DISKUR

209.900

42LT75
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 5 ms
2 Stafrænir móttakarar
160 gb diskur

179.900

42LC51
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5 ms

149.900

37LF65
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080
Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari

129.900

37LC51
37” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6 ms

99.900

32LC51
32” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6 ms

89.900

26LC42
26” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3 ms

54.900

20LS5R
20” LCD Sjónvarp
Upplausn 640x480
Skerpa 3000:1
Birtustig 450
Svartími 8 ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG Life's Good

Útgjöldin

> Verð á vínarbrauðsstykki í ágústmánuði hvers árs.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: BERGLJÓT ARNALDS RITHÖFUNDUR

Hreinræktaður bastarður á spottprís

„Mér hafa alltaf fundist bestu kaupin vera í hundinum mínum," segir Bergljót Arnalds rithöfundur, spurð um bestu kaup ævi sinnar.

„Ég keypti hann fyrir tíu árum síðan og fékk hann á 70 prósenta afslætti af því hann var hreinræktaður í báðar ættir, en foreldrarnir ekki af sama kyni. Þetta þótti ekki fínt og þess vegna gantast ég oft með að hann sé „hreinræktaður bastarður". Sem sé, ég fékk hundinn á spottprís en hann hefur veitt mér ómælda ánægju allar götur síðan og verið hverrar krónu virði. Hundurinn heitir Draco Silfurskuggi eða Dreki á latínu og hefur hann gætt mín sem slíkur."

Bergljót segir að ókunnugir þurfi að fara varlega að hvutta og þá sérstaklega karlpeningurinn. Vilji sumir meina að sá fjórfætti spúi eldi.

„En það skal tekið fram að hundurinn er svartur með silfrað skegg og ekki mikið stærri en köttur. Þegar honum líður vel þá malar hann sem slíkur, en á nóttunni hrýtur hann svo hátt að ætla mætti að hér væri risi á ferð. Já, þetta voru sannarlega góð kaup," segir hún.

Verstu kaupin segist Bergljót aftur á móti hafa gert oftar en einu sinni. Þau eru „þegar maður fer heim með ónýta eða útrunna vöru úr matvörubúð. Ég lenti í því í síðustu viku að koma heim með ónýtan trópí eftir að hafa heimsótt eina af fínni verslunum bæjarins. Það er svekkjandi að borga fyrir mat sem fer beint í ruslið og burðast með hann alla leið heim í þokkabót!"

GÓÐ HÚSRÁÐ

Á ALLTAF SÚKKULAÐI

■ *Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, fatahönnuður hjá Nikita, lumar alltaf á kaffi og súkkulaði.*

„Maður á alltaf að eiga dökkt súkkulaði í skápnum og kaffi í frystinum. Það bætir, hressir og kætir. Þá er alltaf hægt að slá upp veislu, hvort sem það er veisla bara fyrir þig og húsdraugana eða fyrir allt hverfið. Dökka súkkulaðið gefur fleiri möguleika og er hagkvæmara. Maður getur skellt í köku eða lagað kakó og svo þykir mér dökkt súkkulaði einfaldlega betra á bragðið. Sérstaklega Green and black's organic súkkulaði." Sunna segir afa sinn hafa kennt sér að geyma kaffið í frystinum. „Hann segir að þar haldist það lengur ferskt. "

■ **Menntun og fræðsla**

Leysa neytendatengd vandamál í leik

Tölvuleikur sem ætlað er að fræða unglinga um neytendatengd vandamál og réttindi neytenda er kominn á netið. Norræna ráðherranefndin styrkti gerð leiksins og hefur talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, stuðlað að íslenskri útgáfu. Í leiknum, sem heitir Galactor, á spilarinn að svara spurningum sem tengjast verslun á netinu og taka afstöðu til vandamála sem tengjast því. Leikurinn er til á íslensku, dönsku, norsku, finnsku, sænsku og ensku á slóðinni www.galactor.org.

■ **Talsmaður neytenda**

Neytendur fái strimil um leið og kvittun

Neytendur skulu fá vörustrimil um leið og greiðslukvittun til að tryggja samræmi milli kassaverðs og hilluverðs. Samtök verslunar og þjónustu hafa fallist á tilmæli talsmanns neytenda, Gísla Tryggvasonar, þess efnis. Tilmælin beindust að smávöruverslunum og var ætlað að auðvelda neytendum að kanna hvort rétt verð sé greitt fyrir vöru eða þjónustu – áður en skrifað er undir eða tekið við greiðslukvittun. Þannig sé stuðlað að samræmi milli kassaverðs og hilluverðs.



Tónleikadagskrá
í tilefni 20 ára afmælis Nýrrar dögunar í Neskirkju
15. nóvember 2007 kl. 20.00

Fram koma:
Guðrún Ásmundsdóttir leikkona
Kór Neskirkju í Reykjavík,
stjórnandi Steingrímur Þórhallsson organisti
Sólveig Unnur Ragnarsdóttir sópran
Pamela De Sensi þverflautuleikari
Stefán Helgi Stefánsson tenór
Davíð Ólafsson bassi
Erna Blöndal söngkona
Örn Arnarson tónlistarmaður

Allir velkomnir!

LEIKFÖNG Það getur borgað sig að skoða sig aðeins um milli verslana. Meira vöruúrval er í nýju stóru verslunum en í minni verslunum eins og til dæmis í Leikbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bara fyrir börn oftast með lægsta verðið

Just4Kids var oftast með lægsta verðið í verðkönnun Fréttablaðsins á leikföngum. Toys „R" Us var oftast með hæsta verðið. Fátt af þeim leikföngum sem kanna átti voru til í Leikbæ, sem er í sömu eigu og Just4Kids.

Mestu munar á verði á Barbie Island Princess-dúkku, sem kallast Rosella, af þeim leikföngum sem Fréttablaðið kannaði verðið á í fjórum verslunum sem selja leikföng. Í Hagkaupum kostaði hún 3.999 krónur, en 2.980 krónur í Just4Kids. Munurinn er því 1.019 krónur. Á öðrum vörum munaði mun minna, allt niður í níu króna verðmun á Öskubusku Barbie Disney-prinsessu. Í Toys „R" Us og Hagkaupum kostaði Öskubuska 1.999 krónur en 1.990 krónur í Just4Kids.

Hvorug dúkkan var til í verslunum Leikbæjar, en bæði var farið í Leikbæ í Kringlunni og Leikbæ í Smáralind. Af sex leikföngum var reyndar aðeins til eitt í Leikbæ í Smáralind, Lego Bionicle Barraki, en í Leikbæ í Kringlunni var einnig til Playmobil-sjóræningjaeyja. Úrval af leikföngum í Leikbæ var mun minna en í öðrum verslunum sem farið var í og voru bæði leikföngin með hæsta verðið.

Fjögur leikföng af sex voru ódýrust í Just4Kids, sem var opnuð um síðustu helgi í Garðabæ. Lego Bionicle Barraki var ódýrari í Hagkaupum og ekki var til Littlest Pet Shop-dreki, eða annað sambærilegt Littlest Pet Shop-leikfang, en þau eru vinsæl meðal ungra stúlkna. Einungis var hægt að kaupa slík leikföng í stærri pakkningum. Þá var í einu tilfelli, Rosella Barbie Island Princess, dýrara þegar kom að kassa en auglýst var í hillu og munaði þar um 300 krónur.

Vöruúrvalið er mikið í Just4Kids, þar má meðal annars finna verulegt magn af sælgæti sem stillt er upp við afgreiðslukassana.

Í fjórum tilfellum var hæsta verðið í Toys „R" Us í Kópavogi. Þá var Playmobil-sjóræningjaeyja ekki til í versluninni. Af þeim leikföngum sem verðið var kannað á var það aðeins Rosella Barbie Island Princess sem ekki var dýrust í Toys „R" Us. Á strimlinum kemur þó fram að verð á dúkkunni eigi að vera 3.999 krónur en gefinn er 1.000 króna afsláttur. Nokkur misbrestur var á í versluninni að upplýsingar um verð væru auglýstar í hillum.

Fimm leikföng af sex voru til í Hagkaupum. Þar af voru tvö leikföng dýrust og tvö ódýrust. Auglýst hilluverð á Lego Bionicle Barraki var 1.499 krónur, en rukkað var um 1.149 krónur.

Farið var í allar verslanir um hádegi á þriðjudag. Tekið var niður hilluverð, þar sem það sást, og einnig fenginn útskriftarstrimill. Allt verð í greininni miðast við útskriftarstrimil.

svanborg@frettabladid.is

LEIKFANGAVERÐKÖNNUN

	Leikbær	Just4Kids	Toys R us	Hagkaup	Verðmunur á hæsta/lægsta verði
Lego Duplo Bubbi byggir vörubíll	-	2.448 kr.	2.499 kr.	-	51 kr.
Lego Bionicle Barraki	1.199 kr.	1.190 kr.	1.199 kr.	1.149 kr.	50 kr.
Playmobil-sjóræningjaeyja	3.510 kr.	3.498 kr.	-	3.499 kr.	12 kr.
Barbie Island Princess Rosella	-	2.980 kr.	2.999 kr.	3.999 kr.	1.019 kr.
Barbie Disney Princess Cinderella	-	1.990 kr.	1.999 kr.	1.999 kr.	9 kr.
Littlest Pet Shop-dreki	-	-	649 kr.	629 kr.	20 kr.

* Einnig átti að kanna verð á Fisher Price-skólabíl, sem reyndist ekki til í neinni verslun.
Skv. könnun Fréttablaðsins 13. nóvember 2007

BÓNUS HELGARTILBOÐ 15.-18. NÓV BÓNUS

EGILS PILSNER
500 ml 49 kr.

ELDAÐUR KJÚKLINGUR

Móa grillaður heill KJÚKLINGUR uþb. 1150g 498 kr/stk.



BÓNUS MALT
500 ml 59 kr.

EGILS APPELSÍN
500 ml 49 kr.

ALI FORELDAÐIR RÉTTIR

30% afsláttur 1115 kr/kg. *Merkt verð 1593 kr.*

POLARBRAUÐ 6 kökur 139 kr.
Þetta tilboð framlengt um viku.

LOKSINS KOMIÐ AFTUR

BÓNUS SMYRILL 300g
20% verðlækkun. Aðeins 69 kr dósin.

HJARTASNITSEL **351 kr/kg.**
20% AFSLÁTTUR. *Merkt verð 439 kr/kg.*

Myllu 1/2 HEIMILISBRAUÐ **375g 69 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.440 **+1,12%**

Fjöldi viðskipta: 617
Velta: 31.545 milljónir

MESTA HÆKKUN

365	+5,51%
EXISTA	+2,19%
ICELANDAIR	+2,11%

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PET,	-15,45%
SPRON	-2,26%
FLAGA	-0,89%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,58 +0,00% ... Bakkavör 59,80 +0,17% ... Eimskipafélagið 39,20 +0,77% ... Exista 30,30 +2,19% ... FL Group 22,50 +0,67% ... Glitnir 26,20 +1,35% ... Icelandair 24,20 +2,11% ... Kaupþing 1.000,00 +1,01% ... Landsbankinn 40,00 +1,01% ... Straumur-Burðarás 17,40 +1,46% ... Össur 103,00 +1,48% ... Teymi 6,62 +1,69%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápur ...

Ríkisfyrirtækin

Kjartan Gunnarsson sagði á málþingi til heiðurs Jónasi Haralz í fyrradag að hann hefði ekki haft nokkurn áhuga á að setjast í bankaráð Landsbankans á sínum tíma. Þetta var fyrir einkavæðingu og Kjartan hafði nóg að gera í starfi sínu fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Eins hafði honum verið verið ráðlagt frá ævi að „hafa eins lítil samskipti við ríkisfyrirtæki og kostur væri". Því hafði hann eiginlega aldrei komið inn í Landsbankann þegar hann sat sinn fyrsta bankaráðsfund. Loks tókst að einkavæða bankann og því einu ríkisfyrirtækinu færra sem Kjartan neyðist til að stíga fæti inn fyrir.

Bankastjórahlé

Með Jónasi Haralz bárust ferskir vindar um yfirstjórn Landsbankans. Sagði hann að litið hefði verið á bankastjórana nánast sem æðri verur. Hann hefði þó borðað þar hádegismat í matsal starfsmanna á efstu hæð. Þá hefðu einhverjir áttað sig á að nýir tímar væru í vændum. Einu sinni hefði hann orðið vitni að því þegar skrifstofustjóri var að áminna starfsstúlku fyrir hversu lengi hún var frá í hádegishléi. „Heldur þú að þú getir verið eins lengi í mat og bankastjóri?" Þá bankaði Jónas í öxlina á skrifstofustjóranum, sem skildi skilaboðin.

MARKAÐSPUNKTAR

Hlutabréf í danska ölgerðarfyrirtækinu Royal Unibrew, sem FL Group á 26 prósenta hlut í, féllu um þrettán prósent í dönsku kauphöllinni í gær. Lækkunina má rekja til slaks ársfjórðungsuppgjörs og fregna af fjöldauppsögnum.

Landsframleiðsla jókst um 0,7 prósent á evrusvæðinu á þriðja ársfjórðungi frá síðasta fjórðungi á undan og um 2,6 prósent frá sama fjórðungi fyrra árs. Þetta sýna nýjar tölur Hagstofu Evrópusambandsins sem sagt var frá í Morgunkorni Glitnis.

Verðbólga mælist nú 2,1 prósent í Bretlandi á ársgrundvelli. Í október jókst hún um 0,5 prósent frá því í september. Það var umfram væntingar en búist hafði verið við 0,3 prósenta hækkun neysluverðs á milli mánaða.

Kortanotkun eykst í október

Kreditkort voru notuð í viðskiptum fyrir um 24 milljarða króna í október. Það er 21 prósenti hærri upphæð en í sama mánuði í fyrra. Heildarvelta debetkorta var 4,1 milljarður króna, sem er ellefu prósenta aukning frá október 2006.

„Kreditkortavelta ásamt debetkortaveltu í verslunum á þriðja ársfjórðungi hækkaði um tæp átta prósent frá sama ársfjórðungi í fyrra og bendir því til þess að kaupgleði heimila hafi tekið kipp," sagði í fréttum greiningardeildar Kaupþings í gær.

Í úttekt Markaðarins í gær kom fram að Íslendingar ætluðu sér að eyða mestu fyrir þessu jól í samburði við önnur Norðurlönd. Norðmenn fylgja þeim fast á hæla. Íslendingar munu eyða að meðaltali 122 þúsund krónum en Danir einungis 62 þúsund krónum. **- bg**

Ætluðu að skila betri afkomu á afmælisári

Jón Karl Helgason, forstjóri Icelandair, segir í skoðun að gera upp í annarri mynt en íslensku krónunni. Sterk staða hennar nú spili stóra rullu í verri afkomutölum.

„Við erum sæmilega ánægð með niðurstöðuna en ekki meira en það," segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi. Síðasta ár var það besta í sögu félagsins, sem fagnar sjötíu ára afmæli á þessu ári. Stefnt var að því að gera betur á afmælisárinu en Jón Karl sagði ljóst að það markmið næðist ekki.

Hagnaður nam 2,1 milljarði króna á fjórðungnum samanborið við 2,5 milljarða á sama tíma í fyrra. Greiningardeildir höfðu hins vegar reiknað með á bilinu 2,6 til rétt rúmlega þriggja milljarða króna hagnaði á tímabilinu. Hagnaður á hlut lækkar sömuleiðis á milli ára og nemur 2,28 krónum samanborið við 2,51 krónu á sama tíma í fyrra.

Sterk staða krónunnar spilar stóra rullu í verri afkomutölum Icelandair nú en í fyrra og sagði Jón Karl í skoðun að gera upp í annarri mynt en krónum. Hvaða mynt verði ofan á væri vandamál þótt Bandaríkjadalur skipaði stærstan sess í tekju- og útgjaldaliðum félagsins. „Málið er allt á frumstigi," sagði Jón. **- jab**

HAGNAÐUR Á HLUT

Tímabil	Upphæð
júlí-september 2007	2,28 krónur
júlí-september 2006	2,51 króna

JÓN KARL ÓLAFSSON Sterk staða íslensku krónunnar á meðal annars þátt í minni hagnaði Icelandair nú en í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stál vaskar

Teka KÜCHENTECHNIK

Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll eldhús

SÉR-TILBOÐ!

OL-0307 46,8x49,8 sm kr. 12.900,-

OL-327 69x45 sm kr. 19.900,-

OL-0304 62,6x47,6 sm kr. 20.500,-



OL-F121X 54,6x52,6 sm kr. 25.900,-

OL-205 58x47 sm kr. 19.900

OL-339 73,5x50 sm kr. 39.800,-

OL-202 43x39 sm kr. 10.900,-

OL-FL101 80x49 sm 29.900,-

CUADRO 45 86x50 sm kr. 36.950,-

CUADRO 60 98x50 sm kr. 57.750,-

TRION 60 98x50 sm kr. 36.900,-

TEXINA 45 80x50 sm kr. 31.600,-

CUDRO E 81x56.6 sm kr. 52.950,-

PRINCESS 100x50 sm kr. 26.900,-

TRION 60 U 62x 50 sm kr. 43.900,-

TRION 60 S 63x 50 sm kr. 51.100,-

STYLO 1B 46,5x48 sm kr. 12.900,-

DAME 58,7x46,2 sm kr. 17.300,-

CLASSICO 65x50 sm kr. 36.400,-

STYLO 1B1D 83x48,5 sm kr. 14.900,-

TEXINA 50 86x50 sm kr. 22.950,-

UNIVERSO 79x50 sm kr. 11.900,-

TEXINA 45 B 86x50 kr. 19.900,-

CUADRO U 62x46 sm kr. 39.900,-

LINE

Verð sem kemur á óvart!

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Lækkun skulda bætir stöðu AMR

Horfur bandaríska flugrekstrarfélagsins AMR, móðurfélags American Airlines, stærsta flugfélags Bandaríkjanna, eru jákvæðar samkvæmt alþjóðlega matsfyrirtækinu Fitch Ratings. Fyrra mat hljóðaði upp á stöðugar horfur. Þá getur svo farið að lánshæfiseinkunnir fyrirtækisins verði færðar úr B- í B.

Matsfyrirtækið segir stefnu félagsins að lækka skuldir sínar liggja að baki bættum horfum auk þess sem það geti stuðlað frekar að því að bæta efnahagsreikninginn í skugga hás eldsneytiskostnaðar og krefjandi efnahagsumhverfis í Bandaríkjunum.

FL Group á rúman níu prósenta hlut í AMR og þrýsti á stjórn félagsins í september að losa um eignir til að bæta fjárhagsstöðuna, svo sem með sölu á vildarklúbbi. Stjórn AMR hefur tekið vel í tillögurnar og tilkynnti aukinheldur að það hyggist greiða niður rúmlega hálfra milljóna dala lán löngu fyrir gjalddaga. Reiknað er með að slíkt muni spara félaginu tugi milljóna dala í vaxtakostnað auk þess sem veð losni af flugvélum félagsins, að sögn fréttastofu Associated Press.

INNRITUN Í FLUG AMERICAN AIRLINES Aðgerðir AMR, sem FL Group á rúm níu prósent í, eru sagðar til þess fallnar að bæta lánshæfiseinkunnir flugrekstrarfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

- jab

Fasteignir Sainsburys hátt metnar

FasteignamógúllinnRobert Tchenguiz, sem jafnframt er stjórnarmaður í Existu, krefst þess enn að stjórn breska stórmarkaðarins Sainsbury aðskilji daglegan rekstur og fasteignaumsýslu sína.

Tchenguiz á tíu prósenta hlut í þessari þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands. Allt virtist stefna í að markaðsverðmæti hlutarins myndi fara í einn milljarð sterlingspunda, jafnvirði rúmra 126 milljarða íslenskra króna, í síðustu viku en í kjölfar þess að bæði yfirtökutilboð í verslanakeðjuna upp á 600 pens á hlut rann út í sandinn í byrjun vikunnar auk þess sem skellur gekk yfir alþjóðlega hlutabréfamarkaði tók verðmiðinn dýfu og gufaði 31 milljarður króna úr bókum hans. Skipting á rekstri Sainsburys hefur legið á teikniborðinu frá í fyrra en stjórn verslunarinnar hefur fram til þessa vísað henni jafnharðan út af borðinu. Breska dagblaðið Guardian segir nú að Justin King, forstjóra Sainsburys, hafi snúist hugur enda telji hann virði eignanna nema allt að átta milljörðum punda, jafnvirði eitt þúsund milljörðum íslenskra króna, sem er talsvert yfir verðmati markaðsaðila.

ÚR KÆLIBORÐI SAINSBURYS Forstjóri þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands þykir jákvæður fyrir því að selja eignir hennar. MARKAÐURINN/AFP

- jab

Cubo er frábær jólagjöf!

Cubo er flott útvarp og geislaspilari með tengi fyrir Mp3 spilara og Ipod.

Cubo fæst í 10 litum og er góð gjöf handa börnunum, kærastanum, kærustunni, pabba og mömmu, afa og ömmu eða bara hvern sem er.

Komdu og sjáðu Cubo!

sonoro
www.sonoro-audio.com

Líf & List
SMÁRALIND

ELKO
Fríhafnarverslun

HÚSGAGNAHÖLLIN

Hátækni
Ármúli 26

Á MIÐLARAGÓLFINU Gengi hlutabréfa hækkaði talsvert í gær og fyrradag víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bjartsýni tekur við á markaði

Alþjóðlegir fjármálamarkaðir hafa tekið ágætlega við sér síðustu tvo viðskiptadaga enda töldu margir útlit fyrir að þær hremmingar sem fjármálakrísan hefur leitt yfir hlutabréfamarkaði víða um heim séu að mestu gengnar yfir.

Undirliggjandi óvissa er þó enn til staðar því ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um það hversu háar upphæðir bandarískar fjármálastofnanir þurfa að afskrifa vegna slæmra fasteignalána.

Gengi hlutabréfavísitalna snarhækkaði í Bandaríkjunum á þriðjudag eftir skell í vikunni á undan og gengu lækkanir að nokkru leyti til baka. Hækkunin smitaði út frá sér til Japans og meginlands Evrópu í gær.

Dræmar tölur um vöxt smásöluverslunar, sem birtar voru í gær og sýna svo til óbreytt ástand á milli mánaða í október, urðu ekki til að draga úr væntingum og þykja fjárfestar vestanhafs alla jafna bjartsýnni en áður um horfur í efnahagsmálum, að sögn Associated Press.

- jab

NOKKRAR VÍSITÖLUR

Vísitala	Hækkun í gær
Nasdaq (Bandaríkin)*	+3,46%
Dow Jones*	+2,46%
Nikkei (Japan)	+2,47%
Hang Seng (Hong Kong)	+4,90%
FTSE (Bretland)	+1,10%
ICEXI15 (Ísland)	+1,12%

** Á þriðjudag*

Atlantic Airways í Kauphöllina

Skrá á færeyska flugfélagið Atlantic Airways í Kauphöllina hér 10. desember næstkomandi. Áður fer fram sala hlutafjár til fagfjárfesta og almennra fjárfesta.

Í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings kemur fram að samgöngu- og iðnaðarráðuneytið í Færeyjum ætli að selja þriðjung hlutafjár í félaginu og muni útboðsgengi ákvarðast af áskriftarverðlagningu 19. til 27. þessa mánaðar. Gengið á þó að liggja á bilinu 242 til 261 dönsk króna á hlut.

„Markaðsverðmæti flugfélagsins gæti því orðið allt að 3,2 milljarðar íslenskra króna seljist allt sem í boði er," segir í umfjöllun greiningardeildarinnar.

Atlantic Airways verður með þessu fjórða færeyska félagið á íslenskum hlutabréfamarkaði. Atlantic Petroleum var fyrst, árið 2005, en fyrr á þessu ári voru Eik banki og Føroya banki skráð hér.

- óká

Atlantic Petroleum lækkar

Hlutabréf færeyska olíufyrirtækisins Atlantic Petroleum lækkuðu langmest í OMX Kauphöll Íslands í gær. Við lok viðskipta stóð gengi bréfanna í 1.915 krónum á hlut og hafði lækkað um 15,45 prósent. Deginum áður lækkuðu bréfin um 6,9 prósent.

Bréf félagsins hafa engu að síður hækkað mest frá áramótum eða um 247,6 prósent. Veislunni virðist hins vegar lokið samkvæmt nýrri greiningu á félaginu frá Eik Banka í Færeyjum. Greiningardeild bankans mælir með sölu á bréfum Atlantic Petroleum.

Danska viðskiptablaðið Börsen hefur eftir Dann Jacobsen, sérfræðingi Eik Bank, að framleiðsla á svokölluðu Chestnut-svæði félagsins hefjist ekki fyrr en á fyrrihluta næsta árs í stað þess að hefjast nú fyrir áramótin. „Þetta þýðir að uppgjör félagsins fyrir árið í ár í heild sinni verður neikvætt og því verður að bíða lengra inn í uppgjörsárið 2008 áður en við sjáum fyrstu olíutekjur félagsins," er eftir honum haft.

- óká

WILHELM PETERSSON forstjóri Atlantic Petroleum

Hver milljón af nýju íbúðarláni fjórðungi dýrari:

Stuðlar að fasteignalækkun

„Ef íbúðakaupendur verða að taka ný og óhagstæðari lán frekar en að taka yfir gömul þá getur það bæði hægt mjög á fasteignaviðskiptum og stuðlað að verðlækkun," segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Kaupþing, sparisjóðir og Frjálsi fjárfestingabankinn, hafa gefið út að fasteignakaupendur geti ekki yfirtekið eldri lán. Fram kom í Markaði Fréttablaðsins í gær að um þriðjungur af veltu á fasteignamarkaði sé fólginn í yfirtöku eldri lána.

„Þetta getur skipt verulegu máli," segir Gylfi. „Mánaðarleg afborgun af hverri milljón var ríflega 5.200 krónur þegar vextir voru hvað lægstir, um fjögur prósent. Ef vextirnir eru komnir núna í til dæmis 6,5 prósent þá er afborgun af hverri milljón meira en fjórðungi meiri eða ríflega 6.600 krónur."

Ef miðað er við tuttugu milljóna króna lán til 25 ára, segir Gylfi, sé mánaðarleg greiðslubyrði í seinna dæminu 133 þúsund krónur á mánuði en 105 miðað við lægri vextina.

Gylfi bendir einnig á að ofan á þetta bætist greiðslugjöld í hverjum mánuði, auk stimpilgjalds og annars lántökukostnaðar ætli fólk að greiða upp lánin. „Síðan koma verðbætur ofan á þetta allt saman."

- ikh

GYLFI MAGNÚSSON

SIGURÐUR EINARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR KAUPÞINGS Stjórnendur Glitnis og Kaupþings hafa ekki ákveðið hvernig brugðist verður við nýrri norskri löggjöf um hlutfall kvenna í stjórnum.

Engin ákvörðun um kynjalöggjöf

Hvorki stjórnendur Kaupþings né Glitnis hafa tekið ákvörðun um hvernig brugðist verður við kynjalöggjöf sem tekur gildi um áramótin í Noregi. Frá og með þeim tímapunkti verða fjörutíu prósent stjórnarmanna almenningshlutafélaga að vera konur. Lúti fyrirtæki ekki þeim skilyrðum eiga þau yfir höfði sér að þeim verði lokað.

„Í dag erum við með nokkur dótturfélög og stjórnir í gangi í Noregi. Verið er að endurskoða í heild sinni starfsemina þar, bæði með tilliti til nýju laganna og þeirra breytinga sem verið er að gera á skipulaginu. En við lútum að sjálfsögðu þeim lögum sem gilda á þeim svæðum þar sem við störfum," segir Vala Pálsdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla Glitnis.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir að þar á bæ sé enn verið að skoða málin.

- hhs

Skrifstofa opnuð í Hong Kong

Eftir að hafa fengið leyfi frá fjármálaeftirliti Hong Kong til þess að stofna starfstöð þar í landi opnaði Landsbanki Íslands þar söluskrifstofu síðasta föstudag.

„Landsbankinn hefur nú þegar aflað sér dýrmætra tengsla á þessum markaði sem sjá má á því að rúmlega 500 gestir voru viðstaddir opnunina, aðallega stjórnendur úr viðskipta- og fjármálalífi Hong Kong," segir í tilkynningu bankans.

Eftir opnunina í Hong Kong starfar Landsbankinn í sautján löndum og verður nýja skrifstofan miðstöð bankans í Asíu. Bankinn stefnir á frekari vöxt í álfunni, meðal annars með því að sækja um leyfi til að opna starfstöðvar í Singapore og Shanghai.

- óká

LEIÐRÉTTING

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, á ekki von á að heildsöluverð mjólkur kunni að hækka um allt að fimmtung um áramót, líkt og eftir honum var haft í Markaðnum í gær. Hann vísaði aftur á móti með orðum sínum til væntinga um hækkun á áburðarverði sem mun koma í ljós í þessum mánuði. Sú hækkun hefði áhrif á hækkunarþörf mjólkur í heildsölu.

Fræðslukvöld fyrir innflytjendur

Fræðslukvöld verða haldin fyrir innflytjendur en námskeiðin eru samvinna sérfræðinga hjá Alþjóðahúsi og Landsbankanum. Námskeiðin eru opin öllum án endurgjalds og verða kennd á íslensku en eitt markmið námskeiðanna er að flétta saman íslenskukennslu og fjármálafræðslu.

Fræðslukvöldin hefjast kl. 20

Dagskrá fræðslukvölda:

15. nóv.	Aðalbanki	**Greiðslumiðlun og lántaka**
22. nóv.	Mjóddin	**Tryggingar og sparnaður**
29. nóv.	Laugavegur	**Tryggingar og sparnaður**

Wieczory nauki dla obcokrajowców

Wieczory nauki są przeznaczone dla obcokrajowców a zajęcia są wynikiem współpracy pomiędzy Centrum Międzynarodowym Alþjóðahús a bankiem Landsbanki. Kursy są bezpłatne i otwarte dla wszystkich. Zajęcia są prowadzone po islandzku a jednym z celów tych zajęć jest połączenie nauki języka islandzkiego z nauką o finansach.

Wieczory nauki rozpoczynają się o godz. 20

Program wieczorów nauki:

15 listopada.	Bank Główny (Aðalbanki)	**Negocjacje finansowe i pożyczka**
22 listopada.	Mjóddin	**Ubezpieczenia i oszczędności**
29 listopada.	Laugavegur	**Ubezpieczenia i oszczędności**

Financial Instruction Evenings for Newcomers to Iceland

Landsbanki and the Intercultural Centre (Alþjóðahús) have jointly arranged Thursday evenings information sessions for newcomers to Iceland. Open to all without charge, the evening sessions, held in Icelandic are intended to combine basic language instruction with information on financial matters.

All sessions start at 8:00 pm.

Schedule for upcoming weeks:

15 Nov.	Landsbanki Main Branch	**International payment transfers and loans**
22 Nov.	Landsbanki in Mjódd	**Insurance and savings**
29 Nov.	Landsbanki on Laugavegur	**Insurance and savings**

ÍSLENSKA SÍA.IS LBI 39690 11.2007

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.landsbanki.is eða í síma 410 6856

Zapisy i bliższe informacje na stronie internetowej www.landsbanki.is lub pod numerem tel. 410 6856

To enrol for the sessions or obtain further information, contact www.landsbanki.is or telephone 410 6856.

Landsbankinn

skoðun

greinar@frettabladid.is

Gjöf Björgólfs Guðmundssonar til sjálfstæðra framleiðenda:

Vanhugsaður samningur

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Sjónvarpsstöðvar fá fjármagn bæði með auglýsingum og með áskriftartekjum, sem ýmist eru seldar á opnum markaði eða innheimtar af skattgreiðendum. Með þeirri ákvörðun að innheimta hluta af rekstrargjöldum Ríkisútvarps ohf. gaf Alþingi stofnuninni forskot á auglýsingamarkaði. Um það verður vart deilt.

Sjónvarpsstöðvar verja hluta af tekjum til eigin framleiðslu. Engin skilyrði eru um hve stór hluti dagskrár skal vera innlent efni, né hversu stór hluti þess sé keyptur af sjálfstæðum framleiðendum. Alþingi bar ekki gæfu til að skilja nauðsyn þess að hlúa að framleiðendum með slíkum skilmálum.

Hér ríkir sátt um að kvikmyndaiðnaður njóti ríkisstyrkja. Kostnaður er meiri en markaður skilar í tekjum: aðsókn að kvikmyndahúsum dugar ekki til, né heldur dreifing um aðra miðla. Sjónvarpsstöðvar greiða lágt verð fyrir rétt miðað við framleiðslukostnað. Iðnaðurinn er magnþrota. Hann hefur ekki fé til þróunar, á litla kosti til að sækja fjármagn til útlanda þótt sjóðir Evrópu reynist rausnarlegir við íslenska framleiðendur.

Viðræður eru nýhafnar milli Ríkissjónvarpsins og kvikmyndaiðnaðarins um skiptingu þess sem Ríkisútvarpið á að kaupa frá framleiðendum. Styrkur fyrirtækis Björgólfs er kærkomin viðbót til framleiðslu leikins efnis. Styrkurinn lýtur forsjá dagskrárstjóra sjónvarps sem deilir því utan bókhalds RUV. Styrkurinn er þó hrein tekjuviðbót RUV. Framleiðendur sem fá styrkinn af dagskrárstjóra verða að hlíta stýringu dagskrárstjórans. Þeir munu samt sækja viðbótarstyrki til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands í eigin nafni á þeirri forsendu að þeir hafi fullt forræði samkvæmt íslenskum höfundarlögum yfir efninu. Óljóst er hvort styrkur Björgólfs Guðmundssonar stenst lög um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Ekki er heldur ljóst hvernig verður farið með hann í skattalegu tilliti. Hann er vísast beint framlag í einkahlutafélög um tiltekið dagskrárefni. Hann telst ekki frádráttarbær frá skatti. Ekki getur hann skoðast sem kostun, þá fer hann inn á þann tekjupóst í bókum RÚV. Ef framlag styrksins og RÚV er ekki meirihlutaframlag í viðkomandi verk ræður framleiðandi efninu. Þá á eftir að skoða framlag RÚV og styrk Björgólfs, eigið framlag og styrk Kvikmyndamiðstöðvar í samhengi norrænna og evrópskra sjóða. Og meta höfundar- og eignarrétt.

Víst vilja RÚV-menn afla tekna, sérstaklega til framleiðslu á leiknu efni, en málið er allt vanhugsað. RÚV ohf. var vanbúið að standa undir óskilgreindu hlutverki sínu. Samkeppnisstaða þess er vafasöm frá jafnræðissjónarmiðum. Framganga þess á auglýsingamarkaði er vafasöm. Ekki aðeins við aðra sjónvarpsmiðla, heldur líka við dagblöð, tímarit, héraðsblöð; ekki aðeins við miðla þess fyrirtækis sem gefur út Fréttablaðið, heldur líka alla hina, þar með talin þau fjölmiðlafyrirtæki sem Björgólfur Guðmundsson á í fyrir. Ekki er að efast um góðan tilgang þeirra sem upphafið að þessu áttu, né heldur góðan hug gefandans. En allt málið verður að skoða frá því umhverfi sem sjálfstæð fyrirtæki búa við samkvæmt lögum og því regluverki sem í gildi er, hér og erlendis, um starfsemi þeirra, um lög um Ríkisútvarp og samkeppnisstöðu annarra fjölmiðla í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skýr ráðherra

Stjórnmálamönnum er stundum legið á hálsi fyrir að gefa óskýr svör og vera loðnir í máli. Það verður þó ekki sagt um Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, sem stiklar á stóru á heimasíðu sinni um markmið og útfærslu mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskkvóta. „Kannski má segja að verið sé að reyna að breyta sjávarbyggðunum í átt að því sem gildir um þjóðfélagið okkar í heild," skrifar ráðherrann og bætir við: „Ísland var afar háð sveiflum í sjávarútvegi fyrir fáeinum árum. Nú eru fleiri stoðir undir samfélaginu og það því ekki jafn næmt fyrir sveiflunum." Gott er það.

Engar refjar

En hvernig vill ráðherra „breyta sjávarbyggðunum í átt að því sem gildir um þjóðfélagið okkar í heild"? Nú með beinum aðgerðum sem „hafa það að markmiði að skapa strax úrræði til þess að skapa ný störf". Og það er meira, því „ljóst er að kjarni aðgerða ríkisstjórnarinnar er sá að treysta forsendur atvinnulífsins með átaki í eflingu grunngerðar, á sviði fjarskipta, samgangna, menntunar, rannsókna og vísinda." Skýrara verður það varla.

Geðvilltur neytendavargur

Gísli Tryggvason, sem ber hinn ábúðarfulla titil Talsmaður neytenda, vekur athygli á nýjung í neytendafræðslu; nýjum tölvuleik sem á að fræða unglinga um vandamál á sviði neytendamála og ýmis réttindi neytenda. Á heimasíðu talsmannsins má lesa lýsingu á leiknum: „Leikmaðurinn á að bjarga vinum sínum og sjálfum sér frá hættulegum, geðvilltum manni. Hann setur leikmanninn og vini hans í aðstæður með næstum því óyfirstíganlegum vandamálum sem tengjast netverslun." Er þetta ekki nokkurn veginn í takti við almenna umræðu um neytendamál á Íslandi, sem er oft og tíðum býsna reyfarakennd?

bergsteinn@frettabladid.is

Afturhvarf til ójafnaðar

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Bandarísk stjórnmál

Menn ganga mislangt. Einn helzti talsmaður kvótakerfisins hefur sagt í mín eyru, að ókeypis úthlutun aflakvóta síðan 1984 sé ekkert til að gera veður út af, því að sumir hafa heppnina með sér. Hann minnti mig á manninn, sem var gripinn á morðstað og sagði: Menn geta nú látizt af slysförum. Margir eindregnir ójafnaðarmenn eru þessu sama marki brenndir. Ójöfnuður getur verið sjálfsprottinn, þeir vita það, og þá sjá þeir ekkert athugavert við skipulagða misskiptingu.

Bandaríkjasaga

Bandaríkin voru frá öndverðu ójafnaðarland. Landnemarnir frá Evrópu murkuðu lífið úr indjánum og héldu þræla. Abraham Lincoln forseti leysti fjórar milljónir þræla úr haldi að loknum sigri í borgarastríðinu 1861-65; stríðið snerist að miklu leyti um rétt suðurríkjanna til þrælahalds án afskipta alríkisstjórnarinnar. Lincoln var repúblikani. Hvítir suðurríkjamenn sátu eftir með sárt ennið og hölluðu sér eftirleiðis að demókrötum. Bandarískir blökkumenn þurftu að bíða í heila öld til viðbótar eftir lögvernduðum mannréttindum til jafns við hvíta. Repúblikanaflokkurinn gerðist flokkur auðmanna og réð lögum og lofum um landið. Fátækasti fjórðungur landsmanna hafði ekki kosningarétt, einkum blökkumenn í suðurríkjunum og nýbúar. Árin 1869-1933 kom forseti Bandaríkjanna úr röðum repúblikana í 48 ár á móti 16 árum demókrata. Yfirburðir repúblikana í þinginu voru enn meiri. Tekjumunurinn á þeim þúsundasta parti Bandaríkjamanna, sem hafði mestar tekjur, og öllum hinum var hundraðfaldur 1915. Í Frakklandi og Japan var ástandið svipað.

Kreppan mikla 1929-39 minnkaði tekjumuninn á ríkum og fátækum, þar eð margir auðmenn töpuðu miklu fé. Meira munaði þó um markvissa atlögu Franklins Roosevelt forseta 1933-45 gegn misskiptingu auðs og tekna. Roosevelt var demókrati og sótti margar fyrirmyndir sínar til Evrópu. Hann innleiddi atvinnuleysistryggingar og ellilífeyri, en þó ekki heilbrigðistryggingar, og greiddi fyrir umbæturnar með skattheimtu; hátekjumenn hlutu að borga sinn skerf. Aðgerðir Roosevelts drógu svo úr misskiptingu, að tekjumunurinn á þúsundasta parti Bandaríkjamanna með mestar tekjur og öllum hinum hríðfell og var þrítugfaldur 1945. Blökkumenn studdu Roosevelt, og það gerðu einnig hvítir suðurríkjamenn enn um sinn, því að suðurríkin voru fátæk á landsvísu og nutu góðs af velferðarstefnu demókrata. Eftirmenn Roosevelts úr báðum flokkum byggðu ofan á arfleið hans, svo að enn dró úr ójöfnuði. Tekjumunurinn á þúsundasta parti Bandaríkjamanna með mestar tekjur og öllum hinum var tvítugfaldur 1964 eins og í Frakklandi og Japan, því að einnig þar hafði dregið úr misskiptingu. Það ár var innleidd mannréttindalöggjöfin, sem tryggði blökkumönnum vestra sama rétt og hvítum. Eftir það sneru margir hvítir suðurríkjamenn baki við demókrötum. Grunnurinn var nú lagður að veldi repúblikana í suðurríkjunum og á landsvísu með forsetakjöri Richards Nixon 1968, Ronalds Reagan 1980 og George Bush 2000.

Frá 1968 hafa repúblikanar setið í Hvíta húsinu í 28 ár á móti 12 árum demókrata, sem hafa þó að jafnaði haft betur á þingi.

Skipulögð misskipting

Í stjórnartíð repúblikana hefur ójöfnuður í Bandaríkjunum aftur færzt í vöxt. Tekjumunurinn á þúsundasta parti Bandaríkjamanna með mestar tekjur og öllum hinum var orðinn 75-faldur 2000. Paul Krugman, prófessor í Princeton, lýsir þessum viðsnúningi vel í nýrri bók, The Conscience of a Liberal (2007). Krugman andmælir þeirri skoðun, að tækniframfarir og hnattvæðing viðskipta hafi valdið mestu um aukna misskiptingu. Hann færir rök að því, að ríkisstjórnir repúblikana hafi skipulagt viðsnúninginn með skattaívilnunum handa hátekjumönnum og hafi að auki reynt að veikja eða rústa velferðarkerfið, sem Roosevelt lagði grunninn að í kreppunni. Stjórnvöld drógu markvisst úr misskiptingunni 1933-80, báðir flokkar, og eftir það sneru repúblikanar við blaðinu. Ef tækniframfarir og hnattvæðing væru driffjöðurin á bak við aukinn ójöfnuð í Bandaríkjunum síðan árin eftir 1980, segir Krugman, þá hefði misskipting einnig aukizt til dæmis í Frakklandi og Japan. En því er ekki að heilsa, því að tekjumunurinn á þúsundasta parti Frakka og Japana með mestar tekjur og öllum hinum var enn tvítugfaldur 2000 eins og 1964, engin breyting þar.

Hér heima hefur misskipting aukizt til muna síðan 1993, svo sem gögn frá ríkisskattstjóra og öðrum vitna um. Við öðru var ekki að búast, enda sækir Sjálfstæðisflokkurinn margar fyrirmyndir sínar til bandarískra repúblikana, þar á meðal hugmyndina um skattalækkun handa auðmönnum og skerta velferðarþjónustu handa þeim, sem höllum fæti standa. Sumir hafa heppnina með sér.

Stefanía og stimpilgjöldin

UMRÆÐAN

Stimpilgjöld



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Stefanía Sigurðardóttir háskólanemi skrifar mér opið bréf í Fréttablaðinu í gær um íbúðarkaup og afnám stimpilgjalda. Ég vil nota það tækifæri sem svar til hennar gefur til að undirstrika stefnumið ríkisstjórnarinnar í þessum mikilvægu málum, ekki síst þar sem bréf hennar var bæði málefnalegt og vel lagt upp í alla staði. Þakka ég henni bréfið enda málefnið einkar brýnt nú.

Stefanía spyr hvort stjórnvöld hyggist fella niður eða afnema stimpilgjöld á kaupsamninga og húsnæðislán. Þetta séu ósanngjarnir skattar og gjöld sem bitni illa á ungu fólki sem ræðst í það mikla verkefni að kaupa sér húsnæði.

Svarið við því er já og undir þessa skoðun Stefaníu tek ég heils hugar. Á dögunum kynnti viðskiptaráðuneytið stefnumörkun og nýja sókn í neytendamálum. Þar var efst á blaði yfir brýnustu verkefni í nánustu framtíð að afnema stimpilgjöld. Afnám þeirra er boðað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar enda eitt af okkar stærstu baráttumálum síðastliðin misseri.

Stimpilgjöld eru ósanngjörn og dragbítur á eðlileg viðskipti. Skattur sem bitnar á þeim sem síst skyldi; ungu fólki sem er að kaupa sér fasteign. Því verða þau afnumin á kjörtímabilinu. Vonandi sem allra fyrst. Í ljósi þess ástands sem nú hefur skapast er brýnast að afnema stimpilgjöld á kaupsamninga fyrstu íbúðarkaupenda. Nákvæm tímasetning liggur þó ekki fyrir.

Fjármálaráðherra sagði á dögunum að það þyrfti að sæta heppilegu lagi gagnvart þenslu í hagkerfi og á lánamarkaði við afnám stimpilgjalda. Ég tek heils hugar undir þetta sjónarmið, enda er lækkun stimpilgjalda á þensluskeiði fyrst og fremst til þess gerð að hækka fasteignaverð enn frekar og kemur íbúðakaupendum því að litlu gagni. Ég hef þó trú á því að fljótlega skapist lag til þess ef fer sem horfir að verulega hægist um á markaði með fasteignir.

Það blasir hins vegar við að koma verður til móts við ungt fólk, tekjulága og íbúa landsbyggðarinnar við fasteignakaup. Þar kemur til kasta Íbúðalánasjóðs og hins opinbera. Starfshópur á vegum félagsmálaráðherra vinnur að tillögum á þessu sviði. Við félagsmálaráðherra höfum einnig fundað um mögulegar úrbætur síðustu daga og er að vænta tillagna fljótlega. Ekki er tímabært að rekja hugsanlegar aðgerðir opinberlega á þessum tímapunkti.

Höfundur er viðskiptaráðherra.


Burberry
Filippa K
Patrizia Pepe
Sportmax
Calvin Klein
Annhagen
Rutzou
Stella Nova
Lee
Wrangler
Rosanna Julie
a pair
GK Reykjavík
NÝJAR VÖRUR
Calvin Klein - Filippa K - Patrizia Pepe
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK
GK REYKJAVÍK 10ÁRA

Beastiae publicas

UMRÆÐAN
Orkumál

JÓNAS BJARNASON

Við mörlandar höfum gjörnýtt landsins gæði til að geta lifað af. Bændur hirtu alla snærisspotta og létu sauðféð naga alla bletti, en sjálfir felldu þeir skógana. Svo grófu menn sig niður í jörðina, bókstaflega, með því að byggja torfbæi djúpt og refta með rekaviði og þakið úr torfi. Þannig drógu menn svörðinn yfir sig eins og sæng og bæir líktust þúftum. Útlendir menn dáðust að nýtingunni. Eldsneyti var mór og tað, en eftir að kolin komu breyttist allt og varð kolvitlaust. Fyrir 100 árum var mikil fátækt og örfá heimili hæf til að hýsa stórmenni.

Heimspekingurinn Wittgenstein undraðist þá, að menn gætu yfirleitt lifað í landinu. Á ferð um Suðurland gat hann skermað sig af frá glaumi og glundri menningarinnar og hugsað skýrt. Áreitis frá kapphlaupi iðnjöfra gætti ekki og Barónninn frá Hvítárvöllum boðaði meiriháttar hagræðingu í landbúnaði og fékk engu framgengt; dapurleg örlög hans eru samtvinnuð sögu Íslands. Já, hagræðing í landbúnaði var dauð hugmynd og er að hluta enn. Og Einar Benediktsson lifði á rangri öld með Titanfélagið. – En breytingar voru í nánd, höfn í Reykjavík og gufuskip. En svo breytti jarðvarminn öllu. Á millistríðsárunum hófu menn lagningu leiðslna fyrir heitt vatn frá Reykjalundi til bæjarins og það var sem hendi væri veifað. Jarðhiti til að kynda heila borg var bylting. Svo tók Jóhannes Zoëga í HR við og bauð Reykvíkingum upp á ódýrasta heitavatn sögunnar. Saga Íslendinga er íbland orkuannáll.

Orkuútrás og peningainnrás

Orkan er háð ýmsum lögmálum, sem eru torskiljanleg. Sérstaklega er fyrirbærið entrópía dularfullt; stuðull sem varðar orkutap við flutning frá einu ástandi til annars. Hjálmari Árnasyni fv. þingmanni var næsta ókunnugt um þennan tapstuðul og rak áróður fyrir vetni sem eldsneyti. Það virtist undursamlegt, útöndun hreint vatn. En í reynd gefur það nýtingu orku 25% og engar tilsnikkanir duga til að breyta lögmálum. Nýorkufyrirtæki geta svosem prófað vetnisbíla með niðurgreiddu rafmagni og svo reiknað út tapið. – En nú er upphafinn nýr vísdómur. Ísland hefur getið sér orðs sem fyrirmynd í nýtingu jarðvarma og kaupahéðnar tala trútt og ferðamönnum er ekið til Geysis. Iðnaðarráðherra telur, að Íslendingar geti fjárfest í jarðvarma í Filippseyjum og Indónesíu fyrir 200 milljarða á ári í 10 ár. Jahérna! Fjórföld fjárlög Íslendinga. En það er tilviljun og aukaatriði, að þessi lönd eru þau spilltustu í Asíu. Á Filippseyjum hefur helmingur landsmanna innan við 2 dollara á dag og fæstir eru tengdir rafmagni. Ráðherrann hefur vísast slegið pesosinn vitlaust inn í tölvu eða reiknað með álframleiðslu. Hafa pílárar Geysis Green Energy (GGE), lítillætið leynir sér ekki, reiknað með kaupmætti fólksins eða notað tölur frá Alfreð Þorsteinssyni um risarækjueldi sem aukaafurð? Með því að nýta jarðgufu til rafmagnsframleiðslu er nýting heil 15% og 85% renna í sjóinn, en tæpast brúka menn kyndingu í hitabeltinu. Vel má vera að iðnaðarráðherra, sem bloggaði sjálfan sig sem pólitískt villidýr, hafi áttað sig á þessu í hanastélum og hæfir þá skel kjafti. Gera verður greinarmun á innfæddum og verkfræðingunum á Bæjarásnum með kaupréttarsamninga. Ætla menn sér að næla í þróunaraðstoð eyjaskeggjanna í kompaníi með GGE? Það væri vangadans við krókódíla.

Vilhjálmur Bjarnason aðjúnkt spurði hvað það væri, sem verið er að selja. Óefnislegur mannauður upp á 10 milljarða? Hver er þess umkominn að hantera með og selja erfðagóss Jóhannesar Zoëga? Er það kannski kaupréttaraðallinn? – Höfum við sérstakan orkuforseta, sem slær um sig í austrinu? Eða einhverjir úr kaupréttarliðinu eða vetnisforkólfar? Þegar rætt er um orku og umhverfi er stutt í eldsneyti, en engin fær leið er til að framleiða það með rafmagni. Losun tvísýrings í löndunum er vegna brennslu jarðefna í farartækjum og varðar ekkert áform OR og GGE. Forsetinn hefur misskilið orkuframtak Íslendinga og handtak Pútins og íslensks prófessors nýlega í Moskvu. Ný gufuvirkjun jafngildir ekkert minni losun. – Ekki vantaði hávaðann vegna vetnismála þegar fv. iðnaðarráðherra ók um í vetnisbíl, en sagði nýlega í sjónvarpi, að orkubransinn væri haldinn flottræfilshætti.

Innsláttarvilla

Rektor HÍ setur honum það markmið að verða einn af 100 bestu heims. Greinileg kommuvilla eins og hjá Össuri, nema markmiðin séu þeim mun heimóttarlegri í heimspekideild og fornritagrúski. Fyrst er að komast í hóp 1000 bestu. Helstu háskólar hafa allir fjölda tilraunastofa í vísindum og sæg af fræðimönnum. En í HÍ stika menn auða gangana, en eru þó að sækja í sig veðrið með nýjum greinum. Í uppsiglingu er LÍÚ-deild, en þegar er sérstök staða í kvótarétti, greidd af LÍÚ og er sjálfstæð. Síðan má benda á kennslu í skottulækningum, en þegar eru fv. kennarar farnir að selja snyrtivörur, sem fólk á að telja að séu lyf, við öllum kvillum í liðum og erfiðu þvagláti. Íhaldssamir læknar viðurkenna ekki óhefðbundin lyf úr íslenskri náttúru og verður því deildin að vera sjálfstæð. Einn selur megrunarlyf, eins konar vítamínbætt alfa alfa. Megrunarkúrar eru nú vel við hæfi þegar einstakir menn eru að gera allt vitlaust í orkumálum.

Höfundur er efnaverkfræðingur.

Peningaaustur?

UMRÆÐAN
Þróunarmál

INGUNN ANNA JÓNASDÓTTIR

Það er gott og virðingarvert að þau hjónin Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson skuli hvetja til umræðu um þróunaraðstoð, eins og þau gerðu í viðtali sem birt var í Fréttablaðinu sunnudaginn 4. nóvember sl. Ég vil hér með hrósa þeim og þakka fyrir það. En umræða um þróunaraðstoð er þó lítils virði og jafnvel skaðleg ef hún er ekki laus við fordóma og rangfærslur. Ég segi þetta þar sem að mér fannst tónninn í umræddu viðtali afar neikvæður og frekar til þess fallinn að ýta undir sleggjudóma og ranghugmyndir um þróunarlönd og þróunaraðstoð en að stuðla að málefnalegri umræðu.

Alhæfingar, sem þar var að finna og virðast byggðar á reynslu þeirra hjóna af því að lifa og starfa um eins árs skeið á einum stað í einu landi, fannst mér til þess fallnar að vekja þær hugmyndir hjá lesandanum að framtakslausir og spilltir Afríkubúar standi með hendurnar útréttar og bíði eftir því að við Vesturlandabúarnir „dælum“ eða „ausum“ í þá peningum. Og ályktunin getur varla orðið önnur en sú að best sé að hætta „að gefa þeim peninga“.

Það skal skýrt tekið fram að mér er fullkomlega ljóst að þróunaraðstoð er ekki ævinlega beint þangað þar sem þörfin er brýnust og að hún skilar alls ekki alltaf tilætluðum árangri. Það er almennt viðurkennt að of stór hluti þeirrar aðstoðar sem ætluð er Afríku fer í að greiða ráðgjöfum og starfsfólki þróunarstofnana. Matvælaaðstoð sem ekki er veitt til að bregðast við neyðarástandi gerir líka oft meira ógagn en gagn því hún hefur neikvæð áhrif á innlenda matvælaframleiðslu. Þá er það hárrétt sem þau hjónin segja um mikilvægi þess að stutt sé við menntun, enda er það nú svo að nær allar þróunarstofnanir leggja mikla áherslu á að gera það.

Ég held að raunveruleikinn sé annar og jákvæðari en mér finnst umrætt viðtal gefa til kynna. Í þróunarlöndum hafa almennt orðið verulegar efnahagslegar og félagslegar framfarir á seinni árum og er Afríka þar ekki undanskilin. Menntun og heilsufar fer víða batnandi. Það er ekki rétt sem fram kemur í viðtalinu við þau Sigríði og Sigurð að barnadauði hafi aukist í þróunarlöndum. Á undanförnum árum og áratugum hefur sem betur fer dregið verulega úr honum, jafnvel í Malaví, en þó er hann ennþá skelfilegt vandamál. Orsakir og drifkraftar efnahagslegra og félagslegra framfara eru auðvitað margar og samverkandi en umfangsmiklar nýlegar rannsóknir benda til þess að í löndum þar sem stjórnvöld halda skynsamlega á málum skili þróunaraðstoð verulegum árangri.

Raunveruleikinn er líka því miður ansi flókinn. Rétt eins og í ríku löndunum hanga hlutirnir saman og verka hver á annan. Vannærð hungruð börn eða börn sem þjást af malaríu eiga erfitt með að einbeita sér og taka því ekki vel eftir í tímum. Ekki skánar ástandið ef þau hafa þurft að sækja vatn um langan veg áður en þau koma langa leið fótgangandi í skólann. Allt þetta á auðvitað við um kennarana. Þetta samhengi hlutanna má alls ekki gleymast. Vatn, vegir, næring, heilsa, menntun og ræktun mynda heild og eru grundvöllur lífsgæða.

Þar sem ég hef búið og farið um Afríku hef ég hrifist af þrautseigju og dugnaði fólks sem mjög víða býr við svo sára fátækt og svo erfiðar aðstæður að það þarf dag hvern að berjast fyrir lífi sínu og barna sinna. Konurnar í Malaví eru mér t.d. mjög minnisstæðar þar sem þær bograðu með léleg verkfæri á ökrunum í steikjandi hita, oft með smábörn bundin á baki sér. Þessar konur stóðu ekki iðjulausar með útréttar hendur og sníktu „ölmusu“.

Ég vil að lokum benda á að þróunaraðstoð í formi peningaúthlutana er mjög lítill hluti alþjóðlegrar aðstoðar. Og þegar talað er um að miklir peningar fari til þróunaraðstoðar í Afríku er hollt að hafa í huga að stríðsreksturinn í Írak kostar meira á hálfu ári en allar þjóðir heims verja á einu ári til þróunaraðstoðar við alla Afríku.

Höfundur er kennari.

Að bola burt hommum

UMRÆÐAN
Skemmtistaðir í miðborginni

BENÓNÝ ÆGISSON

Það er gömul aðferð í pólitík að bera andstæðinginn hinum fáránlegustu sökum og láta hann svo hafa fyrir því að bera af sér óhróðurinn. Þessa aðferð notar Ragnar Ólafur Magnússon vert á Q-bar í Ingólfsstræti þegar hann í viðtali við Fréttablaðið 1. nóv. sl. ásakar nágranna sína um fordóma gagnvart samkynhneigðum þegar þeir kvarta undan hávaða og ónæði frá gestum hans.

...mér er til efs að í öðrum borgarhlutum sé fordómalausara fólk enda höfum við þolað yfirgang veitingamanna meira og minna möglunarlaust á annan áratug.

Hann hefur haldið því fram í nokkrum viðtölum að verið sé að reyna að bola þeim burt vegna þess að gestirnir séu samkynhneigðir en staðreynd málsins er hinsvegar sú að síðan Q-bar opnaði hefur hávaðinn frá staðnum aukist til muna. Líklegasta skýringin fyrir því er sú sem Ragnar Ólafur tiltekur sjálfur í viðtalinu, að 2-3.000 manns skemmta sér þar um hverja helgi en það eru mun fleiri en sóttu fyrirrennara staðarins, Ara í Ögri, sem var fremur rólegur staður.

Q-bar er í jaðri íbúðabyggðar og okkur íbúunum finnst nóg komið af hávaðasömum skemmtistöðum í Ingólfsstræti, sem meðeigandi Ragnars Ólafs kallaði eftirsóttasta horn næturlífsins í öðru viðtali. Það var ástæðan fyrir undirskriftalista nágrannanna gegn löngum opnunartíma en ekki kynhneigð gestanna.

Íbúar miðbæjarins eru seinþreyttir til vandræða og mér er til efs að í öðrum borgarhlutum sé fordómalausara fólk enda höfum við þolað yfirgang veitingamanna meira og minna möglunarlaust á annan áratug. Ég held að málstaður homma og lesbía eigi á fáum stöðum meiri samúð en hér og þess vegna sárnar mér þegar Ragnar Ólafur notar slíkar smjörklípuaðferðir í málefnafátækt sinni.

Höfundur er íbúi í miðborginni.

Nýr Ford Mondeo

Ford

Nýtt tákn um gæði

Nýr og endurhannaður Ford Mondeo

Sexí keppinautur fyrir strákana hjá Toyota

Nýr Ford Mondeo
Komdu í Brimborg í dag
Akureyri, Reykjavík

Nýr og endurhannaður Ford Mondeo er nýtt tákn um mikilfengleika vestrænnar hönnunar. Vestrænna gilda. Verðugur keppinautur gæðabíla eins og Avensis og Mazda6. Gerðu samanburð. Prófaðu nýjan Mondeo, nýjasta keppinaut Audi A4 og BMW 3 í Evrópu.

Komdu í Brimborg. Veldu Ford Mondeo.

Nýtt á Íslandi. Reynsluaktu Ford Mondeo. Finndu hvernig 6 þrepa sjálfskiptingin og 340 Nm sparneytna dísilvélin vinna saman.

Stilltu aksturstölvuna á rauntímaeyðslu. Kannaðu hæfni þína í vistakstri. Eyðslan kemur þér þægilega á óvart.

Ford Mondeo
2,0 lítra TDCi dísil
6 þrepa sjálfskipting
130 hö 340 Nm
CO2 losun 189 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Verð 3.690.000 kr.*

Sjálfskiptingin og nálægðar-skynjarar, aftan og framan, eru staðalbúnaður.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Milljón fermetrar af bílum

UMRÆÐAN
Samgöngur

„Frítt í Strætó fyrir námsmenn“ er athyglisverð tilraun borgaryfirvalda til að blása lífi í almenningssamgöngur. Slagorðið „frítt í strætó“ teiknað á plaköt í sósíalrealískum stíl mun þó að öllum líkindum hrökkva skammt til að toga bifreiðaeigendur út úr kapitalískum hversdeginum. Ástæðan gæti verið sú að 5.000 kr. afsláttur í strætó breytir ekki heimilisbókhaldi þeirra sem þegar hafa ákveðið að reka bifreið.

Líkja mætti „frítt í strætó“ við þá aðgerð að ætla að stemma stigu við drykkjuskap með því að bjóða upp á ókeypis djús á skemmtistöðum.

HAUKUR LOGI KARLSSON

Til þess að takast af alvöru á við vandann þarf að ráðast beint á rótina og hækka verðið á áfengi. Meðal partíljónið er aðeins tilbúið að eyða ákveðinni fjárhæð í áfengi á hverju kvöldi. Þannig mætti fækka þeim drykkjum sem það væri tilbúið að greiða fyrir og beina því að til dæmis hóflega verðlögðu kaffi sem ágætum valkosti.

Hið sama gildir um samgöngur í Reykjavík. „Frítt í strætó“ er eins og djús á barnum sem meðal samkvæmisljónið hefur ekki áhuga á að drekka jafnvel þótt það sé ókeypis. Áhrifaríkast er að auka kostnaðinn við notkun einkabifreiðarinnar jafnframt því að bjóða upp á góðan, hóflega verðlagðan strætó sem valkost. Ástæðan er sú sama og með partístandið að flestir hafa ákveðið hámark í huga sem þeir eru tilbúnir að greiða fyrir samgöngur í hverjum mánuði.

Niðurgreiðsla samfélagsins til bíleigenda er umtalsverð. Eftir því sem lóðaverð hækkar á þéttbyggðum svæðum gerist sú spurning áleitnari hvort forsvaranlegt sé að fletja hraðbrautarmannvirki út á stórum eftirsóttum lóðum. Eðlilegt væri að bíleigendur borguðu hæfilega leigu af slíku landsvæði sem annars bæri rentur með öðrum hætti samfélaginu til heilla. Hið sama ætti að gilda um bifreiðar sem lagt er á dýrmætu landsvæði. Meðal bíll þekur um 10 fermetra af landi þegar honum er lagt. Hundrað þúsund íslenskir bílar þekja milljón fermetra. Miðað við leiguverð á húsnæði í miðborginni mætti rukka bíleiganda um fimmtán til tuttugu þúsund á mánuði fyrir að teppa verðmætt land. Loks mætti nefna almenn óþægindi og leiðindi sem fylgja umferð bifreiða fyrir aðra en þá sem nota þær. Hljóð- og loftmengun er hvimleið og jafnvel heilsuspillandi. Bið á umferðarljósum og í umferðarteppum kostar þjóðfélagið mörg ársverk í minnkaðri framleiðni. Umferðargötur hefta og tefja umferð vegfarenda sem ekki nota bifreiðar.

Í útópísku frjálsu markaðssamfélagi mundi allur slíkur beinn sem óbeinn kostnaður velta yfir á bifreiðanotandann og hafa þar með áhrif á hvort hann teldi forsvaranlegt að greiða fyrir ávinninginn af notkuninni. Íbúar flestra stórborga í heiminum hafa fyrir löngu svarað reikningsdæminu með kröfu um skilvirkt almenningssamgangnakerfi sem lágmarkar samfélagslegan kostnað af samgöngum og hámarkar skilvirkni.

Færri bílar á haus og gott almenningssamgangnakerfi eru skilyrði fyrir þróun og þéttingu Reykjavíkur í átt að 500 þúsund manna heimsborg. Líklegt er að íslensk heimsborg ráði úrslitum um það hvort Íslendingar haldi áfram að vera sérstök þjóð á öld alþjóðavæðingarinnar.

Höfundur er námsmaður í Stokkhólmi.

Hreinsað til eftir herinn

UMRÆÐAN
Menjar Bandaríkjahers

SKARPHÉÐINN SCHEVING EINARSSON

Nú þegar eitt ár er liðið frá brottför hersins vaknar sú spurning hvenær á að hefjast handa við hreinsun gamalla hernaðarmannvirkja, t.d við Aðalvík, á Vestfjörðum, eða á Heiðarfjalli á Langanesi? Hér ætla ég að fjalla um gömlu herstöðina sem stendur á Straumnesfjalli við Aðalvík.

Sú stöð hefur staðið auð síðan 1959 og er ekki mikið augnakonfekt séð úr lofti. Þessi hús sem komu frá Hollandi í forsteyptum einingum standa þaklaus og rusl, svo sem brotajárn, allt í kring. Samkvæmt leynisamningi sem var gerður 1951, sömdu Kanar sig frá hreinsun. Þetta kom í ljós er leynd var lyft af þesum samningi skömmu eftir að herinn fór 2006. Slíkur samningur jaðrar við landráð í mínum huga, en svona var þetta, þessir menn tóku hollustu við Kanann fram yfir föðurlandsást.

Mér eru Vestfirðir kærir, enda ættaður þaðan í föðurætt, því skora ég á Þórunni Sveinbjarnardóttur, núverandi umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gerð verði áætlun um hreinsun þessara ljótu kaldastríðs minnismerkja, og síðan verði hreinsun boðin út. Þarna þarf að brjóta niður og urða þessar steinbyggingar og aðskilja járn frá og koma i förgun.

Hvað mengun varðar, er mjög trúlegt að hún sé til staðar en mikil mengun var fylgifiskur Bandaríkjahers hvar sem hann hafði og hefur aðstöðu um víða veröld.

Hornstrandir eru náttúruperla sem sífellt fleiri ferðamenn, bæði innlendir sem erlendir kjósa að sækja heim. Þarna er náttúrufegurð með eindæmum, mikið af fuglum og kyrrð fyrir þá sem vilja komast burt fra menguðum stórborgum. Skemmst er þess að minnast er goðsögnin mikla, rokkstjarnan Mick Jagger, sótti Vestfirði heim. Umferð á þessar slóðir á eftir að stóraukast og því er brýnt að þvo þennan ljóta blett af Vestfjörðum.

Höfundur er bifreiðastjóri.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI

LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900

HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000

HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

Er að finna stelpuna í sér

Halla Vilhjálmsdóttir er hæstánægð með appelsínurauða kápu sem hún hafði mikið fyrir að eignast.

Halla lagði mikið á sig til að eignast kápuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Halla reynir þessa dagana að bæta litríkum fötum í fataskápinn sinn og brjóta upp svarta litinn í lífi sínu. Hún hafði mikið fyrir því að eignast appelsínurauða kápu í stað þess að sitja uppi með svarta.

„Ég er mjög hrifin af versluninni Coast í Smáralind og rak augun í appelsínurauða sixtís-kápu þar fyrir skemmstu. Þegar ég ætlaði að skella mér á hana komst ég að því að hún var frátekin í mínu númeri. Ég fór í fýlu og endaði á því að kaupa mér svarta," segir söng- og leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir. Hún sá þó svo mikið eftir rauðu kápunni að hún tók þá svörtu ekki einu sinni upp úr pokanum. Hún segist svo hafa hringt í búðina báða dagana sem kápan var frátekin og endaði á því að mæta þangað korter fyrir sjö síðasta daginn til að athuga hvort hún yrði sótt. „Þegar frökenin lét ekki sjá sig fyrir lokun fékk ég að skipta þeirri svörtu," segir Halla. „Ég fékk þó pínu samviskubit og sagði afgreiðslustúlkunni að ég myndi nú skila kápunni ef konan kæmi strax næsta dag." Halla segist svakalega ánægð með kápuna og finnst gaman að máta við hana húfur og hatta.

Í Guildford-leiklistarskólanum í London, þar sem Halla stundaði leiklistarnám, var eingöngu leyfilegt að vera í svörtum fötum. „Þetta var eins konar skólabúningur og í raun alveg skiljanlegt því maður þarf að vera eins og óskrifað blað og erfitt að taka mark á manneskju í bleikum magabol," útskýrir Halla og átti hún ekkert nema svart í fataskápnum „Meira að segja lopapeysurnar sem mamma prjónaði á mig voru svartar." Í seinni tíð segist hún þó vera farin að velja litríkari föt.

„Þegar ég var lítil vildi mamma alltaf hafa mig í bleiku en ég var pabbastelpa, alin upp með tveimur bræðrum og tók það ekki í mál. Nú er ég loksins að finna bleiku stelpuna í mér og langar til að vera svolítið kvenleg. Ég ætla því að leggja úlpunum og vera í sætum og litríkum kápum," segir Halla sem er stödd í London þar sem hún er með annan fótinn og fer í ýmsar leiklistarprufur. „Ég er þó hvergi nærri farin og klakinn togar alltaf í mig," segir Halla en hún hefur nýlokið við að leika í sjónvarpsþáttunum Mannaveiðum sem verða sýndir á RÚV með vorinu.

vera@frettabladid.is

Dr. Fischer

ANDLITSKLÚTAR

Age Defying

Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar.
Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prótvítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

Deep Cleansing

Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 prótvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Gentle Exfoliating

Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 prótvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Herbal Cleansing

Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina.
B5 prótvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

Húfur geta verið mjög flottar margar hverjar og á þessum árstíma eru þær auk þess afar praktískar. Njóttu þess að velja þér fallega húfu til að punta þig með og hlýja þér.

Vinsælu JM ullarvörurnar fluttar á Laugaveginn

Handprjónasambandið
Laugavegi 64

Nýtt á Íslandi! NO STRESS



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. **S. Gunnbjörnsson ehf.**

NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.



Nytsamleg notalegheit

Hlýjar og fallegar peysur eru órjúfanlegur hluti vetrarkomu og gott er að smeygja sér í þær þegar þörf er á að ylja sér.

Peysur eru oft hrein listasmíð og gott er að hafa þær opnar svo auðveldlega megi bregða sér í þær og líka til að auka fjölbreytni í notkun. Flestir eiga sér einhverja uppáhaldspeysu og oftar en ekki er það einhvers konar golla eða jakkapeysa sem auðvelt er að hendast í og úr.

Peysur fást í ýmsum útfærslum og eru þá til dæmis með bandi um mittið, tölum eða rennilás, munstraðar eða einlitar. Fjölbreytnin er töluverð og ættu því flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Enn eru vetrarvörurnar að hrúgast inn í búðirnar og eykst því úrvalið af hlýjum peysum jafnt og þétt fram til jóla.

hrefna@frettabladid.is

Álafoss á Laugavegi,10.500 krónur.

Fólk og pöntunarlistinn Josefssons, 4.769 krónur.

Fólk og Josefssons pöntunarlistinn, 3.972 krónur.

Zik Zak tískuhús, peysa 5.990 krónur og hlýrabolur 1.990 krónur.

Zik Zak tískuhús, peysa 5.900 krónur og hlýrabolur 1.990 krónur.

Frábær Föt mikið úrval

www.vefta.is

Vefta
Tískuföt Hólagarði
Hólagarði • sími 5572010



Stríðsáraraurður og djarfur

ERTU MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR LITUM? ÞESSI ELDRAUÐI VARALITUR FRÁ NIVEA UNDIRSTRIKAR ÓMÓTSTÆÐILEGAN KYNÞOKKA.

Haltu áfram ævintýri þínu með litsterkum varalitum því nú eru komnir átta nýir litir í Nivea Beauté Color Passion varalitunum. Þeir innihalda náttúrulega avókadó-olíu og E-vítamín sem gerir þá einstaka í lit og rakagjöf, og þeir endast og endast á vörunum. .

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Lifandi tuskur hjá Cavalli

Það er að verða eins árviss viðburður hér í landi í nóvember og Beaujolais nouveau-rauðvínið að H&M sendi frá sér tískulínu hannaða af einhverjum af frægustu tískuhönnuðum heims. Á eftir Karl Lagerfeld, Stellu McCartney og Viktor og Rolf er röðin komin að ítalska hönnuðinum Roberto Cavalli. Cavalli sem er 66 ára stendur í stórræðum en hann opnaði nýlega tískuhús á Avenue Montaigne, dýrustu götu Parísar. Þótt vissulega sé ekki sami æsingurinn í gangi eins og fyrir þremur árum þegar tískulína Karls Lagerfeld kom í búðir H&M og viðskiptavinir biðu í röðum fyrir utan og slógust um flíkurnar, þá var vissulega líf í tuskunum hjá H&M á fimmtudaginn. Á laugardagskvöld var ekkert eftir frá Cavalli nema hlébarðamunstraðar sokkabuxur. Kannski borgarbúar hafi notað síðasta tækifærið til að gleyma daglegu hugarangri og verslað, því frá því á þriðjudagskvöld eru almenningssamgöngur lamaðar í borginni og flestir hafa um annað að hugsa en tískuna.

Roberto Cavalli er einn þeirra ítölsku hönnuða sem eru uppteknir af „bimbó-stílnum“ líkt og Dolce & Gabbana og Versace, svo einhverjir séu nefndir. Kjólarnir eru ermalausir og opnir niður að brjóstum (niður að nafla liggur mér við að segja) gjarnan með dýramunstri, til dæmis hlébarða- og sebramynstri sem er sérkenni Robertos Cavalli. Aðrir eru þaktir gylltum pallíettum. Með svörtum buxum er boðið upp á ermalausa silfraða toppa. Karlarnir eru hins vegar kappklæddir, meðal annars í smóking sem er tilvalinn fyrir hátíðarnar sem eru á næsta leiti eða í hálfsíðri jakkapeysu með belti úr grófu prjónaefni og skyrturnar eru svartar. Í herralínunni eru tuttugu flíkur í boði en tuttugu og fimm í dömulínunni auk undirfata sem eiga að vera sexí fyrir jólin.

Verðið á tískulínu Cavallis hjá H&M er hærra en þekkst hefur til þessa en kjólar Cavallis kosta upp í þrjú hundruð evrur og herrajakkar á um hundrað evrur. Hins vegar segja þeir sem vel þekkja til að frágangur sé vandaðri en áður. Þannig vill fyrirtækið ekki aðeins skapa sér tískulegri ímynd heldur um leið auka gæði vörunnar. Sést hefur til viðskiptavina sem kaupa eins mikið og hægt er af tískuvörunum sem síðar eiga sjálfsagt eftir að sjást til sölu á netinu á margföldu verði, þannig geta þeir sem ekki náðu í eitthvað af góssinu fengið í það minnsta eina flík.

H&M er í fullu fjöri á sextíu ára afmælisári sínu en verslanakeðjan, sem rekur 1.400 búðir í 28 löndum, velti 1.188 milljörðum evra á síðasta ári og skilaði rúmlega 80 milljörðum evra í hagnað. Ekki að undra að keðjan geti keypt sér eins og einn tískuhönnuð.

bergb75@free.fr

Oh my Gosh!

ÞEGAR DRUNGI OG DIMMA VETRARINS HELLIST YFIR ER EINMITT TILEFNI TIL AÐ GERA TILVERUNA FAGRA OG GLITRANDI.

Djörfung, dulúð og sjálfstæði eru lykilorð haust- og vetrartískunnar í förðunarvörum Gosh, sem prýða nú andlit frægra fyrirsætna og leikkvenna um allan heim. Litaflóran lokkar og laðar, allt frá dökkrauðbrúnum haustlaufatónum til silfurbláma vetrarhiminsins. *- þlg*

Gosh Effect Powder: Lausapúðurs glitskuggar í fjórum nýjum litum og sem má nota sem augnblýant og púðurskugga. Hér sést Foxy, sem er djörf blanda af kopar og appelsínu.

Gosh Velvet Touch augnblýantur: Gefur flotta áferð sem tollir. Fæst í þremur nýjum haustlitum, en hér er það Golden Bronze; bronsbrúnn með glitrandi sanseringu.

Red'n Hot: Þrefalt augnskuggasett sem fæst í fjórum mismunandi litasamsetningum, en sést hér í ferskjubleikum, rústrauðum og fjólubrúnum.

Guðrún tískuverslun

ný vara

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

JAKKAFATADAGAR
15. - 25. nóvember

Jakkaföt frá kr. 12.990

skyrtur 1.990 | bindi 990 | skór 6.990
stakir jakkar 8.990 | stakar buxur 3.990

Nýtt kortatímabil

retro | galleri sautján

Smáralind s.512 1744 | Kringlunni s.512 1750 | Laugavegi s.512 1717

Baðker er eitthvað sem gott er að hafa aðgang að því það er ótrúlegt hversu vel er hægt að slaka á í heitu baði. Nú á dögum hrjáir streita sífellt fleiri og þá er nauðsynlegt að láta líða úr sér og ná djúpri slökun auk þess sem heitt vatnið linar vöðvabólgu.

Engir tveir tímar eins

Auður Björg Jónsdóttir og Þórður Torfason stunda herþjálfun í Heilsuakademíunni í Egilshöll. Þau hlutu titilinn hermaður ársins hvort í sínum flokki í keppni sem haldin var á dögunum.

Þórður og Auður eru hermenn ársins í Heilsuakademíunni og eru hvergi nærri hætt að þjálfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er gott að fá útrás fyrir hreyfiþörfina hér og byggja sig upp," segir Þórður þegar hann og Auður eru tekin tali eftir keppnina. Hann kveðst vinna kyrrsetuvinnu sem kerfisstjóri hjá Össuri og stunda herþjálfunina með tólf manna hópi úr því fyrirtæki tvisvar í viku í hádeginu. „Það var heilsuvika hjá Össuri fyrir ári og þar kynnti Heilsuakademían starfsemi sína. Við fórum í prufutíma og leist svo vel á að við höfum verið hér síðan. Það verður fíkn að taka hraustlega á því alltaf líður manni vel þegar maður er búinn að vera á góðri æfingu," segir Þórður sem áður kveðst hafa farið í tækjasali og prófað spinning auk þess að hafa spilað körfubolta frá því hann var pjakkur.

Auður Björg er lögmaður og kennir eitt lögfræðifag í Háskóla Íslands. Hún mætir sjö á morgnana í herþjálfunina í Heilsuakademíunni sem hún byrjaði að stunda í janúar síðastliðnum. Kveðst hafa labbað framhjá Heilsuakademíunni á hverjum morgni á leið sinni í Orkuverið, séð fólkið að æfa sig í herþjálfunarbrautinni og fundist hún spennandi. „Ég held ég hafi æft á hverri einustu líkamsræktarstöð á höfuðborgarsvæðinu en hef hvergi fest svona lengi. Þetta er frábær staður að æfa á, því fyrir utan góðar æfingar þá er hann svo heimilislegur. Algerlega besta stöðin," segir hún og lýkur miklu lofsorði á þjálfarana sem finni alltaf nýjar æfingar og þrautir svo útkoman verði ótrúlega fjölbreytt. „Nú er ég búin að vera næstum í ár og aldrei hafa tveir tímar verið eins," segir hún. Þórður er sama sinnis. „Það er einn þjálfari með hópinn hverju sinni og hann skipuleggur æfingarnar fyrirfram. Þær eru mjög alhliða og það er tekið á bókstaflega öllum vöðvum líkamans," segir hann. „Ég er enn að fá harðsperrur því endalaust virðist vera hægt að pína mann meira og láta mann finna fyrir vöðvum sem maður vissi ekki af áður."

gun@frettabladid.is



Nigella Lawson er ekki nein horrengla enda er hún talin mjög greind kona.

Holdugar greindari

Holdugar konur eru greindari og betri til undaneldis en tálgaðar kynsystur þeirra.

Þetta kemur fram í niðurstöðum bandarískrar rannsóknar sem tók til 16 þúsund kvenna. Því þrýstnari sem konurnar voru, því betur gekk þeim í vitsmunalegum prófum og börnum þeirra líka.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í Evolution & Human Behavior, en þar segir að eftir því sem mjaðmir kvenna eru holdmeiri því greindari séu þær. Er talið að fita á mjöðmum innihaldi Omega-3 fitusýrur, sem bæta andlega getu kvenna, sem og barna þeirra strax á meðgöngu.

Niðurstöðurnar styður gáfulegt atgervi einnar frægustu konu Bretlands, sem gagnrýnd er fyrir þrýstinn líkama, en það er sjónvarpskokkurinn Nigella Lawson sem útskrifaðist með hæstu einkunn frá háskólanum í Oxford.

En þótt karlar ættu að kjósa breiðar mjaðmir, er sú ekki raunin samanborið við það sem hæst trónir á óskalista þeirra. *- þlg*

Púðar eru kjörnir til að breyta heimilinu á ódýran hátt auk þess sem þeir setja alltaf hlýlegan svip á heimilið og eru til þess gerðir að auka þægindi.

Kristín Guðmundsdóttir, innanhússhönnuður hjá Innark, innan um hvítmálaða veggi, en með hvítu eru nú náttúrulitir úr köldum, íslenskum jarðvegi það vinsælasta í innanhússmálun, en einnig er vinsælt að leður-, gler- og viðarklæða veggi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fiskroð og leður á veggi

Veggir ganga í gegnum tískustrauma, eins og hvað annað í efnisheiminum, og nú vilja Íslendingar leður-, gler- og steinklædda veggi í híbýli sín.

„Landslagið hefur mikið breyst á stuttum tíma og til dæmis er veggfóður, sem var ofsalega vinsælt fyrir mjög svo stuttu, svo til dottið upp fyrir," segir Kristín Guðmundsdóttir, innanhússarkitekt hjá Innark í Hafnarfirði.

„Veggir eru orðnir meira stofustáss, einir og sér, í bland við hefðbundna veggi sem eru einfaldari, hreinni og skrautmunalausari en áður. Áður höfðu þeir fátt notagildi annað en að vera bakland stofusófa og mynda, en nú eru þeir orðnir innanstokksmunir í sjálfu sér. Efnismiklar klæðningar, eins og sandblásið eða sprautulakkað gler er sett á heilu veggina, mikið er um viðarklæðingar á borð við parkett og grófari við, en alltaf í bland með köldu efni líka til að forðast kántrí-yfirbragð, og leðurbólstraðir veggir eru það nýjasta," segir Kristín um nýjustu veggtískuna.

„Hefðbundin málning, veggfóðrun og annað heimaföndur hefur vikið fyrir íburðarmiklum veggjum með mikið notagildi. Aðrir veggir sem ekki eiga að hafa „décor"-gildi eða einhverja „fúnksjón" eru látnir standa einfaldir og máluðir. Veggsjónvörp eru að verða algengari og mikið atriði að koma þeim á veggi svo fallegt sé. Því er tískan nú að skreyta í kring með til dæmis leðurflísum eða leðurbólstrun svo festingar sjáist ekki, og mikið verið að þykkja veggi og hólfa fyrir hátalara, flakkara, hljómflutnings- og sjónvarpstæki, en einnig listaverk og skápa, sem falla inn í veggina. Veggur verður því skraut til að ramma inn alls kyns hluti; vegna þess að fólk er að minnka við sig í mublum," segir Kristín og staðfestir að naumhyggjan sé enn við lýði í innanhússhönnun íslenskra heimila.

„Áður voru skenkir og skápar upp við veggi heimilanna en nú kýs fólk að hafa fá húsgögn í sínum vistarverum og kannski bara einn sófa og flott borð í stofu. Í innanhússmálun eru jarðvegslitir úr kaldri, íslenskri náttúru vinsælastir; brúnir tónar með gráu í, og allt frekar muskulegt, en með hvítum og svörtum lit, stáli og gleri verður útkoman hlýleg og mjúk," segir Kristín, sem tekur fram að ekki sé slátrað tíu nautum til að leðurklæða veggi nútímamannsins.

„Það „leður" sem mest er notað er verksmiðjuframleitt en hefur sömu áferð og öndun og ekta leður. Svart, hvítt og brúnt leður er vinsælast, en einnig fiskroð og önnur náttúruleg efni á veggi," segir Kristín og tekur fram að flísar séu sígildur kostur á veggi.

„Flísar á bað og eldhús eru klassík, en æ vinsælla er að flísaleggja veggi í stofum, göngum og svefnherbergjum. Drápuhlíðargrjótið er fallegt þar sem það enn finnst í gömlum húsum, en það er enginn að leita að slíkum lausnum núna, heldur vill fólk stórar steinflísar í bland við mósaík, þar sem það á við." *thordis@frettabladid.is*

Tími kertaljósa

LEIKANDI LOGAR

Nú er sá árstími þegar kertaljós njóta sín einna best. Notalegt er að kveikja á kertum í rökkrinu og fá frá þeim fallega birtu og hlýju. Flestir eiga sprittkertastjaka sem oftar en ekki sitja bara á sínum stað ónotaðir eða eru jafnvel geymdir inni í skáp. Sprittkertastjakar hafa löngum verið vinsæl tækifærisgjöf og eftir því sem afmælum, útskriftum og öðrum tímamótum fjölgar bætist oft í kertastjakahópinn. Það er því um að gera að nota þá og kveikja eitthvert kvöldið á sem flestum kertum, setja góða tónlist á fóninn og slaka á í góðum félagsskap. *- hs*

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Marretti

Hágæða Ítölsk vara

Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.

B.Haraldsson
s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Salerni með hæglokandi setu kr. 9.900.-

BAÐHEIMAR
Skútuvogi 4 - s. 525 0800
Baðdeild Álfaborgar

Magnaða moppuskaftið

Dagar skúringafötunnar eru taldir

Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt

Sölustaðir:
Húsasmiðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

FATAMARKAÐUR RAUÐA KROSSINS 16. & 17. NÓV.



Kópavogsdeild Rauða krossins heldur fata- og nytjamarkað **föstudaginn 16. nóvember kl. 15-19 og laugardaginn 17. nóvember kl. 12-16** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð. Seld verða notuð föt á konur, karla, ungmenni og börn, ásamt alls kyns varningi. **Verð 300-1.500 kr.**

Allur ágóði rennur til styrktar börnum og ungmennum í Mósambík. Nemendur MK í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11
sími 554 6626 • kopavogur@redcross.is
www.redcross.is/kopavogur

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

Ford F-350 Lariat 2005 árg M/Snjótönn, leður, ssk, ljós á toppi, plast í palli, stigbretti, ofl ofl. V. 4.380.000 m/VSK og sjótönn.

Cadillac Fleetwood D'Elegance, 1990 árg ssk, leður rafm. í öllu ofl ofl. Fallegur bíll Tilboð 980.000 kr

Cadillac Fleetwood árg 1993, leður, ssk, rafm í öllu, allt nýtt í mótor. Tilboð 880.000 kr

Ford Explorer Sport Track árg 2001 ek 135. þ km, leður, ssk, lok á palli ofl . V. 1.280.000 kr

Ford F-350 King Ranch 2005 árg. ek 70.000 km, leður, ssk, rafm í ölli, plast í palli, stigbretti, ofl ofl. V. 3.780.000 M/VSK

Ford F-150 Lariat árg 2004, leður, ssk, plast í palli, stigbretti ofl ofl. V. 2.880.000 TILBOÐ 2.680.000 kr

GMC Sierra 1500 2004 árg. ek 37.þ.km leður, ssk, stigbretti, ofl, ofl. V. 3.450.000 TILBOÐ 3.200.000 kr

Ford F-350 Lariat 2005 árg ek 50.000 km, leður, ssk, stigbretti, lok á palli, plast í palli of ofl. V. 3.580.000 kr

GMC Sierra 2500 Duramax 2004 árg, leður, ssk, DVD, plast í palli, kista á palli, 35" breyttur ofl, ofl, V. 3.350.000 kr

IB ehf
Fossnes A, 800 Selfoss
Sími: 480 8080
www.ib.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

M.BENZ ML500 AMG Ssk, árg.'02, ek 60 þ. mílur, Leður, Topplúga, Rafmagn í öllu, Skjár + navi, AMG útlit, Xenon ljós, Flottur bíll, Verð 3.390 þ. áhv 2.600 þ. Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 110762 S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

X4 ehf.

Nýr Daihatsu Terios jepplingur. 1.5L. 103 hp. eyðsla 7.5L./100km. Verð frá. 2.290.000. www. X4.is

Nýr Daihatsu Materia 1.3L. 91 hp., eyðsla 6.6L./100 km. Fæst einnig með 1.5L. vél og 4x4. Verð frá 1.990.000.- www. X4.is

Nýr Daihatsu Trevis 1.0L. 59 hp., eyðsla 4.8L./100km. Verð frá 1.690.000.- www. X4.is

Nýr Daihatsu Sirion2. 1.0L. 69 hp., eyðsla 5.0L./100km. Fæst einnig 1.3L. og 1.5L. vél. Verð frá. 1.590.000.- www. X4.is

Nýr Daihatsu Cuore. 1.0L. 69 hp., eyðsla 4.4L./100km. Verð frá 1.376.000.- www. X4.is

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opið virka daga 10-18
www.x4.is

Mótor & Sport

X Motos Super Pit
Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gíra dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down temparar stillanlegir. Verð 267.000

Ítalskar vespur
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan.

Hippar
Á afmælistilboði 298 þús. með götuskráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, litur: svart.

Mótor og sport ehf
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040
Eigum til á lager 80cc kitt í vespur. Kr. 34.000.-
www.motorogsport.is

100bílar.is

M.Benz R350, árg. 2006, ek.19þús. km, Einn Mjög vel búin, Verð Tilboð 4990þús.kr, Verð áður 5990þús.kr. Glæsilegur bíll!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Bílar til sölu

islandus.com
ÚTSALA!
Aldrei Lægra Verð
10% Útborgun - Íslensk Ábyrgð

Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690 þús., pallbílar frá 1990 þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 www.islandus.com

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Toyota Yaris
Árg. 2006 (febrúar). Mjög gott eintak! 1300, 5 gíra, beinskiptur, ek. 41.000, álfelgur, vindskeið, vetrardekk, litaðar rúður. Þjónustu- og smurbók frá Toyota. Gott lán, afborgun ca 27.000 á mánuði Nánari uppl. í síma: 695 7555 & 868 5185

Audi TT quattro '99 265 hö. Fully loaded. Gsm 892-8366

Chevrolet Colorado Z71, 4X4. Árg. '05. Ek. 50 þús. Ný dekk, fluttur inn nýr, einn eigandi. Góður bíll. Uppl. í s. 586 8685 & 899 9242.

AH ÖLL SKIPTI
BMW Z4 2003. Einn með öllu. td Sport og Premiumpakka. 17" felgur, ný vetrardekk. Leður.Cruise.M-Sportfjöðrun. Skriðvörn."Skotheld"blæja. ofl ofl. Tjón og reyklaus. ek 70þúskm. Þessi er ROSALEGUR!. Ásett verð 3590þús. Áhvílandi ca. 3mills í 84mán. Fyrsta afborgun 15janúar 2008.Uppl. í s. 867 8797

Nissan Almera árg. '99 ek. 110 þ. Ssk. Sk. '08. Tilboð óskast. S. 616 2597.

Gullfalleg Honda Jazz, árg. 09.06 ek. 9 þús., með öllum aukahlutum, dökkar rúður, bakkvörn og sportlistum til sölu. Reyklaus bíll. Uppl. í s. 695 2728.

Toyota Corolla Wagon 1600 árg. 99, ek. 95.500 km., ssk. Skipt var um tímareim og bremsur að framan í 89 þ.km., nýir demparar að aftan, drátt-arbeisli og Geislaspilari. Er á góðum vetrardekkjum, ný sumardekk á felgjum, þjónustubók, tjónlaus og reyklaus. Verð 550 þús. Uppl. í s. 860 0990 Óli eða 840 5549 Kalli

4x4
Toyota Corolla Turing 4x4 árg 96 ekinn 147 þ km 5 gíra skoðaður 08 krókur góður bill verð 350.000- upplí síma 863-0149

Mazda 6 2,3 sport. 3/2003. Ek. 122 þús. einn með öllu. Ásett verð 1.990 þús. Tilboð óskast. áhv. ca. 700 þús. afb. 22 á mán. Uppl í s. 847 6575.

Izusu Cruwcab árg.'00. Ek. 160 þús. Ssk. Turbo dísel. Verð 490 þús. Sko.'08. Þarnast smá útlitslagf. Uppl. í s. 822 7508 & 698 7600.

Hummer H3 luxury, offroadpakki. fékk hæðstu einkunn allra samanburða bíla í ameriku eins og explorer, cherokee, pathfinder. Árg.'06, ek. 16 þús, flottur aukabúnaður, verð 5.750. Sími 82022 23

100% lán
Suzuki Baleno W/G nýskr 9/2000 ekinn aðeins 64 þ km 100% lán ekkert út verð 560.000- 18þ á mánuði uppl. í síma 861 7600.

Suzuki Vitara árg '00 ek. 129 þ. Listav. 620 þ. Tilboð 390 þ. Uppl í S. 891 9944 Haukur.

Opel Astra 2001 árgerð. Keyrður 78.000km. Yfirtaka á bílaláni. Hafa samband í 894 0855.

BÍLAR TIL SÖLU

ASKJA
Til afhendingar strax

Mercedes-Benz
Vito Mitxo 4x2
Langur, sjálfskiptur, 150 hö, 5 manna sendibíll.
Einnig fáanlegur í öðrum lengdum og fjórhjóladrifinn.
Verð 3.350.000* kr. án vsk.

Mercedes-Benz
Sprinter 315 sendibíll
Millilangur, sjálfskiptur, 150 hö, 3 manna.
Verð 3.850.000* kr. án vsk.

Mercedes-Benz
Sprinter 318 sendibíll.
Langur, sjálfskiptur, 184 hö, 3 manna, vel útbúinn.
Verð 4.150.000* kr. án vsk.

Mercedes-Benz
Vito 4x4
Sjálfskiptur, 150 hö, 8 manna bíll, olíumiðstöð, rafmagnsopnun á hliðarhurð, topplúgur, 16 tommu álfelgur.
Hentar mjög vel til leigubílaaksturs og sem hjólastólabíll.
Verð 7.100.000* kr. með vsk.
Til leigubílstjóra:
Verð 5.500.000* kr. með vsk.
Til einstaklinga vegna aksturs á fötluðum:
Verð 4.800.000* kr. með vsk

Mercedes-Benz

ASKJA - Atvinnubílar - Skútahrauni 2a - 220 Hafnarfirði
Sími 590 2100

*Verð miðað við gengi 26. sept. 2007

kópavogur

MIÐVIKUDAGUR 15. NÓVEMBER 2007

Guðrún Gunnarsdóttir
vill fleiri græn svæði
BLS. 6

MYNDINA TÓK GUNNAR V. ANDRÉSSON AF VERKI ÁN TITILS EFTIR GERÐI HELGADÓTTUR MYNDHÖGGVARA..

30%
afsláttur
Verð nú frá
65.800 kr.



Himinn og haf / SÍA

FLEX-T
skrifstofuhúsgögn

Hönnuðir
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
Oddgeir Þórðarson

Borð fyrir nútímamanninn

Flex-T skrifborð með rafknúinni, stiglausri hæðarstillingu, er þægilegur kostur fyrir þá sem vilja skipta um vinnustellingu heilsunnar vegna, eða þurfa á því að halda að vera hreyfanlegir við vinnuna.

Á. GUÐMUNDSSON
Bæjarlind 8–10 · 201 Kópavogi · Sími 510 7300 www.ag.is
STOFNAÐ 1956

Margt er á döfinni hjá Salnum í Kópavogi þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Eitthvað fyrir alla í nóvember

Óhætt er að segja að dagskráin í tónlistarhúsinu Salnum í Kópavogi hafi verið með fjölbreyttara móti í nóvember og þar virðist ekki ætla að verða neitt lát á.

Meðal þess sem boðið verður upp á í mánuðinum eru hljómsveitin Mannakorn, sem spilar í kvöld, 15. nóvember, söngtónleikar með lögum Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar Hallgrímssonar, þar sem flytjendur verða Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona og Eyjólfur Eyjólfsson tenór, útgáfutónleikar Leone Tinganelli, píanótónleikar Liene Circene, Fagott í forgrunni og fleira.

Ekki verður slegið slöku við í desembermánuði en þá verður boðið upp á einleikslög eftir Jón Ásgeirsson tónskáld og tónleikana „... víst er Albeniz betri en Bach ...“ með Jóni Guðmundssyni gítarleikara.

Það er því um að gera að kíkja á einhvern af hinum fjölbreyttu og skemmtilegu dagskrárliðum sem Salurinn hefur upp á að bjóða.

- hs

Hægt er að fá útrás fyrir áhugamálin í Gullsmára, félagsmiðstöð fyrir aldraða sem rekin er í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagsstarf aldraðra

Í Kópavogi eru starfrækt tvö félagsheimili þar sem félagsstarf aldraðra fer fram. Félögin heita Gjábakki og Gullsmári og er opið frá klukkan 9 til 17 alla virka daga.

Þar er hægt að setjast niður yfir kaffibolla og heimabökuðu meðlæti, lesa dagblöðin, horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp og ræða málin.

Þá er einnig boðið upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf og má þar nefna Söngvini, sem er kór aldraðra í Kópavogi, handavinnu, líkamsrækt og áhugamannahópa þar sem fólk með ákveðin áhugamál vinnur á sínu sviði.

Hádegisverður er framreiddur frá 11.40 til 12.20 alla virka daga en hann þarf að panta fyrir klukkan 10. Eins er hægt að fá hádegismat sendan heim.

Félagsheimilin eru opin fólki á öllum aldri, óháð félagsaðild, en sú starfsemi sem er niðurgreidd er eingöngu ætluð eldra fólki sem búsett er í Kópavogi. *- ve*

Hjónin Reynir Carl Þorleifsson bakari og Jenný Þóra Eyland reka bakaríið Reyni bakara í Kópavogi. Flestir spáðu því skammlífi en þær hrakspár gengu ekki eftir og hafa þau hjónin ekki undan við að afgreiða alls kyns kræsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhættan margborgaði sig

Reyni Carli Þorleifssyni bakara var ekki spáð góðu gengi þegar hann opnaði bakarí á Dalvegi í Kópavogi. Nú eru bakaríin orðin þrjú og svo getur farið að hann opni það fjórða í Bandaríkjunum er fram líða stundir.

Reynir Carl Þorleifsson bakari hefur séð Kópavogsbúum fyrir kökum og kræsingum síðan árið 1994, en þá hóf hann rekstur á bakaríinu Reynir bakari á Dalvegi 4 ásamt eiginkonu sinni, Jennýju Þóru Eyland. Margir spáðu bakaríinu reyndar skammlífi og þá helst vegna staðsetningar. En áhættan borgaði sig og nú eru bakaríin orðin þrjú.

„Ég var búinn að hvíla mig á bakstri í nokkur ár, en fann þörfina að nýju og fór að skoða skipulagið í Kópavogi. Þá sá ég að Dalvegur yrði aðalæð í Kópavogi í framtíðinni. Svo fann ég hérna hús í hverfinu sem stóð autt og falaðist eftir því að fá það leigt. Þá var bara hlegið að mér, þar sem hér var ekkert í kring,“ rifjar Reynir upp.

Ekki stóð þó á því að Reynir fengi húsnæðið leigt undir starfsemina og þremur árum eftir opnun keypti hann það. Fyrstu árin virtust hrakspárnar þó ætla að rætast því ekki var sála á kreiki. Til marks um það segir Reynir eiginkonuna, sem sinnti afgreiðslustörfum, aldrei hafa prjónað jafn margar lopahúfur um ævina.

„Þetta breyttist síðan með byggingu Smáratorgsins,“ heldur hann áfram „Þá fór allt á fullt skrið og nú eru viðskiptin alltaf að aukast. Svo hefur byggð risið hér í kring, sem breytti ýmsu.“

Aðspurður hvað Kópavogsbúar séu helst sólgnir í, svarar Reynir að það séu ekki sætindin eins og margan gæti grunað, heldur brauðin. „Þau njóta vaxandi vinsælda. Við erum alltaf að auka fjölbreytnina og bjóðum nú upp á speltbrauð og alls kyns kornabrauð. Fyrir fimmtán árum þýddi ekki að bjóða fólki slíkt. Nú eru brauðin aðalsöluvaran.“

Innflutt vara er í algjöru lágmarki í bakaríinu enda segist Reynir vilja skapa sér sérstöðu með því að baka flest á staðnum. Svo virðist sem bragðið hafi hrifið þar sem Reynir rekur nú tvö bakarí í Kópavogi, en hitt er í Hamraborg, og það þriðja á Flórída í samstarfi við fleiri. Var það opnað í vor við ágætis undirtektir. „Við ætluðum að fara út í heilsuvöru en Bandaríkjamenn eru miklir sælkerar; fara í kleinuhringi á morgnana, ólíkt okkur sem kaupum rúnstykki og brauð. Þeir eru þó hrifnir af ýmsu hjá okkur.“

Að svo sögðu má Reynir ekki vera að því að spjalla lengur. Það er brjálað að gera á Dalvegi og síðan er bakarinn að undirbúa ferð til Bandaríkjanna sem gæti leitt til þess að hann opnaði þar annað bakarí. Hann vill þó ekki fara nánar út í það að sinni, en lofar að láta vita hvaða stefnu málin taka.

- rve

Hillurnar svigna undan alls konar kræsingum, þar á meðal rjómakökum og öðrum sætindum.

Góður árangur Gerplu

Iðkendur úr meistarahópi í áhaldafimleikum í íþróttafélaginu Gerplu í Kópavogi þóttu standa sig með sóma á alþjóðlega mótinu Malar Cup sem haldið var í Stokkhólmi fyrir skemmstu. Heimamenn mega vera stoltir af sínu fimleikafólki.

Hér má sjá kvennasveit Gerplu en meðlimir í félaginu stóðu sig með glæsibrag á alþjóðlega mótinu Malar Cup sem fór fram í Stokkhólmi á dögunum.

Iðkendur úr meistarahópi í áhaldafimleikum hjá Gerplu stóðu sig með glæsibrag á alþjóðlega mótinu Malar Cup í Stokkhólmi á dögunum. Átta strákar og fimmtán stúlkur kepptu á mótinu og unnu stúlkurnar til silfurverðlauna í liðakeppninni en alls tóku 24 lið þátt í mótinu.

Thelma Rut Hermannsdóttir varð önnur í fjölþraut á mótinu og var önnur tveggja sem náðu að komast í úrslit á öllum áhöldum. Hún vann til bronsverðlauna á tvíslá og hafnaði í fjórða sæti á gólfi og slá, auk þess að verða í fimmta sæti í stökki.

Sigrún Dís Tryggvadóttir varð í sjöunda sæti í fjölþraut og komst í úrslit bæði á gólfi og slá þar sem hún hafnaði í sjötta og fimmta sæti. Þá komst Harpa Dögg Steindórsdóttir í úrslit á tvíslá og náði þar fimmta sæti. Loks náði Linda Björk Árnadóttir frábærum árangri á mótinu miðað við að keppa þar á sínu fyrsta alþjóðlega móti og náði sjötta sætinu í stökki.

Strákarnir voru með tvö lið á mótinu og lentu í sjöunda og fjórtánda sæti í liðakeppninni.

Ingvar Jochumsson vann bronsverðlaun í fjölþraut og varð sjötti í fjölþraut og félagi hans Magnús Jónasson varð í sjötta sæti í fjölþraut.

Árangur Gerplu á mótinu var því allur til fyrirmyndar og stóðu íslensku keppendurnir sig með miklum glæsibrag. Nánar á vefsíðu Gerplu, www.gerplu.is. *- sig*

Sofðu vel um jólin

Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.

JÓLATILBOÐ

Hágæða hlífðardýnur, lök og konfektkassi fylgja öllum stillanlegum rúmum.

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráð hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **219.900** stgr.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **369.900** stgr.

Sá nýjasti og besti frá Leggett

S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.

- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr næloni.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN

G.T. ÓSKARSSON
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania



Það er engin ástæða til að horfa á heiminn
í svarthvítu. SIBA–ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita
BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funi.is – www.blikkas.is

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir
úr viðurkenndu PVC-U hágæða
efni frá REHAU®
Kjarnagluggar hafa einstakt
einangrunargildi og eru til í
mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og
áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is
E. Backman auglýsingastofa

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.
Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta
Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar, sunnan við íþróttahúsið Smárann og Fífuna þar sem til stendur að reisa hjólabrettasvæði. Að hans sögn mun það verða opið öllum sem vilja og einnig nýtast vel fyrir reiðhjól, línu- og hjólaskauta.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fullkomið hjólabrettasvæði

Til stendur að setja nýtt hjólabrettasvæði upp sunnan við íþróttahúsið Smárann og Fífuna. Svæðið er unnið út frá tillögu garðyrkjustjóra Kópavogs sem bæjarráð hefur samþykkt.

„Þetta er í raun malbikaður platti, svipaður þeim í Seljahverfi við Breiðholtsbrautina. Frekar slétt, malbikað svæði þar sem gott er að renna á brettum og öðru og ekkert sem truflar. Mikil áhersla verður lögð á góða lýsingu. Síðan eru hugmyndir uppi um að þarna verði haldin einhvers konar brettamót næsta vor.“

Þetta segir Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar, um nýtt hjólabrettasvæði sem bærinn ætlar að láta reisa sunnan við íþróttahúsið Smárann og Fífuna upp úr áramótum ef veður leyfir. Sem stendur er verið að undirbúa svæðið fyrir komu tækjanna, sem notuð verða til brettaiðkunar, en verið er að setja þau saman erlendis.

Kópavogsbær bætist þar með í ört stækkandi hóp bæjarfélaga, sem hafa tekið fullbúin hjólabrettasvæði í notkun. Nægir þar að nefna Akureyri og Seltjarnarnes. En spurning vaknar af hverju Kópavogsbær hafi fyrst núna ákveðið að samþykkja hjólabrettasvæði þar sem íþróttin hefur verið stunduð hérlendis árum saman.

„Það er nú ekki fyrr en á síðustu árum sem alvöruvellir hafa verið búnir til,“ svarar Friðrik. „Hér var settur upp rampur í kringum árið 1990. Hann entist hins vegar ekki neitt og var á endanum fjarlægður ónýtur. Svo voru frumstæð tæki til brettaiðkunar, rör og rampur og þess háttar, niðri við bílastæðið hjá Kópavogsvelli. Það var tekið út af Landsmótinu og ekkert sett í staðinn. Hér var því ekkert brettasvæði.“

Að sögn Friðriks varð þessi skortur til þess að nokkrir drengir tóku sig saman og fóru á fund bæjarstjóra og óskuðu eftir brettasvæði.

„Bæjarstjórinn bað mig að skoða málið og ég kom síðan með tillögu að staðsetningu, sunnan við Fífuna og Smárann og við hliðina á gervigrasvelli, en við höfum sett slíka velli upp fyrir alla skóla bæjarins. Tillagan að svæðinu var síðan samþykkt af bæjarráði Kópavogs.“

Hjólabrettasvæðið mun ekki aðeins koma að góðum notum fyrir hjólabrettaiðkendur, heldur mun það nýtast vel fyrir reiðhjól, línu- og hjólaskauta. Það verður opið allri fjölskyldunni en Friðrik á þó frekar von á að yngri kynslóðirnar nýti sér aðstöðuna heldur en þær eldri.

„Hefurðu séð marga yfir fimmtugt á bretti?“ spyr hann og hlær. „Ekki ég og auk þess held ég að það gæti beinlínis verið hættulegt. Sérstaklega fyrir fólk sem er komið með beinþynningu og þess háttar.“

Blaðamanni liggur þá forvitni á að vita hvort Kópavogsbúar megi ekki vænta þess að sjá garðyrkjustjórann sinn taka smá snúning á svæðinu?

„Nei, ekki sjens,“ svarar Friðrik að bragði. „Ég er svo klaufskur og nokkuð viss um að ég myndi brjóta mig við það eitt að stíga á bretti,“ segir hann hlæjandi og bætir við að hann eftirláti frekar syni sínum slíkar kúnstir. Sá sýni nokkuð góða takta á hjólabrettinu.

- rve

Heilsuefling í leikskólanum Kór

Í leikskólanum Kór í Kópavogi er lögð áhersla á heilsueflingu eins og í fleiri leikskólum í bænum.

Friðarlundur, Gleðilundur, Gæðalundur, Kærleikslundur, Tryggðarlundur og Vinarlundur eru nöfn á deildum heilsuleikskólans Kórs við Baugakór 25 í Kópavogi. Áherslan þar er á heilsueflingu eins og í fleiri leikskólum bæjarins og kjörorðið er hið gamalkunna og sígilda slagorð „heilbrigð sál í hraustum líkama“.

Heilsuskólinn Kór varð eins árs í júní í sumar en börnin sem þar dvelja eru frá 18 mánaða aldri til 6 ára. Um það bil 20 börn eru á hverri deild og þeim er skipt eftir aldri.

Kór er einkarekinn leikskóli af verktakanum RV-ráðgjöf. Þar gilda í meginþáttum sömu reglur og í öðrum leikskólum Kópavogs og fylgt er sömu gjaldskrá. Boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma og getur hann verið frá fjórum upp í níu tíma.

Þessi unga stúlka ber örugglega holla fæðu fyrir sína gesti eins og venjan er í heilsuleikskólanum Kór.

Einnig er hægt að kaupa svokallaða opnun og lokun sem er 30 mínútur fyrir og fram yfir umsamdan vistunartíma.

- gun

Holtasmári 1 - til útleigu

Vandað skrifstofu- og verlsunarhúsnæði

Eignamiðlun hefur verið falið að annast útleigu á um 3400 fm í húsi sem er mjög vel staðsett og þekkt.

Um er að ræða hluta jarðhæðar sem er mjög gott verslunar-rými, 5., 6 ,7. og 8. hæð hússins. Á 5.,6. og 7. hæð eru skrif-stofur, fundarsalir, snyrtingar og eldhús.

Á 8. hæð er stór matsalur, vinnusalir, fundarsalur, o.fl. Hæðin gæti einnig hentað sem skrifstofur. Mjög stórar svalir eru á 8. hæðinni en á öðrum hæðum eru einnig góðar svalir.

Á jarðhæð er gott verslunarrými. Fjöldi bílastæða er við húsið, m.a. í bílageymslu. Húsnæðið verður laust um næstu áramót.

Allar nánari upplýsingar gefa Þorleifur St. Guðmundsson og Hákon Jónsson löggiltir fasteignasalar á Eignamiðlun.

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21, 108 Reykjavík
Sími 588-9090 • Fax. 588-9095
http://www.eignamidlun.is

Í bænum ríkir mjög góður andi

Söngkonan og dagskrárgerðarmaðurinn Guðrún Gunnnarsdóttir á heima í Kópavogi og hefur sterkar skoðanir á bænum. Hún vill sjá meiri fjármunum varið í menntakerfi og fleiri græn svæði en færri blokkir. Engu að síður vill hún hvergi annars staðar búa.

Guðrún Gunnarsdóttir ásamt eiginmanni sínum, Valgeiri Skagfjörð, og dætrunum Elísabetu, 13 ára, og Önnu Hjördísi, 15 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

„Ég hef búið hér alla ævi. Flutti í burtu í þrjú ár í heildina séð og átti þá heima á Akureyri og í Reykjavík. Eftir það hef ég búið hér með börnin mín, sem eru nú Kópavogsbúar. Maðurinn minn er úr Reykjavík en mér hefur líka tekist að gera hann að Kópavogsbúa," segir Guðrún hlæjandi um mann sinn Valgeir Skagfjörð leikara.

Guðrún segir það hafa verið gott að alast upp í Kópavogi og svo sé enn þótt bærinn hafi tekið miklum breytingum í seinni tíð. „Ég fór sem krakki í sendiferðir í lakkrísgerðina Drift, þar sem Smárinn er nú, og keypti lakkrís í kílóavís fyrir mömmu og skyldmenni úti á landi. Svo keypti maður egg af konu í Suðurhlíðunum og gjafavöru í Siggubúð, í bílskúr þar sem Samúel Örn og Ásta B. Gunnlaugsdóttir búa nú. Frekar langt ferðalag fyrir litla manneskju. En þetta er allt saman farið í dag."

Guðrún var ekki há í loftinu þegar hún var farin að þekkja bæinn eins og lófann á sér og sú þekking jókst þegar hún byrjaði í bæjarvinnunni. „Ég malbikaði hér göturnar, svo ég veit nánast hvar allar götur eru í Kópavogi," segir hún hlæjandi og bætir við að hún hafi unnið talsvert fyrir bæinn. Flokkað póstinn um jólin og fleira.

Eins og fyrr sagði flutti Guðrún um tíma úr Kópavogi og var það ekki fyrr en hún hafði eignast eigin fjölskyldu að hana langaði aftur á heimahagana. „Þá bjó ég á Skólavörðustíg og fannst það fáranlegar aðstæður fyrir tvö lítil börn," segir hún. „Mér fannst svo mikið vesen að klæða þau upp og þurfa að fara niður í Hljómskála til að nálgast einhver græn svæði. Þess vegna flutti ég í Smárann í Kópavogi. Hverfið var nýtt, allt fullt af engjum, fíflum, bílastæðum og rólegt um að vera. Þar bjuggum við í tólf ár áður en við fluttum í gamla austurbæinn."

Guðrún er ánægð í austurbænum og segist ekki einu sinni geta hugsað sér að flytja í vesturbæinn, þótt henni þyki vænt um hann. Sérstaklega þótti henni það afleit hugmynd þegar til stóð að gera gagngerar breytingar á Kársnesi. En þrátt fyrir ánægju með umhverfið segist hún engu að síður sakna grænna svæða, sem fækki á meðan blokkum fjölgar, og finnst mikilvægt að halda í þau.

„Það er eins og menn sjái ekki nógu langt fram í tímann, heldur vilji bara græða sem mest á landinu sem eftir er. Mér finnst fáránlegt að reisa eitthvað hærra en þrjár hæðir á Íslandi. Á meðan er ekki nógu miklum fjármunum varið í innra líf bæjarins," segir Guðrún og er greinilega mikið niðri fyrir.

„Til dæmis má bæta þjónustu í skólum hvað börnin varðar og verja meiri fjármunum í innra starf. Ég man bara eftir því sem krakki þegar ég byrjaði að æfa hand- og fótbolta með Breiðabliki, að það kostaði nánast ekki neitt. Kópavogur gekk náttúrulega undir nafnin félagsmálabær og ekki að ósekju. Hér ríkti mikil jafnaðarstefna og það var séð til þess að börn og unglingar hefðu það gott.

Ég sakna þess í allri uppbyggingunni. Það koma upp ýmis vandamál hjá börnum og unglingum þegar bæjarfélög vaxa hratt. Það mætti alveg verja meira fé í að leysa úr því í skólastarfinu, ásamt því að gera listgreinum hærra undir höfði. Svo má alltaf gera betur við eldri borgara. Viljann vantar ekki en það þarf mannafla til að koma þessu til skila. Menn hafa svolítið gleymt sér í steinsteypunni," segir hún.

Á heildina litið er Guðrún þó sátt og segir einstaka samkennd ríkja í bænum. „Andinn er mjög góður og ekki óalgengt að fólk spjalli hvað við annað úti í búð. Þetta er svo mikill bær, öfugt við það sem margir halda. Alls ekkert úthverfi eins og Kópavogur hefur gjarnan verið stimplaður."

Guðrún segist efast um að flytja úr bænum, að minnsta kosti héðan af. Þó sé best að segja aldrei aldrei. Hugsanlega gæti henni þó snúist hugur ríði eitthvert skipulagsslys yfir. Það verði framtíðin ein að leiða í ljós. - rve

the PIER

krans
2.990 kr.

Hnetubrjótur
1.990 kr.

kerti frá
690 kr.

Jólavörur og speglar í miklu úrvali
The Pier

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | við hlið Toys'r'us
mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00
tilboð gilda á meðan birgðir endast

Köttur sem heldur að hann sé hundur

Dimmalimm, eða Kisa eins og hún kallast í daglegu tali, er um margt óvenjuleg læða. Ólíkt flestum köttum vill hún ekki fara út fyrir hússins dyr og geltir þar að auki eins og hundur.

Karen Anna Erlingsdóttir með læðuna Kisu sem er enginn venjulegur heimiliskötturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kisa er tveggja ára útiköttur sem hefur alla tíð verið frjáls sinna ferða. Síðasta sumar hætti læðan að vilja fara út og gerir það ekki nema í fylgd móður eiganda síns, en sú heitir Álfheiður Sigfúsdóttir. Skiptir engum togum þótt gluggar hússins séu opnir upp á gátt. Út fer kötturinn ekki án Álfheiðar og aldrei svo heimilið sé úr augsýn.

„Það þýðir ekkert að fara með hana út og skilja hana eftir. Þá fer hún bara í fýlu. Hún fer hins vegar með mér út í garð kalli ég á hana," segir Álfheiður sem skilur ekkert í þessari hegðun kattarins frekar en aðrir meðlimir fjölskyldunnar, sem býr í vesturbæ Kópavogs.

„Ég fór út í garð í sumar og bankaði í gluggann svo hún kæmi út," nefnir Álfheiður sem dæmi. „Hún gerði það og var eitthvað að sniglast í kringum mig. Svo þurfti ég að sækja eitthvað inn og fór hringinn í kringum húsið til þess. Þegar ég kom inn blasti kötturinn við mér. Þá hafði hún flýtt sér aftur inn. Ég fór svo út aftur og bankaði í glerið. Þá kom hún út í garð."

Álfheiður segist aldrei hafa heyrt að kettir vilji ekki fara út. Stundum veltir hún fyrir sér hvort ástæðuna megi rekja til þess að hundur bjó þar sem læðan kom í heiminn, en hún virðist hafa lært af honum ýmsa takta. „Það var hundur þar sem Kisa fæddist. Stundum sækir hún dót eða rusl og labbar út um allt með það í kjaftinum eða fylgir mér hvert fótmál. Alveg eins og hundur."

Blaðamaður spyr þá hvort ekki hefði verið nær að skíra köttinn upp á nýtt, Hvutta í stað Kisu. „Eða kannski bara Snata," svarar Álfheiður hlæjandi en segist ekki eiga von á því.

Svo virðist sem útiveran sé þó ekki hið eina sem fellur Kisu illa í geð. Aðrir fjórfætlingar fá ekki beint konunglegar móttökur þegar þeir reka trýnið inn á heimilið og eins gerir Kisa mikinn mannamun. „Hún heilsar ekkert hverjum sem er," segir Álfheiður. „Til dæmis ef krakkarnir fá vinina í heimsókn og þá sérstaklega strákurinn. Þá forðar kötturinn sér. Hún er lítið fyrir karlmenn finnst manni. Heilsar frekar upp á konur og er mjög hrifin af einni vinkonu minni."

Blaðamanni spyr þá hvort fjölskyldunni skyldi aldrei hafa dottið í hug að leita til atferlisfræðings til að ráða bót á þessum vanda. „Nei, ég kann ágætlega við Kisu eins og hún er," svarar Álfheiður. „Hún er bara pínulítið sérstök. Hálfgeltir þegar hún sér hrafna og aðra fugla, eins og hundur myndi gera. Annars er hún mjög góð. Situr mikið hjá mér og sefur til skiptis hjá okkur mæðgunum, mér og dóttur minni, Karen Önnu Erlingsdóttur, sem er eigandinn. Kisa er bara félagsdýr út frá sínum forsendum." - rve

Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur Plastiðnaður dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

Jafnréttiskennsla í leik- og grunnskólum

Kópavogsbær er aðili að nýju og spennandi verkefni sem miðar að eflingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi leik- og grunnskóla.

Að verkefninu standa einnig félagsmálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, sem hefur umsjón með því, Jafnréttisráð, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaður og Akureyrarkaupstaður.

Meginmarkmið verkefnisins er að efla jafnréttisfræðslu, samþætta kynjasjónarmið í kennslu og auka upplýsingaflæði um jafnréttismál.

En með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu er hægt að gefa ungu fólki tækifæri til að taka ákvarðanir um framtíð sína á eigin forsendum, óháð staðalmyndum kynjanna og hefðbundnu starfsvali.

Sett verður upp vefsíða þar sem upplýsingar um jafnréttisfræðslu verða aðgengilegar, auk upplýsinga um verkefni sem nota má í skólastarfi.

Einnig verða leik- og grunnskólum falin tilraunaverkefni á sviði jafnréttismála og vefsíðan notuð til kynningar á þeim.

Nánar á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is - þlg

Í Kópavogi er nú unnið að eflingu jafnréttisfræðslu og samþættingu kynjasjónarmiða í leik- og grunnskólum.

Glens frekar heldur en grátur

Leikfélag Kópavogs fékk fyrir skemmstu afhent nýtt húsnæði undir starfsemi sína að Funalind 2. Framkvæmdir standa nú yfir á húsinu en áætlað er að frumsýna þar verk eftir áramót.

„Við erum ekki búin að negla niður ákveðið verk eða fastráða leikstjóra. Skiljanlega, með hliðsjón af því að við vitum ekki hversu mikið hægt verður að framkvæma í húsinu," segir Gísli Björn Heimisson, formaður Leikfélags Kópavogs.

„Að öllum líkindum verður þetta þó eitthvað í skemmtilegri kantinum, frekar heldur en stykki sem er þungt í vöfum. Það er samt alveg óráðið. En við erum ákveðin í að fara af stað upp úr áramótum." Gísli bætir við að ýmislegt sé þó í gangi, meðal annars námskeið í leikhússporti og svo sé unglingadeildin önnum kafin.

Næst á dagskrá er síðan skemmtikvöld fyrir félagsmenn 8. desember næstkomandi til að bjóða þá velkomna í nýja húsnæðið. Þá munu ýmsir meðlimir félagsins stíga á svið og svo verður haldin leikhússportkeppni. Næstu dagar fara því í frekari framkvæmdir á húsinu en fjárskortur hefur staðið félaginu fyrir þrifum.

„Við erum komin með teikningar í húsið og erum að laga það að okkar þörfum," segir Gísli. „Hins vegar vantar peninga til að klára. Við höfum fengið styrk frá Kópavogsbæ og erum mjög þakklát. Hins vegar þarf að mörgu að huga og þess vegna komum við til með að leita til aðila innan bæjarins og óska eftir stuðningi. Vonandi gengur það vel." - rve

Memento mori var samstarf Leikfélags Kópavogs og Hugleiks.

Meðgöngufatnaður er seldur í versluninni Tvö líf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rokklög fyrir smábörn

Í versluninni Tvö líf í Kópavogi er seldur meðgöngufatnaður á konur. Auk þess er hægt að finna þar ýmislegt á og fyrir yngstu meðlimi fjölskyldunnar.

„Það allra nýjasta hjá okkur í búðinni eru diskarnir Rockaby Baby en þar eru lög þekktustu rokkhljómsveita heims, svo sem Nirvana og Metallica, sett í nýjan og öllu rólegri búning fyrir börn. Diskarnir hafa notið mikilla vinsælda," segir Ásdís Birta Gunnarsdóttir, eigandi verslunarinnar Tvö líf.

„Svo vorum við að fá til okkar merkið Paige Denim," bætir hún við. „Þetta eru vinsælustu gallabuxurnar í Hollywood í dag. Þar láta stjörnurnar ekki sjá sig í öðrum gallabuxum og gildir þá einu hvort þær eru barnshafandi eða ekki."

Ásdís var önnum kafin við að taka jólafötin upp úr kössum þegar blaðamaður hafði samband og því viðbúið að nóg verði þar á boðstólum fyrir jólin. Meðal þess er sending af Noopos-fatnaði, sem Ásdís segir vera stærsta fyrirtækið innan þessa geira, og fatnaði frá fyrirtækinu Fragile. „Þetta er meðgöngufatnaður sem hentar við öll tækifæri."

Þess utan fást undirföt og brjóstagjafafatnaður á konur og eins fatnaður á börn. Nánar um verslunina á heimasíðunni www.tvolif.is.

- rve

Tómstundavagninn 28

á hálftímafresti allan daginn



1 Íþróttahús Kársnesskóla
2 Sundlaug Kópavogs
3 Íþróttahús Kópavogsskóla
4 Íþróttahúsið Snælandi
5 Íþróttahúsið Digranesi
6 Skátaheimilið
7 Íþróttahúsið Smárinn
8 Fífan
9 Kópavogsvöllur
10 Íþróttahúsið Lindaskóla
11 Íþróttamiðst. Versalir, Salalaug
12 Íþróttamiðstöðin Kórinn

1 Félagsmiðstöðin Ekkó v/Kársnesskóla
2 Félagsmiðstöðin Kjarninn v/Kópavogsskóla
3 Félagsmiðstöðin Igló v/Snælandsskóla
4 Félagsmiðstöðin Höllinn v/Digranesskóla
5 Félagsmiðstöðin Mekka v/Hjallaskóla
6 Félagsmiðstöðin Þeba v/Smáraskóla
7 Félagsmiðstöðin Jemen v/Lindaskóla
8 Félagsmiðstöðin Fönix v/Salaskóla
9 Félagsmiðstöðin v/Hörðuvallaskóla
10 Félagsmiðstöðin Dimma v/Vatnsendaskóla

Fáðu nánari upplýsingar og tímatöflu á bus.is og kopavogur.is

Rafrænar gildrur nýjasta viðbótin

Skotfélag Kópavogs vinnur nú að endurbótum á aðstöðu félagsins með uppsetningu á rafrænum gildrum, sem eru þær fyrstu sinnar tegundar á Íslandi.

„Við erum að setja upp nýtt skotkerfi í húsið í næstu viku. Það er nánast tilbúið, verið að leggja lokahönd á það. Þar með hættum við að skjóta á pappír og munum framvegis gera það í rafrænar gildrur. Fyrir þá sem ekki vita er gildra það sem tekur við byssukúlunum. Flest erlend skotfélög notast við slíkar gildrur og loksins eru þær komnar til Íslands.“

Þetta segir Steindór Hrannar Grímarsson, formaður Skotfélags Kópavogs, sem hefur ásamt félögum sínum í félaginu staðið í stórræðum að undanförnu við endurbætur á aðstöðu þess í HK-heimilinu á Digranesvegi, sem er á Skálaheiði í Kópavogi. Félagið hefur verið þar frá stofnun árið 1989 og deilir aðstöðunni með lögreglunni og Landhelgisgæslunni.

Að sögn Steindórs eru meðlimir Skotfélagsins 150, en menn þurfa að hafa náð fimmtán ára aldri og greiða árleg félagsgjöld til að geta orðið meðlimir. Meginþorri félagsmanna er karlmenn en Steindór telur litla kynningu á starfseminni vera eina orsök lágs hlutfalls kvenna. Svo er hann ekki frá því að karlar séu í eðli sínu áhugasamari um skotfimi en konur.

Blaðamaður spyr hvort það stafi þá kannski af öllum byssuleikjunum sem karlar stunda sem drengir. „Alls ekki,“ svarar Steindór. „Maður gæti allt eins spurt af hverju spjótkastari kýs að kasta spjóti í stað þess að tefla. Fólk hefur ólík áhugamál. Svo fá menn ekki spennufall á æfingum. Skotfimi byggist öll á nákvæmni, þótt hún fari eftir skotgreinum. Ástæðan er sú að auðveldara er að hitta með sumum byssum en öðrum.“

Skotgreinarnar eru þó nokkrar og sömu alþjóðlegu reglurnar liggja til grundvallar þeim öllum. Meðlimir geta æft sig á skammbyssur, loftriffla og fríbyssur svo fátt eitt sé nefnt. Unglingar 15 ára og eldri geta æft og keppt í loftriffil- og loftskammbyssu-greinum ásamt 22 hlaupvídda riffilgreinum undir eftirliti þjálfara. Er mælt með að foreldrar fylgist með fyrst um sinn. Í öðrum greinum er miðað við 20 ára aldur. Leyfi þarf fyrir skammbyssur og að hafa verið skráður meðlimur í viðurkenndu skotfélagi í að minnsta kosti tvö ár til að öðlast það.

Nokkrir meðlimir hafa farið út að keppa í gegnum Skotsamband Íslands og Ungmennasambandið, en það er óalgengt að sögn Steindórs. Að minnsta kosti samaborið við aðrar íþróttagreinar, segir hann, og er augljóst að honum finnst að það mætti gera skotfimi hærra undir höfði hérlendis.

SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR SAFNSTJÓRI Heillaðist af þjóðháttafræði og fornminjum þegar hún ferðaðist um landið og safnaði upplýsingum um fráfærur sumarið 1976. MYND/FEYKIR

Auk þess að safna öllu sem tengist búferlaflutningum, samgöngum og sögu íslenska hestsins segir Sigríður Byggðasafn Skagfirðinga leggja höfuðáherslu á allt sem lúti að byggingu torfbæja og lífinu í þeim. „Við erum sennilega í torfríkasta héraði landsins því af þeim byggingum sem eftir standa úr því efni eru flestar í Skagafirði. Hér er líka auðvelt að ná í torf ennþá þrátt fyrir þurrkun landsins,“ segir Sigríður, sem í lokin nefnir tvær einfaldar ástæður endingar hennar í starfi safnstjóra. „Spennandi verkefni og frábært samstarfsfólk.“

gun@frettabladid.is

80 ára afmæli

Þorsteinn Einarsson
(Steini frá Sólheimum)
(Steini Rock)

Ég verð 80 ára þann 17. nóvember og af því tilefni tek ég á móti gestum á Hótel Lunda í Vík í Mýrdal frá kl. 18.00 sama dag.
Vonast til að sjá sem flesta,
Steini

90 ára afmæli

Ari Benjamínsson

Hringbraut 2a, Hafnarfirði,

er 90 ára í dag. Ennfremur eiga þau hjónin Sigríður Ólafsdóttir og Ari 60 ára brúðkaupsafmæli.
Þau eru að heiman.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Risakona í Garðinn

Bæjarstjórn Garðs hefur mælt með tillögu nefndar um 100 ára afmæli sveitarfélagsins Garðs að sett verði upp útilistaverk sem sýnir sex metra háa konu við innkeyrsluna inn í sveitarfélagið. Listaverkið heitir Skynjun og er eftir listakonuna Ragnhildi Stefánsdóttur.

Konan hávaxna verður samsett úr mörgum konum, sem höfundur telur að geti verið táknrænt fyrir allar þær konur sem um aldir hafa horft til hafs og beðið heimkomu eiginmanna og sona úr greipum hafsins.

Frétt af vef www.vf.is

GARÐSKAGSVITI Líklega mun hávaxin kona gnæfa yfir Garði í framtíðinni.

Fæðingarmet á Akranesi

Nýtt fæðingarmet hefur verið sett á fæðingardeild Sjúkrahúss Akraness. Það var drengur úr Ólafsvík sem varð barn númer 239 sem fæddist á þessu ári og hefur honum verið gefið nafnið Brynjar Már. Foreldrar hans eru Margrét Ósk Sölvadóttir og Viktor Reinholdsson. Fyrra metið er frá síðasta ári en þá fæddust 238 börn. Því er ljóst að fæðingartalan á eftir að hækka nokkuð enda tæpir tveir mánuðir eftir af árinu.

Margar konur sækja sérstaklega eftir því að fæða á Akranesi, bæði konur frá Reykjavík og annars staðar að. Meðal annars er boðið upp á lengri sængurlegu á Akranesi en víða annars staðar.

Að minnsta kosti þrjátíu konur eru þegar skráðar inn fram til áramóta svo fyrirséð er að met er í uppsiglingu.

Frétta af www.skessuhorn.is

AKRANES 239 börn hafa fæðst á Sjúkrahúsi Akraness það sem af er ári og talan á eftir að hækka.

ÞÓRARINN ELDJÁRN Rithöfundurinn les úr sögu sinni Fjöllin verða að duga.

Súfistakvöld Forlagsins

Þriðja Súfistakvöld vetrarins verður haldið að Laugavegi 18 í kvöld, fimmtudag, klukkan 20.00 en þar munu nokkrir höfundar Forlagsins lesa úr nýjum verkum.

Þetta eru þau Vigdís Grímsdóttir sem les úr Sögunni um Bíbí Ólafsdóttur, Gerður Kristný sem les úr Höggstað, Þórarinn Eldjárn sem les úr Fjöllin verða að duga og Kristín Helga Gunnarsdóttir sem les úr Draugaslóð.

Bækur þessara höfunda verða á sérstökum afslætti í verslun Máls og menningar í tilefni Súfistakvöldsins.

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

Harry Potter og dauðadjásnin

Útgáfu Tilboð

2.990,-



Harry Potter og dauðadjásnin, sjöunda og síðasta Harry Potter bókin er komin á íslensku í Bókabúð Máls og menningar.

– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18



STUÐ MILLI STRÍÐA Fullorðnir á koppi eru ekkert sætir

ROALD VIÐAR EYVINDSSON GEFUR ELSKENDUM GÓÐ RÁÐ

Nú er í tísku að kenna fólki grunninn að góðu sambandi og margt í boði. Flest hefur mér þótt bera vott um algjöran viðvaningshátt og finn mig því knúinn til að miðla þér, lesandi góður, nokkrum gullkornum, sem munu leiða þig inn á sanna braut ástarinnar.

1. Ekki neyða makann til að horfa á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hafi hann ekki gert það hingað til. Líklegast hefur hann bara engan áhuga. Annars væri hann búinn að því, ekki satt? Svo skaltu ekki halda að með því að útskýra söguþráð eða tengsl persóna tendrirðu áhugann. Það er aðeins eitt meira pirrandi en leiðinlegt sjónvarpsefni: Einhver sem talar allan tímann ofan í leiðinlega sjónvarpsefnið.

2. Ekki versla saman í IKEA, nema þú viljir gera út af við sambandið. Yfirleitt er ekki lengra komið en í sófadeildina þegar rifrildið byrjar og mann langar helst til að bíta af sér tærnar og hrækja þeim í sænsku kjötbollurnar. Nei, þá er betra að njóta í einrúmi alls þess fagra sem frændur okkar hafa upp á að bjóða í hönnun.

3. Ekki gefa makanum snyrtivörur eða heimilistæki. Sumir gætu tekið því fyrra sem vísbendingu um að þrífa sig betur. Hitt gæti skilist sem ábending um einhverja vanhæfni heima fyrir. Sjálfur veit ég um eina sem dró einu sinni eldhússveðju upp úr jólapakkanum frá kærastanum og langaði mest til að búa til úr honum kjötkássu.

4. Sjálfshjálparbækur eru eins vísar með að falla í grýttan jarðveg. Eins og stelpan sem kvartaði þráfaldlega undan skvapi við kærastann. Hann ákvað að vera góður við elskuna sína og gefa henni bók með ráðum um hvernig best væri að losna við aukakílóin. Hún var fljót að losa sig við kærastann.

5. Ekki vera of frjálsleg, til dæmis með því að leysa vind á meðan þið horfið á sjónvarpið eða nota salernisskálina þegar makinn er á baðherberginu. Börn eru sæt þegar þau kúka í kopp. Ekki fullorðnir. Mundu að aðeins örfáum gæti þótt þú sexí á klósettinu og litlar líkur að maki þinn sé einn þeirra.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ertu búin að sjá leikfangablaðið?

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

HAGKAUP

JÓLAÓSKALISTINN MINN

Nafn:

Óskirnar mínar:

Leikfang:	Vörunúmer:	Blaðsíða:

KRAKKAR!

Jólasveinar mæta í Hagkaup Holtagörðum!

TAKIÐ ÞÁTT Í JÓLALEIK HAGKAUPA

Klipptu út svarseðilinn og komdu með hann í næstu verslun Hagkaupa fyrir 20. desember. Jólasveinar mæta í Hagkaup Holtagörðum laugardaginn 22. desember kl. 14:00 og draga úr sendum lausnum. Í vinning eru 6 leikfangagjafabréf að verðmæti 10.000 krónur hvert.

Nafn _____

Sími _____

Heimilisfang

Á hvaða síðu í leikfangablaðinu er jólasveininn með dúkkuvagninn?

Tilboðin gilda 14.–21. nóvember.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kl. 22
Hljómsveit gítarleikarans góðkunna Jóns Páls Bjarnasonar kemur fram í kvöld ásamt bandarískra trommuleikaranum Gene Stone á veitingastaðnum Litla ljóta andarunganum, Lækjargötu 6b. Hljómsveitin mun leika kraftmikla djasstónlist með ágengri sveiflu sem ætti að höfða til djassáhugafólks á öllum aldri. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er aðgangur ókeypis.

menning

menning@frettabladid.is

Sýningarlok og bókverk

Nú um helgina lýkur sex mánaða löngu sýningartímabili á verki Unnars Arnar J. Auðarsonar „Yfirborðssafnið – Girndararkífið – Hrörnunarvirkið" í Safni, samtímalistasafni við Laugaveg 37.

Verkið er eins konar gler-viðbót sem Unnar Örn hefur fest við byggingu Safns. Glerhýsið er skríni sem listamaðurinn, ásamt öðrum, hóf að safna í efni þegar sýningin opnaði. Sýningarstjóri Safns, Birta Guðjónsdóttir, hefur haft umsjón með uppbyggingunni á verkinu, sem hefur vaxið eftir því sem Safni hefur borist efni með Póstinum alls staðar að. Sýningin hefur tekið stöðugum breytingum í þá sex mánuði sem hún hefur staðið yfir.

HRÖRNUN Veður og vindar hafa áhrif á verk Unnars í Safni.

Skrínið sjálft er byggt úr fundnu byggingarefni og heldur vart veðri né vindum. Aðstæðurnar eru því ekki ákjósanlegar til að varðveita það efni sem komið hefur verið fyrir þar inni. Yfirbyggingin hefur þannig boðið upp á möguleikann fyrir hrörnun og jafnvel veðrun eftir því sem lofthiti hefur breyst og rigning og raki hafa komist að. Í tengslum við sýninguna verður efnt til útgáfuhátíðar í Safni vegna útgáfu á bókverki Unnars á laugardaginn kl. 15. Bókin er byggð á samstarfi Unnars Arnar, Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur rithöfundar og heimspekings, Lesley Young sýningarstjóra og Ármanns Agnarssonar hönnuðar. Í bókinni eru einnig texti og myndefni frá Markúsi Þór Andréssyni, Helga Þorgils Friðjónssyni, Ívari Brynjólfssyni og Birtu Guðjónsdóttur. Boðið verður upp á léttar veitingar og allir eru velkomnir.

- vþ

> Ekki missa af...

Upplestri Friðriks G. Olgeirssonar úr bók sinni Snert hörpu mína, en hún fjallar um skáldið Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Upplesturinn fer fram í dag kl. 17.15 á Amtsbókasafninu á Akureyri, sem er viðeigandi þar sem Davíð Stefánsson stendur Akureyringum nær en flest önnur skáld. Bókin kemur ekki út fyrr en um næstu helgi og því fá þeir sem mæta á upplesturinn forskot á sæluna.

Ímynd fegurstu konunnar

Keppnin Miss World, sem á íslensku útleggst Ungfrú heimur, hóf göngu sína árið 1951. Myndlistarmaðurinn Birgir Snæbjörn Birgisson hefur málað andlitsmyndir af öllum sigurvegurum keppninnar frá upphafi en myndaröðin verður til sýnis á Kjarvalsstöðum frá og með næsta laugardegi.

FEGURST KVENNA Málverk eftir Birgi Snæbjörn Birgisson.

Birgir segir aðdraganda verkanna ná um áratug aftur í tímann. „Þessi sýning er rökrétt framhald á myndaröð sem ég hóf að vinna að árið 1997 sem hét Ljóshærðir hjúkrunarfræðingar. Síðan þá hef ég unnið með hugmyndafræði hins ljósa eins og hún kemur fram í vestrænum samfélögum, bæði til góðs og ills."

Það má væntanlega deila um hvort fegurðardrottningar teljist starfsstétt, en Birgir ákvað þó að taka þær fyrir og hófst vinnan við myndaröðina af Ungfrú heimi fyrir einu og hálfu ári síðan. „Ég fann bók í Góða hirðinum sem innihélt gamlar ljósmyndir af sigurvegurum keppninnar Ungfrú heimur frá upphafi. Mér fannst sama sakleysið birtast í þeim og myndaröðinni um hjúkrunarfræðingana og fór því svo að ég málaði nokkrar þeirra. Á sama tíma vorum við Mika Hannula, sem er sýningarstjóri sýningarinnar á Kjarvalsstöðum, að kasta á milli okkar hugmyndum og fannst þá upplagt að gera úr þessum myndum seríu þar sem ég myndi mála hvern einasta sigurvegara keppninnar frá upphafi. Síðastliðið eitt og hálft ár hefur verið undirlagt af þessarri vinnu, en ég er nú búinn að mála alla vinningshafana hingað til og ætlunin er að mála eina fegurðardrottningu á ári héðan í frá," segir Birgir.

Eins og titill sýningarinnar gefur til kynna eru fegurðardrottningarnar á myndum Birgis allar ljóshærðar. Það útlit kann að koma áhorfendum á óvart þar sem það er alkunna að Ungfrú heimur hefur oft og tíðum verið dökk á brún og brá. „Þessar myndir eru ekki eiginlegar portrettmyndir af þeim persónum sem hafa unnið þessa keppni, enda hefði verið erfitt að mála nákvæmar eftirmyndir þeirra upp úr litlum, gömlum ljósmyndum. Þessi verk eru frekar birtingarmyndir hugmyndarinnar um fegurstu konu veraldar. Af þeim sökum skiptir það ekki öllu máli að ég hafi átt við sannleikann um útlit kvennanna á þann hátt að gera þær allar ljóshærðar enda fjalla verkin ekki um þær sem einstaklinga."

Birgir segir ljósa liti myndanna gera það að verkum að áhorfendur þurfa að leggja dálitla vinnu í að meðtaka sýninguna. „Mér skilst að fólk á listsýningum eyði að meðaltali aðeins örfáum sekúndum í að skoða hvert málverk. Málverkin mín eru svo ljós að það er varla að maður greini þau sem gerir það að verkum að áhorfendur þurfa að eyða örlítið meiri tíma en ella í að rýna í þau. Ég tel það áhrifaríkari miðlunarleið að hvísla en að öskra og held að inntakið í verkunum komist frekar til skila ef fólk þarf að leggja á sig dálitla vinnu til að meðtaka þau."

vigdis@frettabladid.is



SINNEP
Atli Ingólfsson

Leiðinn er líf

Ýmis ónot fylgja því að vera á lífi. Þau eru oftast meinlaus. Með áróðri má þó draga þau í flokk kvilla og sjúkdóma svo hagnast megi á að selja lækningu. Fyrir um hálfri öld hófst árangursríkasti áróðurinn af þessu tagi. Meinið sem blásið var upp hét leiði. Meðalið við því varð ein mikilvægasta markaðsvara Vesturlanda: Afþreying. Sérstakt heimilistæki var fundið upp til að lina þjáningar okkar og það varð brátt að hjarta heimilisins.

Eins og gjarnan er með afar ábatasama vöru hækkaði meðalið í tign og varð að hugmyndafræði, næstum trúarsetningu: Afþreying sem lífsfylling. Meðalið varð að tilgangi. Þetta var afdrifaríkt fyrir allar listir og gjörbreytti tónlistarheiminum.

Það væri kíkótískt áræði að leggja þetta meðal spjótum. Það er rótfast í hagkerfinu og þar með lífinu. Kannski má samt glósa nokkur orð um málið.

1) Ég vinn og samkomulag er um að auk mín hagnist einhver annar á vinnunni. Utan vinnu á ég frítíma. Eitt sinn fór hann í hvíld, skemmtun, dundur og snatt eða spjall. Og þótt kannski væri erfitt að koma því í kring gat ég jafnvel látið mér leiðast.
2) Svo kom maður og sagði: „Hvíld og skemmtun eru gamaldags. Nú heitir það afþreying. Með henni skal ég innrétta frítíma þinn, annars kemst leiðinn þar inn eins og rotta." Eftir þetta gat líka einhver hagnast á frítíma mínum. Ég veit ekki hvort ég samþykkti það.
3) Frítíminn, minn tími, er ÞAÐ EINA SEM ÉG Á. Hann er mjög eftirsótt góss því hersingar byggja hag sinn á honum. Ég get séð af einhverju, en förum hægt í sakirnar. Annars er ég að gengisfella mitt líf, með öðrum orðum: Mig.
4) Ágangur mangaranna er mikill. „Slepptu þér" segja þeir, „gefðu leiðanum langt nef". Og menn sleppa sér: Afþreying er ekki eitthvað sem ég hlusta á heldur geng ég inn í heim hennar. Hún stækkar mig ekki heldur gleypir. Þetta er snjallt: Auk þess að græða á frítíma mínum má ýta með henni á skoðanir mínar. Stjórna mér svolítið.
5) Engar áhyggjur samt. Það er ekki hægt að slökkva á fólki nema í bili. Fylgjumst bara með því hvort við stjórnum afþreyingunni eða hún okkur. Fíknin liggur í leyni og fíklar slökkva á sjálfum sér. Og ef illa fer verður afþreying krabbamein tímans.
6) Komdu, leiði, og gerðu mig að konungi í eigin ríki á ný. Ríki míns eigin tíma þar sem þú ert hreyfill hugarflugsins.

Þjóðminjavarsla í 100 ár

Þjóðminjasafnið býður upp á opið hús á morgun í tilefni af 100 ára afmæli þjóðminjavörslunnar á Íslandi. Afmælisár þjóðminjavörslunnar miðast við setningu laga um verndun fornminja árið 1907. Lögin fjölluðu um friðun og varðveislu fornminja í landinu, en tóku til safnsins á þann hátt að ákveðið var að fornminjavörður skyldi vera forstöðumaður þess. Á þann hátt tengdust fornminjavarslan og safnið órofa böndum. Í framhaldi af setningu laganna var fyrsti fornminjavörðurinn, Matthías Þórðarson, skipaður í ársbyrjun 1908.

Það verður ýmislegt um að vera á safninu á afmælisdaginn. Guðmundur Ólafsson, fagstjóri fornleifa, flytur stutt erindi um þjóðminjavörslu í landinu kl. 12. Eftir erindi Guðmundar kemur Unnur Guðjónsdóttir fram í faldbúningi, fer með ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og minningarorð um hann, en á þessum degi eru jafnframt liðin 200 ár frá fæðingu þjóðskáldsins.

Sérfræðingar safnsins verða á staðnum milli 12 og 14 og eru boðnir og búnir að fræða gesti um safngripi og sýningar. Sérfræðingarnir áttu þátt í sköpun grunnsýningar Þjóðminjasafnsins á sínum tíma og eru sérfróðir um mismunandi svið hennar.

GRIPIR ÚR SÖGU ÞJÓÐAR Á Þjóðminjasafninu kennir ýmissa grasa.

Aðgangur að opnum degi á Þjóðminjasafninu á morgun er ókeypis og öllum opinn og því um að gera að nýta tækifærið og fræðast um safnið og sögu þjóðarinnar.

- vþ

STÓRSVEIT SUÐURLANDS Heldur tónleika á sunnudag.

Stórsveitarsveifla

Stórsveit Suðurlands heldur tónleika á sunnudag í Ráðhúsi Reykjavíkur. Með sveitinni koma fram þær Kristjana Stefánsdóttir og Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir djasssöngkonur.

Efnisskrá tónleikanna er stórsveitartónlist af ýmsum toga, sveifla í anda Glenns Miller, bítlalög og ýmislegt annað.

Stórsveit Suðurlands er fullskipuð stórsveit sem var stofnuð árið 2006 og hélt þá tónleika á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Sveitin er skipuð tónlistarfólki sem tengist Suðurlandi á einhvern hátt og hefur áhuga á stórsveitartónlist. Flestir eru búsettir og starfandi á Suðurlandi en einnig eru innanborðs nokkrir Sunnlendingar búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Vignir Þór Stefánsson.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 og er aðgangur ókeypis.

- vþ



MEGAS Nemendur FÍH spreyta sig á tónlist hans og textum á morgun.

Íslensk tunga og tónar

Í tilefni dags íslenskrar tungu verður Tónlistarskóli FÍH með nemendatónleika annað kvöld í hátíðarsal skólans í Rauðagerði 27. Það hlýtur að teljast afar viðeigandi að á efnisskránni er eingöngu íslensk tónlist.

Flutt verður píanóverk eftir Snorra Sigfús Birgisson sem hann vann upp úr íslenskum þjóðlögum sem varðveitt voru á þjóðfræðasafni Stofnunar Árna Magnússonar. Einnig verða flutt sönglög ýmissa íslenskra tónskálda við ljóð margra okkar merkustu skálda. Má þar nefna Davíð Stefánsson, Halldór Laxness, Tómas Guðmundsson og Megas.

Að lokum ber að nefna að slagverksleikararnir Pétur Grétarsson og Matthías Hemstock hafa unnið íslensk þjóðlög upp úr þjóðlagabók Göggu Lund og útsett þau fyrir óvenjulega hljóðfæraskipan, til að mynda ýmis slagverkshljóðfæri, píanó, rafgítar og fleira. Afraksturinn af þessu starfi þeirra má heyra á tónleikunum á morgun.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er aðgangur ókeypis. **- vþ**

Fýkur yfir hæðir feikidýr

Eintak úr fyrstu prentun skáldsögunnar Wuthering Heights, sem á íslensku kallast Fýkur yfir hæðir, seldist fyrir metverð hjá uppboðshúsinu Bonham's í London á þriðjudag. Bókin, sem er frá árinu 1847, fór á 114.000 pund sem eru rúmlega 14 milljónir íslenskra króna, og var söluverðið þar tvöfalt það sem bókin hafði verið metin á. Eintök úr þessari fyrstu prentun bókarinnar þykja afar sjaldgæf enda hafa aðeins þrjú slík verið seld á uppboðum undanfarin 30 ár.

EMILY BRONTË Skáldkonan lést þegar hún var aðeins þrítug.

Kaupandi bókarinnar vildi ekki láta nafns síns getið, en er, að sögn fornbókasalans Robert Kirkman sem tók að sér að bjóða í bókina fyrir hans hönd, ástríðufullur safnari fyrstu prentana bóka eftir Brontë-systur.

Seljandi bókarinnar er kona að nafni Anne Reid, en hún tók þá ákvörðun að selja bókina til þess að fjármagna draum sinn um að verða listamaður. Hún fékk bókina að gjöf frá afa sínum þegar hún var aðeins barn að aldri, en bókin hafði tilheyrt fjölskyldu hennar í fjórar kynslóðir.

Fýkur yfir hæðir er eina skáldsagan sem Emily Brontë náði að senda frá sér þar sem hún lést úr tæringu aðeins þrítug að aldri. Skáldkonan sá nafn sitt aldrei birtast á prenti þar sem fyrsta útgáfa sögunnar, sem fjallar um dauðadæmt ástarsamband, kom fyrst út undir karlmannshöfundarnafninu Ellis Bell. Emily hafði þann háttinn á vegna þess að hún óttaðist að verða fyrir fordómum samfélagsins ef upp kæmist um kyn hennar, en í þá daga þótti ekki viðeigandi að konur stunduðu ritstörf. Það var ekki fyrr en nokkru eftir dauða Emily sem bókin hlaut náð fyrir augum bókmenntarýnenda og hefur síðan skipað sér með helstu bókmenntaverkum enskrar tungu. **- vþ**

NORRÆNA HÚSIÐ

Tónleikum frestað

Vegna meiðsla þarf að fresta næstu tónleikum í 15.15 tónleikasyrpunni sem fer fram í Norræna húsinu í Vatnsmýri. Til stóð að Opera Tríó kæmi fram á tónleikunum og léki tónlist eftir Rachmaninoff, meðal annarra, en því miður getur ekki af því orðið að þessu sinni og er tónleikunum því slegið á frest um óákveðinn tíma. **- vþ**

GÖTUMYND Eitt af verkum Diddu.

London á Hringbraut

Didda Hjartardóttir opnar sýningu á ljósmyndum í Hoffmannsgalleríi á morgun kl. 17. Á sýningunni heldur Didda áfram að vinna út frá götukortabókinni London A-Z með því að kortleggja hluta götunnar Green Lanes í London og heimfæra hana á gang Reykjavíkurakademíunnar.

Í Green Lanes og nágrenni eru margir íbúar af tyrkneskum uppruna. Við götuna eru ótalmargir tyrkneskir veitingastaðir, búðir, ferðaskrifstofur og fleira. Þetta gæti þó verið hverfandi heimur þar sem fasteignasalar úr fínni hverfum eru nú farnir að opna skrifstofur á Green Lanes. Didda fangar hversdagslega stemningu við götuna og endurskapar hana.

Að vissu leyti má heimfæra flutning götunnar Green Lanes til Hringbrautar upp á búferlaflutning Diddu frá London til Reykjavíkur nýlega; hverfi og götur verða fyrir áhrifum þeirra sem þar búa og starfa; tímabil renna sitt skeið á enda; alltaf tekur eitthvað nýtt við en hvað verður um það sem fyrir var?

Didda vann síðast með götukortabækur í risastóru útiverki í Rockville á Reykjanesi á sýningunni Project Patterson haustið 2006; áður hefur hún unnið með svipaðar hugmyndir í kassaverkum og málverkum. Didda lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1987 og stundaði framhaldsnám við Slade School of Fine Art í London 1987-1989 og hefur verið búsett þar síðan.

Hoffmannsgallerí er í Reykjavíkurakademíunni á 4. hæð í JL-húsinu við Hringbraut 121 í Reykjavík. Sýningin, sem stendur fram yfir áramót, er opin alla virka daga frá 9–17. **- vþ**

Ferðalok Jónasar

Frá og með morgundeginum verður sýningin Ferðalok – um manninn, skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson – opin á sýningartíma í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu, eða alla daga frá kl. 11 til 17. Sýningin ber heiti eins ljóða skáldsins. Hún er sett upp í tilefni af 200 ára fæðingarafmælii hans en Jónas fæddist á Hrauni í Öxnadal 16. nóvember árið 1807 og opnar sýningin því fyrir almenningi á 200 ára fæðingarafmæli skáldsins.

Jónasar Hallgrímssonar er jafnan minnst sem listaskáldsins góða. Hann var jafnframt með lærðustu mönnum síns tíma hér á landi. Auk lokaprófs í náttúruvísindum hafði hann próf frá Bessastöðum, studiosus theologiæ, sem gerði hann gjaldgengan til prestsembættis á Íslandi, og candidatus philosophiæ próf með ágætiseinkunn frá Hafnarháskóla. Jónas var einn stofnenda tímaritsins Fjölnis en þau skrif og þýðingar sem þar birtust áttu mikinn þátt í endurnýjun íslensks ritmáls og höfðu langvinn áhrif á menningar- og stjórnmálalíf Íslendinga.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ Hér verður opnuð sýning um Jónas Hallgrímsson.

Sýningin er gerð að frumkvæði menntamálaráðuneytisins sem skipaði nefnd til að undirbúa afmælishald á árinu. Formaður afmælisnefndar er Halldór Blöndal, fyrrverandi forseti Alþingis. Sýningarstjóri og hönnuður er Björn G. Björnsson. Páll Valsson, höfundur ævisögu Jónasar Hallgrímssonar, skrifaði texta um manninn og skáldið, en Sigurður Steinþórsson jarðfræðingur texta um náttúrufræðinginn Jónas. Margrét Eggertsdóttir, Sveinn Jakobsson og Guðrún Kvaran lögðu einnig til texta.

Handrit, myndir, munir og önnur sýningargögn eru frá ýmsum söfnum hérlendis og í Danmörku. **- vþ**

Vaðall - (ísl)ensk ljóð á ensku

BÓKMENNTIR

Currents – Icelandic poems in English

Anna S. Björnsdóttir:

★★

Niðurstaða: Frumrómantísk makindi

Sérstaða þessarar bókar er augljós; hún er á ensku, skáldkonan íslensk en ljóðin á tungu Shakespeares. Þetta eru persónulegar vangaveltur heimskonu sem yrkir um sjálfa sig og náttúruna og það sem fyrir augu ber, jafnt heima sem að heiman – Miðsjó, Kafka, Thingvelli (28, 31, 34). Samtíningur – og forsendan einföld; „að ljá hugmyndum sínum vængi, það varðar mestu“(13). En fljúga ljóðin? Eins og engill á póstkorti, lóðrétt.

Heimsmynd ljóðanna er dísæt lumma sem bæði er hægt að smjatta á og verða nokkuð bumbult af – ræðst af smekk og sætuþörf. Lífssýnin er ekki flókin; ég er samsemd náttúrunnar, náttúran er unaðsríkur ídyll: „I see a beautiful landscape ... That´s how my life is too“(33), „Life is laughter and peace“(46) – í hráþýðingu: „Sé ég að fögur er hlíðin ... Þannig er ævi mín einnig, Lífið er hlátur og ró“.

Bókin er barmafull af þessum frumrómantísku makindum – í Töfragarðinum (38) sest skáldkonan niður við garð bernsku sinnar, ilmandi grafreit, veggirnir hvítir sem vonin, dúfur og dauðir í kór: „All as a whole is in harmony, the life outside embraces the life inside“ – vistin er heildrænt samræmi, lífið utangarðs umfaðmar eilífðina innan veggja. Draumaveröld skáldsins? Hví ekki, ef Jónas Hallgrímsson hefði fæðst í þessari bók hefði hann gengið í stúku og sleppt því að hrasa.

Skáldkonunni er nokkuð í mun að sigra fæðingarhreppinn sinn („alltaf gaman að skreppa í óperuna í útlöndum“ 31) og þvo um leið ímynd skrælingjans, sviðasvipinn (við erum það sem við etum), af fjallkonunni og göfga þannig íslenskt kyn í augum enskumælandi lesenda sinna: „Am still washing the truth and thinking how good it is I didn´t become a farmer´s wife“ (30) – laugar sannleikann og lofar það lán að hafa ekki eignast íslenskan búkarl. „Það hlæja allir að mér þegar ég segist gæti hafa látið mér koma það til hugar að giftast myndarbónda að austan“ segir skáldkonan og reynir að „þvo ímynd hans úr hugskoti sínu“ þótt hann fylgi eins og innmaturinn sviðunum. Þá efast hún um sigurinn; að skola af sér fortíðinni er „eins og að hætta að anda og láta síðan eins og einskis sé vant“ í lífi og starfi og þvætti. Gengur ekki upp.

ANNA SVANHILDUR BJÖRNSDÓTTIR Sendi nýverið frá sér ljóðabók á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En bíðum nú við – er það ef til vill „dauði, eða bara gleði yfir því að vera á lífi“ (34) að lofsyngja sköpunarverkið, játa því ást sína og sameinast því í eilífri sælu eins og „þögull ómur sem svífur yfir Thingvellir“? Ekki spurning; gleðin. Bíðum enn við; „lífið höfum við að láni, tímasprengja í farteskinu, sérhver stund er feigðarför“ segir í ljóðinu För (44) – en skáldkonan slekkur kvíðann strax á síðunni öndvert (45), minnir lesanda sinn á sáttmála guðs við urtir, skepnur og menn; þetta bjargast, bæði hérna og hinumegin.

Það er staðfest í næstsíðasta ljóðinu, Lífið; lögmálið er óhagganlegt, óumdeilanlegt, lífið er ekki spurn: „Lífið er lófi og segir allt sem segja þarf, Lífð er“! (46). Og því reyna ljóðin að líkja eftir, segja „all there is to say“ svo lesandinn fái notið lummunnar óáreittur. Þótt engillinn hrapi.

Sigurður Hróarsson

Kórar kljást í beinni

Ríkisrekna breska sjónvarpsstöðin BBC1 kunngerði nýlega áform sín um að senda út nýjan þátt í anda X-Factor keppninnar. Munurinn er þó sá að í þættinum munu breskir kórar etja kappi í sönglist og fá áhorfendur að velja sigurvegara keppninnar.

Skráðir kórar í Bretlandi eru yfir 25.000 talsins og því varla hægt að segja að sönglistin sé í lægð. Aftur á móti vonast BBC 1 til þess að framtakið veiti kórstarfsemi andlitslyftingu. Áhersla verður lögð á að áhugaverðar persónur manni kórana og að allir kórfélagar séu smart í tauinu.

Útvarpsstöðin BBC Radio 3, sem einnig er ríkisrekin, hefur lengi staðið fyrir virtri kórakeppni þar sem besti kór Bretlandseyja er valinn ár hvert. Sú keppni hefur þó verið fremur hefðbundin í sniðum og aðaláherslan verið á flutning kórsins á tónverkum. Sigurkórnum úr sjónvarpskeppninni mun veitast réttur til þess að taka þátt í útvarpskeppninni, þó líklegt þyki að sjónvarpsáhorfendur og útvarpshlustendur komi til með að láta í ljósi afar ólíkan smekk á kórum.

KÓRINN CHANTAGE Bar sigur úr býtum í kórakeppni útvarpsstöðvarinnar BBC Radio 3 í fyrra.

BBC 1 hefur áður sent út svipaða keppnisþætti þar sem samkvæmisdönsurum var att saman og nutu þeir mikilla vinsælda. Í kjölfar þeirra fjölgaði mjög iðkendum samkvæmisdansa. Því verður fróðlegt að sjá hvaða áhrif nýju þættirnir munu hafa á kórastarfsemi á Bretlandi. **- vþ**

Hefurðu heyrt það nýjasta?

BÆKUR SEM TALA!

Fimm af jólabókum JPV útgáfu koma
nú jafnframt út sem hljóðbækur – frábær nýjung
fyrir þá sem eru mikið á ferðinni.
Diskana er hægt að spila í MP3-spilara,
DVD-spilara og tölvu og því upplagt að hlusta á bækurnar
í ræktinni, við uppvaskið, í gönguferðinni
eða bara uppi í sófa á kvöldin.



Þúsund bjartar sólir
eftir Khaled Hosseini, höfund *Flugdrekahlauparans.* Þetta er einstaklega grípandi saga af tveimur afgönskum konum, Mariam og Lailu, og lífi þeirra í Kabúl um þrjátíu ára skeið.
Þórunn Hjartardóttir les.

Englar dauðans
eftir Þráin Bertelsson. Í þessari æsispennandi glæpasögu vefur Þráin listilegan vef um heim fíknar og ofbeldis.
Höfundur les.

Sagan um Bíbí Ólafsdóttur
eftir Vigdísi Grímsdóttur. Hér er rakin saga almúgakonu sem býr yfir einstökum gáfum en hefur þurft að þola mikla erfiðleika og áföll.
Höfundur les.



Dauði trúðsins
eftir Árna Þórarinsson. Einar blaðamaður glímir við nýja ráðgátu sem leiðir hann í senn á refilstigu íslensks samtíma og að reimleikum í eigin ranni.
Hjálmar Hjálmarsson les.

Í öðru landi
eftir Eddu Andrésdóttur fjölmiðlakonu og rithöfund. Þetta er ljúfsár og lágstemmd frásögn dóttur sem horfir á eftir föður sínum hverfa inn í óminnisland Alzheimers-sjúkdómsins.
Höfundur les.

OPNAÐU ÆVINTÝRALEGAN HEIM MEÐ HLJÓÐBÓK FRÁ JPV ÚTGÁFU

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

MP3

> ANNAÐ CROWN-ÆVINTÝRI

Pierce Brosnan er hættur að leika Bond en er bíræfinn sem fyrr. Hann hyggst snúa aftur sem ólíkindatólið Thomas Crown en Paul Verhoeven mun stýra verkinu og að þessu sinni þarf Crown að velja milli ástarinnar og listarinnar að svíkja. Angelina Jolie er orðuð við aðalkvenhlutverkið.

bíó

bio@frettabladid.is

Glæpamynd frá Ridley Scott

Kvikmyndin American Gangster verður frumsýnd nú um helgina en þetta er nýjasta verk breska leikstjórans Ridleys Scott. Sögusviðið er Harlem á áttunda áratug síðustu aldar þegar hverfið var „svart“ frá A til Ö og er myndin byggð á sönnum atburðum.

Glæpaforinginn Frank Lucas uppgötvar nýja leið til að flytja inn heróín til Bandaríkjanna og nýtir sér líkkistur fallinna bræðra í Víetnamstríðinu. Lucas notaði aldrei neina milliliði heldur sá sjálfur um að kaupa dópið og koma með það til Bandaríkjanna. Eiturlyf Lucasar, Blue Magic, þótti svo eftirsóknarvert meðal fíklanna í New York að á örskömmum tíma tókst honum að verða alvaldur í eiturlyfjaheiminum og moldríkur. En allan tímann voru yfirvöld á eftir honum og árið 1975 tókst lögreglumanninum Richie Roberts frá New Jersey að handtaka hann fyrir smygl og eiturlyfjasölu. Lucas fékk hins vegar dóm sinn mildaðan með því að greina frá öðrum stórglæpamönnum í Harlem.

American Gangster er byggð á blaðagrein um Lucas sem birtist í New York Magazine en það er Denzel Washington sem leikur glæpaforingjann í myndinni. Lögreglumaðurinn Roberts er í höndum Russells Crowe en meðal annarra leikara má nefna rapparann RZA og Josh Brolin.

LUCAS Denzel Washington þykir líklegur til afreka þegar tilnefningar til Óskarsins verða tilkynntar.

Leitin að ástinni

Anderson er ungur maður á uppleið og yfir sig ástfanginn af draumadísinni sinni og unnustu. En þegar hún ákveður að slíta sambandinu óttast Anderson að hann muni aldrei aftur verða ástfanginn og eigi eftir að eyða lífi sínu einn og yfirgefinn. En fyrir áeggjan vina sinna ákveður Anderson að biðja algjörlega ókunnugrar þjónustustúlku að nafni Katie og reynist það verða mikið örlagaspor.

Það er unglingastjarnan Jason Biggs sem leikur aðalhlutverkið í Wedding Daze en hann er eflaust þekktastur fyrir að leika hreina sveininn Jim Levenstein í kvikmyndunum um Amerísku bökuna. Mótleikonan hans er hins vegar Isla Fisher, eiginkona Sasha Baron Cohen, betur þekkts sem Ali G og Borat. Fisher sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Wedding Crashers þar sem hún lék hina snarbrjáluðu Gloriu.

RÍSANDI STJARNA Isla Fisher ásamt eiginmanninum Sasha Baron Cohen en leikkonan skaust upp á stjörnuhiminninn með leik sínum í Wedding Crashers.

UNGLINGAHETJA Jason Biggs er hvað þekktastur fyrir að leika í Amerísku bökunni en kom hingað til lands og lék í Guy X.

FRUMSÝND 16. NÓVEMBER!

STÓRSKEMMTILEG ROMANTÍSK GAMANMYND

SENDU SMS JA WFF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRA BÍÓ Háskólabíó

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Litli fuglinn frá Frakklandi

Kvikmyndin La Vie en rose verður frumsýnd á morgun, en hún er byggð á lífi hinnar goðsagnakenndu söngkonu Edith Piaf. Franska sendiráðið á Íslandi býður til sérstakrar veislu í kvöld í Regnboganum í tilefni af frumsýningunni.

EINSTÖK Edith Piaf er einstök í franskri sögu og líf hennar fær sífellt á sig goðsagnakenndari myndir.

Leikkonan Marion Cotillard hefur fengið mikið lof fyrir túlkun sína á söngkonunni Piaf í myndinni og hefur verið orðuð við Óskarstilnefningu í evrópskum fjölmiðlum. La Vie en rose er leikstýrt af Olivier Dahan sem hefur notið þó nokkurrar virðingar í heimalandi sínu. Fjöldi þekktra franskra leikara kemur við sögu og nægir þar að nefna Gérard Depardieu og Emmanuel Seigner, eiginkonu Romans Polanski.

Edith Piaf er einstök í franskri sögu og um hana hafa spunnist mýtur og þjóðsögur. Því hefur meðal annars verið haldið fram að Piaf hafi fæðst á miðri gangstétt í Rue de Belleville en samkvæmt fæðingarvottorðinu kom hún í heiminn hinn 19. desember á Tenonsjúkrahúsinu. Hún var skírð Edith en Piaf-nafnið fékk hún þegar söngferillinn hófst og vísar til líkamsburðar hennar en söngkonan var ákaflega smávaxinn og þjáðist af miklum sviðsskrekk sökum þess.

Uppeldi söngkonunnar telst varla hefðbundið, foreldrar hennar yfirgáfu hana mjög unga og um tíma ólst hún upp hjá móðurömmu sinni. Faðir Piaf, götulistamaðurinn Louis-Alphonse Gassion, tók hana þaðan og var Piaf alin upp af föðurömmu sinni sem sá um eldhúsið á hóruhúsi í París. Piaf varð blind sökum heilahimnubólgu en samkvæmt einni goðsögninni fékk hún sjónina aftur eftir að ein af vændiskonunum á hóruhúsi ömmunnar hafði komið við hjá heilagri Theresu af Lisieux og beðið fyrir henni.

Ævi Piaf er nánast lyginni líkust og hún umgengst á sínum yngri árum fólk af neðri stéttum Parísar, glæpamenn og hórmangara. En straumhvörf urðu í lífi hennar þegar hún kynntist skemmtistaðaeigandanum Luis Leplée. Hann mótaði sviðsframkomu hennar og klæddi hana í svarta kjólinn sem varð einkennisbúningur Piaf. Söngferil hennar þarf þó varla að tíunda, lög á borð við La vie en rose, Milord og Non, je ne regrette rien hafa haldið rödd Piaf á lofti í hálfa öld.

Einkalíf Piaf var ákaflega skrautlegt, hún var aðeins sextán ára þegar hún féll fyrir sendlinum Louis Dupont og eignaðist með honum stúlkubarnið Marcelle sem lést tveggja ára. Piaf var ekki móðureðlið í blóð borið; hafði lítinn áhuga á að sinna dóttur sinni og skildi hana oft eftir eina heima á meðan hún fór út að syngja. Annar elskhugi Piaf var melludólgurinn Albert sem tók drjúgan skerf af launum hennar gegn því að hann myndi ekki gera hana út á götum höfuðborgarinnar. Stóra ástin í lífi Piaf var hins vegar hnefaleikakappinn Marcel Cerdan sem lést í flugslysi árið 1949 á leið sinni til Bandaríkjanna þar sem hann hugðist berjast við Jake LaMotta. Hún lést úr lifrarkrabba árið 1963 á frönsku Rívíerunni 11. október, sama dag og hennar nánasti samstarfsmaður, Jean Cocteau, fór yfir móðuna miklu.

freyrgigja@frettabladid.is

Pitt til liðs við Oliver Stone

Því miður fyrir dömurnar er það ekki Brad Pitt heldur Michael Pitt sem mun leika aðalhlutverkið í kvikmynd Olivers Stone, Pinkville. Þessi Pitt þykir víst ekkert síður snoppufríður en hálfnafni hans og mun hann verða í félagsskap stórleikarans Bruce Willis, náttúruverndarsinnans Woody Harrelson og rapparans Xzibit.

Stone er á kunnuglegum slóðum í þessari nýjustu kvikmynd en sögusviðið er Víetnam. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum um My Lai-fjöldamorðin árið 1968 þegar bandarískir hermenn myrtu yfir fimm hundruð manns, sem voru að mestu konur, börn og gamalmenni. Pitt er sagður eiga að leika William Calley sem var sakfelldur fyrir morðin en Willis leikur hershöfðingjann sem rannsakar málið. Búast má við heitum umræðum í Bandaríkjunum þegar myndin verður frumsýnd enda hafa margir séð töluvert sameiginlegt með Víetnam og hinu umdeilda Íraksstríði.

KUNNUGLEGT EFNI Stone heldur sig við Víetnam.

RANNSAKAR FJÖLDAMORÐ Bruce Willis leikur í nýjustu mynd Olivers Stone.

SÍÐAST SELDIST UPP Á HÁLFTÍMA!

skemmtilegri

Stöð 2 og Coca-Cola kynna

Coca-Cola

Jólagestir

Björgvins Halldórssonar

Laugardalshöllinni

Aukatónleikar
laugardaginn 8. desember kl. 16:00
og sunnudaginn 9. desember kl. 20:00
vegna fjölda áskorana!

Ný Jólagestaplata
væntanleg í nóvember.
Auk þess verða þrjár fyrri Jólagestaplöturnar fáanlegar saman í hátíðarbúningi.

Glæsilegustu jólatónleikar sem haldnir hafa verið hérlendis

Bjarni Arason
Björgvin Franz
Edgar Smári
Eyjólfur Kristjánsson
Friðrik Ómar
Helgi Björnsson
Ragnar Bjarnason
Stefán Hilmarsson
Svala Björgvinsdóttir
Sigga Beinteins
og fleiri
frábærir gestir

Ásamt stórhljómsveit, strengjasveit og kórum
undir stjórn Þóris Baldurssonar. Sviðsetningu annast Björn G. Björnsson.

Miðasala hefst í dag kl. 10:00

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

Prófaðu...
...að seilast í kókosmjólk í eldhúsinu. Hana má nota í súpur og kássur, indverska rétti og jafnvel bakstur. Bragðið er sætt og gott án þess að vera yfirþyrmandi.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR SÖNGKONA

Skilur ekki fólk sem borðar hafragraut

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Fisks, ég borða töluvert af fiski.
Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Mömmumatur toppar alltaf góðan mat á veitingahúsum, allra besta máltíðin er hryggur eins og mamma eldaði hann.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Já, já, nóg til af honum, ég hef til dæmis aldrei skilið fólk sem borðar hafragraut. Svo eru gellur alveg hræðilegar, þær hristast eins og þær séu lifandi.
Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Ég er nú enginn gífurlegur kokkur en nota mikið piparmixkrydd við matargerð. Það er einfalt og gott og gengur með öllu.
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Léttur matur á borð við kjúkling og salöt fer vel í magann. En yfir sjónvarpinu er best að narta í ís, ég er mikill ísaðdáandi.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Það er sko alltaf til diet coke í ísskápnum mínum. Og líka mjólk, egg og ostur.
Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Fyrst af öllu tæki ég ferskt íslenskt vatn með mér, og svo nóg af ávöxtum og grænmeti sem er svo næringarríkt og geymist vel.
Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?
Ég reyni nú að komast hjá því að borða skrýtinn mat. En á Mallorca smakkaði ég einhverja smáfugla sem voru mjög fríkaðir á bragðið, og á Kýpur borðaði ég krossfisk sem bragðaðist undarlega.

HEIMAMALAÐ KRYDD Ef ætlunin er að leggja mikið í matseldina má prófa að rista og mala kryddið heima við. Það á að gefa meira bragð.

Bragðmeira krydd

Í indverskri matargerð hefst leikurinn oftar en ekki á því að rista kryddin sem uppskriftin segir til um. Það má þó einnig gera í öðrum tilfellum. Krydd eins og kanill, negull og múskat, sem eru ristuð og möluð heima við, hafa meira og sætara bragð en ef þau eru keypt tilbúin.

Byrjið á því að rista kryddið á pönnu við vægan hita í um 1-3 mínútur. Lyktin segir til um hvenær ristunin er farin að bera árangur. Þegar henni er lokið er best að láta kryddið kólna dálítið.

Ef leitast er eftir vægu bragði í matarréttinn er best að nota kryddið heilt. Bragðið magnast ef kryddið er marið í mortéli, eða marið með hnífsblaði ef það er mjúkt að gerð, og mest verður það ef kryddið er malað fínt, til að mynda í kaffikvörn. Malið brauðbita eða hrísgrjón eftir á til að hreinsa kvörnina.

Ljósmyndir úr eldhúsinu

Netsíðurnar freisting.is og ljósmyndakeppni.is hafa tekið höndum saman og efnt til nýstárlegrar samkeppni fyrir ljósmyndara. Keppnin ber heitið Bak við tjöldin og gengur út á að fanga andrúmsloftið í eldhúsum veitingastaða.

„Mér fannst þetta sniðug aðferð til að vekja athygli á bestu veitingastöðum Reykjavíkur og kynna kokkana þeirra, þjónana og matinn," segir Smári Valtýr Sæbjörnsson, umsjónarmaður matarsíðunnar freisting.is. Hann valdi veitingahúsin Domo, Perluna, Vox, Sjávarkjallarann, Hótel Holt, Grillið, Friðrik V og Fiskmarkaðinn með í verkefnið. „Allir staðirnir tóku þrælvel í þetta, enda er þátttakendum stranglega bannað að þvælast fyrir kokkunum og trufla keyrsluna. Þetta eiga að vera svokallaðar action-myndir, ljósmyndararnir eiga að ná stemningunni en ekki láta neitt fyrir sér fara," segir Smári.

Áhugasamir ljósmyndarar geta skráð sig til leiks á netsíðunni ljosmyndakeppni.is. Myndir verður að senda inn fyrir 25. nóvember, eftir það fer fram netkosning um bestu myndina.

Til leigu
Gott iðnaðarhúsnæði í Garðabæ

Stærð ca 800 ferm
gott útisvæði fyrir gáma
mikil lofthæð og hillurekkar
fyrir um 250 eurobretti á staðnum
hægt að fjölga um 200 til viðbótar.....

uppl: brasi@hive.is 6613131
johannes@sts.is 8972000

Matreiðslunámið heillaði

Georg Kári Hilmarsson, liðsmaður Sprengjuhallarinnar, gaf út fyrstu matreiðslubók sína fimm ára að aldri og er vel kunnugur eldhúsum á veitingastöðum.

MENNTASKÓLAKOKKUR Georg Kári Hilmarsson, bassaleikari Sprengjuhallarinnar, vann í eldhúsum veitingastaða meðmenntaskólanámi og hefur mikinn áhuga á eldamennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Georg, sem leikur á bassa í hljómsveitinni Sprengjuhöllinni, hefur haft mikinn áhuga á matreiðslu frá unga aldri. Samhliða menntaskólanámi vann hann í eldhúsum veitingastaða, frekar en hinum megin við borðið. „Mér fannst alltaf svo ótrúlega gaman að elda. Frændi minn var yfirkokkur á Grillinu og hann smitaði mig svolítið af þessari bakteríu," segir Georg. „Það munaði nú oft litlu að ég henti skólabókunum frá mér og hoppaði í þetta, en það var vinnutíminn og annað sem ég nennti ekki alveg að standa í," segir hann.

Georg segir áhugann á eldamennsku gegnumgangandi í fjölskyldunni. „Mamma er uppáhaldskokkurinn minn, og pabbi kenndi mér líka góða aðferð. Maður á að setja hvítlauk á pönnu í smá olíu og bíða þar til lyktin fer að gera vart við sig. Þá getur maður opnað ísskápinn, séð hvað er til og farið að gera tilraunir," útskýrir Georg og hlær við.

Mexíkóska súpan er í uppáhaldi hjá Georgi en hana er reyndar ekki að finna í matreiðslubók hans sem hann gaf út fimm ára að aldri. „Hún var gefin út í þremur eintökum, og náði yfir svona fimm uppskriftir eða svo. Ég bauð svo fjölskyldunni og vinafjölskyldu okkar úti í Þýskalandi á veitingahúsið mitt þar sem þau fengu að velja úr bókinni. Það var til að mynda hægt að fá spagettí með tómatsósu og Goggaborgara," segir Georg kíminn.

Mexíkósku súpuna segir hann svipaða og íslenska kjötsúpu, að því leytinu til að hún verði bara betri við upphitun. „Svo ræður maður suðutímanum eiginlega sjálfur. Hann getur verið stuttur, og svo er líka hægt að láta hana malla lengi," útskýrir hann.

Brúnið hakkið í potti með dálítilli olíu. Kryddið með paprikukryddi, chilikryddi, cayennepipar og salti og pipar, eftir smekk.

Bætið lauk og hvítlauk út í og steikið áfram.

Bætið niðursoðnum tómötum, papriku, baunum og fíntsökuðum chilipipar út í ásamt kjúklingasoðinu. Sjóðið.

Síðast fara niðurskornir nýir tómatar og kóríander út í; látið súpuna ekki sjóða mikið eftir að því er bætt í.

Berið fram með Doritos-flögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Flögur muldar yfir súpuskálina, osti og sýrðum rjóma bætt út í. **sunna@frettabladid.is**

Mexíkósk súpa
500 g nautahakk
1 ½ lítri kjúklingasoð
1 rauð paprika
1 laukur
1 dós niðursoðnir tómatar
1 dós nýrnabaunir
5-6 ferskir tómatar
1 chili
1 pakki ferskur kóríander
½ pakki fersk basilíka
½-1 hvítlaukur
paprikukrydd
chilikrydd
cayenne-pipar
salt og pipar
Meðlæti:
Doritos-flögur
rifinn ostur
sýrður rjómi

Tedrykkja í aðdraganda jóla

Jólate ársins eru á hraðleið í verslanirnar Te og kaffi. Um fjórar sérstakar teblöndur er að ræða, sem allar eru blandaðar með aðventu og jól fyrir augunum. Sigrún Guðmundsdóttir, verslunarstjóri í Te og kaffi á Laugavegi, segir blönduna sem heitir Jólate alltaf vinsælasta. „Við höfum verið með þá blöndu í mörg ár, alltaf svona fyrir jólin. Það er ótrúlega vinsælt og í fyrra seldum við mörg hundruð kíló af því," segir Sigrún. „Það er svört teblanda með eplabitum og mikilli jólastemningu," útskýrir hún. Í fyrra bauð Te og kaffi einnig upp á þrjár blöndur til viðbótar sem fást nú aftur.

Þær heita Frostrósarte, Englate og Aðventute og eru allar mjög ólíkar. „Aðventuteið er grænt te, með möndlum, vanillu og kanil, sem er mjög sniðugt af því að það eru svo margir farnir að drekka græn te," útskýrir Sigrún. Frostrósarteið er hins vegar ávaxtate, þar sem telauf eru fjarverandi með öllu. „Þar er þurrkuðum ávöxtum og jurtum blandað saman. Teið verður mjög fallega rautt, og það er til dæmis mjög gott að nota það í glögg," segir Sigrún, en Frostrósarte er te mánaðarins og því á sérstöku tilboði. Að lokum er Englate búið til úr rauðrunnatei, sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Það er blandað eplum, appelsínublómum, kanil og möndlum.

Sigrún segir te njóta sífellt meiri vinsælda og marga þegar farna að spyrja um Jólateið góða. „Það er verið að taka það upp og er væntanlegt í verslanir eftir helgi. Hinar tegundirnar þrjár eru allar komnar," segir hún. **- sun**

TE FYRIR JÓLIN Sigrún Guðmundsdóttir segir jólateið frá Te og kaffi mjög vinsælt. Hér er hún með Aðventute, Frostrósarte og Englate. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1.466 kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur

999 kr/kg. áður 1.469 kr/kg.
Nettó hamborgarhryggur

1.481 kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Nautagúllas

1.574 kr/kg. áður 2.248 kr/kg.
Nautasnitsel

1.799 kr/kg. áður 2.249 kr/kg.
Sambands hangilæri

998 kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Ungnautahakk pre pc

398 kr/kg. áður 568 kr/kg.
Ungnauta hamborgarar

179 kr/pk. áður 299 kr/pk.
Weetabix Disney Stars/Disney

1.890 kr/stk.
Shrek the third

1.890 kr/stk.
Harry Potter

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 15. nóvember til 18. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

> E-LABEL Í SÖLU

Nýja fatamerkið E-label fer í sölu dag á heimasíðunni www.e-label.is. Línan er afrakstur samstarfs Ástu Kristjánsdóttur, Andreu Brabin og Ásgríms Más Friðrikssonar, og spannar allt frá hálsklútum til yfirhafna. Allar flíkurnar eru svartar og henta því breiðum hópi.

fólk

folk@frettabladid.is

Britney neytti amfetamíns

Fréttir af jákvæðu lyfjaprófi Britney Spears gengu fjöllunum hærra í lok síðustu viku. Einhver óvissa ríkti þó um hvaða lyf það væru sem mælst hefðu í blóði Britney og var því haldið fram um skeið að þar hefði verið einungis verið um að ræða lyfsseðilsskyld lyf. Lyfið Provigil var nefnt sem líklegur sökudólgur á röngum niðurstöðum úr lyfjaprófinu, en það ku hafa örvandi áhrif og er notað til meðferðar á drómasýki, sem á ensku kallast narcolepsy. Því hefur einnig verið haldið fram af fólki sem nátengt er söngkonunni að um astmalyfið Albuterol hafi verið að ræða.

Vefsíðan tmz.com hefur hrakið báðar staðhæfingarnar, því nú liggur fyrir að lyfjaprófið sýndi að Britney hefði neytt amfetamíns í einhverju formi. Samkvæmt heimildum síðunnar myndi Provigil ekki sjást á lyfjaprófi á borð við það sem Britney hefur verið gert að gangast undir, og Alubuterol inniheldur ekki amfetamín. Búist var við því að Kevin Federline myndi nota lyfjaprófið gegn fyrrverandi eiginkonu sinni, en hann hafði farið fram á að hún kæmi fyrir rétt í gær.

Dómarinn Scott Gordon hefur áður sakað Britney um að neyta eiturlyfja, og varað hana við því að neyslan gæti eyðilagt alla möguleika hennar á að fá aftur sameiginlegt forræði yfir sonum þeirra Federlines.

Í SLÆMUM MÁLUM Dómarinn Scott Gordon hefur varað Britney við því að eiturlyfjaneysla hennar gæti eyðilegt möguleika hennar á að fá aftur sameiginlegt forræði yfir börnum sínum.

Angelina gæti misst dóttur sína

24 ára gömul eþíópísk kona segist í viðtali við tímaritið In Touch vera móðir ættleiddrar dóttur Angelinu Jolie og Brad Pitt, Zahöru, og vilja stúlkuna aftur til Afríku. Jolie telur þó að konunni skjátlist og heldur enn í þá trú að Zahara sé munaðarleysingi og ættleiðingin því gild.

ANGELINA JOLIE OG BRAD PITT Eiga fjögur börn og nú er hætta á að þau missi ættleidda dóttur sína aftur til Afríku. NORDICPHOTOS/AP

Leikkonan Angelina Jolie ættleiddi Zahöru frá Eþíópíu í júlí 2005, þá sex mánaða gamla. Stúlkan þjáðist af vannæringu og ofþornun og var nær dauða en lífi þegar Jolie tók hana að sér og kom henni undir læknishendur.

Samkvæmt ættleiðingarskjölum var það móðuramma Zahöru sem lét hana í hendur ættleiðingarstofnunar og sagði móðurina látna úr alnæmi. „Það sagði ég aldrei," segir amman, sem er afar fátæk. „Dóttir mín óttaðist að barnið hennar dæi úr sulti. Í örvæntingu sinni stakk hún af og skildi barnið eftir hjá mér." Amman hafi ekki getað séð fyrir stúlkunni einsömul og leitað aðstoðar yfirvalda. Nágrannar vitna um að amman hafi sagt þeim sem sótti Zahöru frá brotthlaupi móðurinnar. Ættleiðingarþjónustan segir hins vegar að amman og þrír aðrir hafi staðfest dauða hennar.

Sökum þess að hin meinta móðir samþykkti ekki skriflega að gefa barnið frá sér gæti hún fengið ættleiðinguna ógilda. Því fylgi þó málskostnaður sem sárafátækir ættingjar Zahöru ráða ekki við. Móðursystir Zahöru segir ömmu hennar lengi hafa leitað leiða til að ná stúlkunni aftur en skort fjármagn. Nú hafi móðirin snúið til baka og fjölskyldan eigi því betri möguleika á að fá barnið aftur til sín.

Amman segist hafa talið víst að hún héldi áfram sambandi við Zahöru þrátt fyrir að hafa látið hana í hendur ættleiðingarþjónustu. „Vaninn er að nýir foreldrar heimsæki þorp ættleiddra barna sinna og hitti ættingja þeirra. En Angelinu Jolie fylgdi hópur ágengra fréttamanna sem öftruðu henni að ferðast um landið að vild," segir starfsmaður ættleiðingarþjónustunnar.

Síðan af ættleiðingunni varð hefur amma Zahöru vonast til að kvikmyndastjörnurnar hefðu samband við hana með fregnir af stúlkunni. Af því hefur aldrei orðið. Jolie segist hafa óttast að samneyti við ættingjana myndi rugla svo ungt barn í ríminu. Hún setji þarfir barna sinna framar öllu öðru.

Vinur stjörnuparsins segir þessa óvæntu uppákomu ekki hafa rænt parið trúnni á ættleiðingar. Jolie og Pitt séu harðákveðin í að stækka fjölskyldu sína enn frekar, og eignast í það minnsta eitt barn enn í gegnum ættleiðingu.

Lýtalæknir gagnrýndur

Lýtalæknirinn sem framkvæmdi aðgerð á Dondu West hefur sætt harðri gagnrýni frá því á laugardag, þegar hún lést.

Donda West, móðir hipphopparans Kanye West, lést síðastliðinn laugardag eftir að hafa gengist undir lýtaaðgerðir. Um var að ræða fitusog og brjóstaminnkun sem framkvæmd var á sama tíma. Læknirinn sem framkvæmdi aðgerðirnar, Jan Adams, hefur sætt harðri gagnrýni síðustu daga.

Samkvæmt lýtalækninum Andre Aboolian leitaði Donda West til hans skömmu fyrir dauða sinn, og bað um ráð varðandi aðgerðirnar. Hann neitaði að framkvæma þær og réð henni frá því að leggjast á skurðarborðið vegna þess að hún átti við hjartavandamál að stríða, samkvæmt síðunni contactmusic.com.

Adams segir hins vegar að það hefði verið ómögulegt að sjá þessa skelfilegu afleiðingu fyrir og að dauðsfallið hefði getað komið til af hjartáfalli, blóðtappa eða miklum uppköstum. Hann segir Dondu hafa velt aðgerðinni vel fyrir sér áður en hún ákvað að láta til skarar skríða.

Vefsíðan CelebTV.com hefur grafist fyrir um bakgrunn Adams, og komist að því að hann hefur tvisvar sinnum verið kærður fyrir læknamistök, og samtals greitt um 30 milljónir íslenskra króna í skaðabætur. Tmz.com hefur hins vegar komist að því að læknirinn var stöðvaður vegna ölvunaraksturs tvisvar sinnum á síðasta ári. Heimildir þeirra herma þar að auki að aðgerðin á Dondu hafi tekið tvöfalt lengri tíma en hún átti að taka.

NÁIN MÆÐGIN Rapparinn Kanye West og móðir hans Donda voru mjög náin. Hún lést síðastliðinn laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY

Dánarorsök mun ekki liggja fyrir fyrr en krufningu er lokið. Kanye West hefur þakkað aðdáendum sínum stuðninginn og hvatt þá til að leggja sitt af mörkum með því að styðja The Kanye West Foundation með peningagjöfum til minningar um Dondu.

Bubbi bætir við gullplötu

Eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudaginn stendur útvarpsþátturinn A til J fyrir hvers kyns uppboðum til styrktar góðum málefnum í hverri viku og núna geta Íslendingar boðið í áritaðan gítar frá sjálfum rokkkónginum Bubba Morthens. Nýjasta boðið í gítarinn er 220 þúsund frá Guðna Þór Árnasyni en uppboðinu lýkur á miðnætti í kvöld. Auk gítarsins mun Bubbi gefa eina gullplötu og því ljóst að aðdáendur hans verða að hafa snöggar hendur enda hefur kóngurinn sjálfur aldrei gefið gullplötu frá sér og því gæti einn heppinn Íslendingur montað sig af gítar og gullplötu frá Bubba, sem verður nú að teljast nokkuð gott. Afrakstur uppboðsins rennur óskiptur til unglingastarfs SÁÁ.

GULLPLATA FYLGIR MEÐ Ekki er nóg með að sá heppni næli sér í áritaðan gítar frá Bubba heldur fylgir gullplata með í kaupunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

A TIL J Útvarpsmennirnir Atli Þór Albertsson og Jóhann G. stjórna útvarpsþættinum A til J þar sem landsmenn geta boðið í hluti fræga fólksins.

Það eru þeir Atli Þór Albertsson og Jóhann G. Jóhannsson sem stjórna þættinum á Rás 2 en að undanförnu hafa þeir vakið verðskuldaða athygli fyrir þá einstöku hluti sem þjóðþekktir Íslendingar hafa látið af hendi. Nægir þar að nefna gleraugu Jóns Gnarr, geisladiskasafn frá Rúnari Júl og rússneskt veggspjald úr kvikmyndinni Reykjavík 101 frá Baltasar Kormáki. Auk þess gaf Sveppi víðfrægan Rolling Stones-bol í þættinum. - fgg

Uma verður kynnir

Leikkonan Uma Thurman verður kynnir á Nóbelstónleikum sem verða haldnir til heiðurs Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna og Nóbelsverðlaunahafa. Áður hafði verið tilkynnt að leikarinn Tommy Lee Jones, sem var herbergisfélagi Gore í Harvard-háskóla, yrði kynnir.

„Hún hefur stíl og gáfur og þátttaka hennar mun hjálpa okkur gríðarlega við að breiða út friðarboðskapinn um heim allan," sagði Geir Lundestad, meðlimur Nóbelsnefndarinnar.

Tónleikarnir verða haldnir 11. desember, degi eftir að friðarverðlaun Nóbels verða afhent í Osló, og verður sjónvarpað til meira en eitt hundrað landa. Á meðal þeirra sem koma fram eru Alicia Keys, Annie Lennox og Melissa Etheridge, sem fékk Óskarinn fyrr á árinu fyrir lagið I Need to Wake Up sem er í heimildarmynd Gore, An Inconvenient Truth.

UMA THURMAN Leikkonan Uma Thurman verður kynnir á nóbelstónleikum ásamt Tommy Lee Jones.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hótelerfingjanum **Paris Hilton** hefur verið hrósað af dýraverndunarsinnum fyrir að taka málstað indverskra fíla sem drukku yfir sig af heimabrugguðum bjór fyrir skömmu. Hilton hvatti íbúa Norðaustur-Indlands til að koma í veg fyrir að fílarnir nái í bjórbirgðir fólksins eftir að fjörutíu fílar brjáluðust og drápust úr raflosti eftir að hafa drukkið bjórinn.

Spjallþáttastjórnandinn **Oprah Winfrey** segist ekki hafa hvatt Dondu West, móður rapparans Kanye, til að hitta lýtalækninn Jan Adams. Móðir rapparans lést fyrir skömmu eftir að hafa gengist undir lýtaaðgerð hjá Adams. Donda var árið 2005 gestur Opruh, sem segist hvergi hafa komið nálægt ákvörðun Dondu. „Þessar fréttir eru kolrangar," sagði talsmaður Opruh.

Leikkonuna **Jessicu Alba** langar að feta í fótspor **Britney Spears** og **Jessicu Simpson** og flytja til New York-borgar. Bæði Spears og Simpson eru að leita sér að íbúð í „stóra eplinu" og nú vill Alba gera slíkt hið sama. Fékk hún fluguna í höfuðið eftir að hafa leikið í myndinni Awake sem var tekin upp í Harlem-hverfinu. „New York er frábær borg. Hvert sem farið er eru listaverk og veitingastaðir og fólkið er alltaf á ferðinni. Þetta er mjög framúrstefnuleg borg," segir Alba, sem ber Los Angeles ekki vel söguna.

Leikarinn **Owen Wilson**, sem virðist vera að jafna sig á þunglyndi, segir að nýja kærastan sín sé fyrirsæta en ekki leikkonan Jessica Simpson. Orðrómur var uppi um að Wilson og Simpson væru að stinga saman nefjum eftir að þau sáust snæða kvöldverð í New York en hann virðist hafa verið úr lausu lofti gripinn. Samkvæmt heimildum erlendra slúðurblaða heitir fyrirsætan **Le Call** og er víst frá sér numin yfir allri athyglinni sem hún fær frá Wilson.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 1204

ÓKEYPIS BÍLASTÆÐI Í MIÐBORGINNI Á KIA PICANTO!

HÖRKUGÓÐ KAUP OG VETRARDEKK FYLGJA MEÐ

Tilboðsverð 1.265.000 kr.
Örfáir bílar á einstöku tilboði

KIA Picanto er lipur og ódýr í rekstri, fallegur og rúmgóður smábíll. Hann fæst einnig með kraftmikilli 75 ha. dísilvél. Honum fylgja vetrardekk og bílastæðaskífan sem tryggir visthæfum bílum ókeypis bílastæði í miðborginni.

Picanto er jafnframt fáanlegur sjálfskiptur með bensínvél en þá fylgir ekki bílastæðaskífa.

Engin útborgun, 18.371 kr. á mánuði
M.v. 100% lán frá Avant í 84 mánuði og 4,5% vexti í blandaðri myntkörfu. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 5,87%.

UEFA EURO2008 Austria-Switzerland
KIA MOTORS Official Partner

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.

FROSTRÓS Frostrósin Margrét Eir hefur upp raust sína á jólatónleikum í Laugardalshöll.

Sjö þúsund miðar seldir

Búið er að selja yfir sjö þúsund miða á jólatónleika Frostrósanna í desember. Þegar er uppselt á tónleika þeirra í Laugardalshöll, á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum og því hefur verið ákveðið að halda aukatónleika á öllum þessum stöðum.

Miðasala á aukatónleikana í Laugardalshöll hefst í dag en sala er þegar hafin á hina tónleikana. Á tónleikunum í Höllinni koma fram dívurnar Margrét Eir, Hera Björk, Heiða Ólafs og Regína Ósk ásamt þremur tenórum.

MEGAS OG SENUÞJÓFARNIR Megas og Senuþjófarnir ætla að ljúka viðburðaríku ári með tónleikum á Nasa.

Skemmtilegu ári að ljúka

Megas og Senuþjófarnir ætla að ljúka viðburðaríku og skemmtilegu ári með tónleikum á Nasa hinn 14. desember. Skemmst er að minnast vel heppnaðra tónleika þeirra í Laugardalshöll þar sem 2.500 manns létu sjá sig og skemmtu þeir sér afar vel.

Samstarf Megasar og Senuþjófanna hefur leitt af sér tvær plötur á árinu, Frágang og Hold er mold.

Forsala er hafin á tónleikana á Nasa og er miðaverð 2.000 krónur.

Allir vilja eigna sér Nicole

Nicole Scherzinger, söngkona bandarísku kvennasveitarinnar Pussycat Dolls, gefur á næstunni út sína fyrstu sólóplötu, sem nefnist Her Name Is Nicole.

Nicole öðlaðist frægð með þátttöku sinni í raunveruleikaþættinum Popstar árið 2001. Með frammistöðu sinni vann hún sér sess í stúlknasveitinni Eden´s Crush sem náði toppi vinsældalista með laginu Get Over Yourself. Skömmu síðar var sveitin lögð niður og í framhaldinu gekk Nicole til liðs við Pussycat Dolls, sem gerði allt vitlaust með lögum á borð við Don't Cha, Buttons, Wait a Minute og Stickwitu.

Ekki hvort heldur hvenær

Nicole segist alltaf hafa ætlað að gera sólóplötu, spurningin hafi ekki verið hvort heldur hvenær. „Það er búið að vera heiður að starfa með Dolls og ég vissi að sú hljómsveit ætti eftir að verða góður stökkpallur fyrir mig. En þessi plata er algjörlega aðskilin frá mínum fyrri verkum. Hún er persónuleg og ég hef lagt mikið í hana undanfarin tvö ár," segir Nicole, sem margir telja meðal kynþokkafyllstu kvenna í tónlistarbransanum.

Pussycat Dolls ekki hætt

Beyoncé Knowles sneri aftur í Destiny´s Child eftir að hafa byrjað sólóferil sinn og svo virðist sem Nicole útiloki ekki að feta í hennar fótspor einn daginn. „Ég held að það yrði gaman að snúa aftur í Dolls. Við eigum marga aðdáendur og höfum eytt miklum tíma í það verkefni. En ég veit að hinar stelpurnar eru núna að gera sína eigin hluti og ég vil njóta Her Name Is Nicole til hins ítrasta í augnablikinu," segir hún í viðtali við fréttavef BBC.

Kynlíf ekki aðalatriðið

Söngkonurnar í Pussycat Dolls hafa verið sakaðar um að nota kynlíf til að selja tónlistina sína. Nicole segir þá gagnrýni vera ósanngjarna. „Allir eru sakaðir um þetta í þessum bransa. Gagnrýnendur sýna alltaf á sér klærnar, sérstaklega þegar þeir heyra nafn á borð við okkar. Ég held samt að á endanum segi tónlistin allt sem segja þarf. Ef maður horfir á suma af þeim listamönnum sem eru þarna úti held ég að við höfum verið mun íhaldssamari og fágaðri en samt höfum við fengið meiri gagnrýni en þeir. Það skiptir mig samt ekki öllu máli því við létum gagnrýnina ekki á okkur fá og stóðum á endanum uppi sem sigurvegarar."

Hrifin af Kryddpíunum

Nicole segist vera ánægð með endurkomu Kryddpíanna, enda hafi hún alla tíð litið upp til sveitarinnar. „Fólk spurði okkur mikið um þær til að byrja með og ég sagði það frábært ef við næðum helmingi þeirra vinsælda sem þær höfðu. Við dáðum það sem þær stóðu fyrir og reyndum að taka við kyndlinum af þeim. Ég óska þeim alls hins besta."

Af blönduðum uppruna

Hin 29 ára Nicole á ættir sínar að rekja til Havaí, Rússlands og Filippseyja en ólst upp í Kentucky í Bandaríkjunum. Hún játar að þessi óvenjulega blanda hafi líkast til hjálpað sér á tónlistarferlinum. „Það er virkilega gaman að koma fram fyrir hönd fólks víða úr heiminum. Ég er algjörlega sér á báti með þetta útlit, þennan bakgrunn og þessa tónlistarstefnu í einum pakka. Margir frá ólíkum löndum vilja eigna sér mig og ég hef bara gaman af því. Það gerir mig að einstakri manneskju sem hefur upp á annað að bjóða en aðrir listamenn."

NICOLE SCHERZINGER Hin kynþokkafulla söngkona Pussycat Dolls hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Her Name Is Nicole.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Plata Oasis ekki gefins

Liam Gallagher, söngvari Oasis, segir það ekki koma til greina að hljómsveitin feti í fótspor Radiohead og leyfi aðdáendum sínum að ráða hvað þeir borgi fyrir plötuna.

Oasis er um þessar mundir án plötusamnings, rétt eins og Radiohead var þegar hún ákvað að bjóða plötuna án endurgjalds. Segir Liam að fyrr skuli hann dauður liggja en fara í hljóðver og leggja hart að sér fyrir engan pening.

GLÆTAN! Liam segir það ekki koma til greina að Oasis feti í fótspor Radiohead.

Oasis er þessa dagana að vinna að sinni sjöundu plötu og kemur hún væntanlega í búðir snemma á næsta ári.

KIM LARSEN OG KJUKKEN Kim Larsen og félagar halda tónleika hér á landi 24. nóvember.

Tvöfalt frá Kim Larsen

Daninn Kim Larsen og hljómsveitin Kjukken hafa gefið út tvöfalda plötu sem nefnist En lille pose støj. Platan hefur að geyma tónleikaupptökur frá tónleikum þeirra á síðasta ári. Á henni eru lög frá öllum ferli Larsens allt frá Gasolin til Kjukken og allt þar á milli.

Tónleikar Larsens og Kjukken í Vodafone-höllinni verða haldnir 24. nóvember. Miðaverð er 4.900 krónur.

Svartur fugl í ferðalag

Síðasta sýning á skoska verðlaunaleikritinu Svörtum fugli eftir David Harrower verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu annað kvöld, föstudagskvöld, klukkan 20. Verkið hefur verið sýnt síðustu tvo mánuði og hefur það fengið ágætis viðtökur. Í Svörtum fugli segir af endurfundum Unu og Ray sem áttu í sambandi fyrir fimmtán árum en hafa ekki sést síðan.

Það eru þau Sólveig Guðmundsdóttir og Pálmi Gestsson sem leika en leikstjóri er Graham Maley. Miða á lokasýninguna má kaupa á midi.is.

Eftir áramót ætla leikararnir að ferðast um landið með Svartan fugl. Fyrirhugaðar eru þrjár sýningar í ársbyrjun; í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og á Egilsstöðum. Sýningarnar verða kynntar þegar nær dregur.

SVARTUR FUGL Pálmi Gestsson og Sólveig Guðmundsdóttir í hlutverkum sínum. Síðasta sýning er í Hafnarfjarðarleikhúsinu annað kvöld.



WWW.E-LABEL.IS

FÆST BARA Á NETINU

Empire lofsyngur RIFF

Hrönn Marínósdóttir og félagar hjá Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík fá heldur betur hrós hjá ritstjóra hins virta kvikmyndatímarits Empire. Ritstjórinn Mark Dinning var gestur hátíðarinnar í ár og segir að RIFF sé einfaldlega á góðri leið með að verða ómissandi hátíð fyrir hvaða kvikmyndaunnanda sem er. „Hvar er hægt að sjá áttatíu flottustu kvikmyndirnar, sitja á Q&A með fremstu kvikmyndagerðarmönnum heims, liggja í heitum potti og sjá Jaws ofan í sundlaug?“ skrifar Dinning sem heldur vart vatni yfir kvikmynd Sigur Rósar. Og bætir því við að það að sjá Jaws í Laugardalslauginni hafi verið einstök upplifun. „Og á eflaust eftir að sitja fast í smáfólkinu sem þarna synti um í mestu makindum.“

Dinning segir það jafnframt hafa verið stórskemmtilegt að sitja á fyrirlestri með Aki Kaurismäki. „Hann var augljóslega vel við skál,“ skrifar Dinning og mælir hiklaust með því að fólk leggi leið sína til Íslands til að fara í bíó. **- fgg**

FJÖÐUR Í HATTINN Hrönn Marínósdóttur og félögum hjá RIFF hefur greinilega tekist vel til á nýliðinni kvikmyndahátíð.

Af leiksviði á fæðingardeild

Í Þjóðleikhúsinu er nú unnið hörðum höndum við að búa leiksýningarnar Leg og Skilaboðaskjóðuna undir hugsanlegt fráhvarf leikarans Friðriks Friðrikssonar um næstu helgi.

BÚA SIG UNDIR FÆÐINGU Fyrsta barn leikaraparsins Friðriks Friðrikssonar og Álfrúnar Örnólfsdóttur er væntanlegt um helgina.

Friðrik á von á sínu fyrsta barni með leikkonunni Álfrúnu Örnólfsdóttur og er krílið væntanlegt í heiminn um helgina, þegar Friðrik ætti að standa á leiksviði. Hann mun þó hafa öðrum hnöppum að hneppa skyldi erfinginn halda sig við áætlun.

Friðrik hefur vakið mikla lukku fyrir túlkun sína á fóstrinu og hinum seinheppna Kalla í söngleik Hugleiks Dagssonar, Legi. Leikarinn Sigurður Hrannar Hjaltason hefur verið æfður inn í hlutverk Friðriks skyldi barn leikaraparsins láta sjá sig á laugardeginum. Sigurður er meðleikari Friðriks í Skilaboðaskjóðunni og fer þar með hlutverk Njósnadvergs. „Við Friðrik erum svipaðir að stærð og útliti, og því var leitað til mín. Ég sló auðvitað til,“ segir Sigurður og bætir við að Friðriki hafi verið afar létt þegar víst var að hann yrði viðstaddur fæðingu frumburðarins.

Það er hægara sagt en gert að æfa tvö stór leikhlutverk á einni viku en Sigurður byrjaði að æfa textann á sunnudaginn. „Ég fæ ekkert rennsli með ljósum og búningaskiptum, en persónur Friðriks eru í stórum undarlegum búningum,“ segir Sigurður. „Þetta er heilmikil áskorun og sýningin svo skemmtileg að ég vona eiginlega að af þessu verði. Það er ótrúlegt hvað ég er pollrólegur yfir þessu,“ segir Sigurður.

Í ævintýrasöngleik Þorvalds Þorsteinssonar, Skilaboðaskjóðunni, fer Friðrik með hlutverk Litladvergs. Leikstjóri Skilaboðaskjóðunnar, Gunnar Helgason, ætlar að fylla skarð Friðriks sem dvergurinn bljúgi fari svo að barnið vilji í heiminn á sunnudeginum. „Við erum öll af vilja gerð til að hjálpa Friðriki,“ segir Sigurður, „Það lögðust bara allir á eitt.“

eygloa@frettabladid.is

SIGURÐUR HRANNAR HJALTASON Tekur við hlutverkum Friðriks í Legi skyldi hann þurfa á fæðingardeildina í miðri sýningu.

Mugison frestar Evróputúr

Tónlistarmaðurinn Mugison hefur frestað tónleikaferð sinni um Evrópu sem hann ætlaði að hefja í þessari viku.

„Ég er búinn að færa tónleikana aftur í febrúar því ég vil að þeir haldist betur í hendur við útgáfumálin," segir Örn Elías Guðmundsson, tónlistarmaðurinn Mugison, sem nýlega gaf út plötuna Mugiboogie.

Margir dreifingaraðilar hafa sýnt honum áhuga að undanförnu og vill Mugison negla þau mál niður áður en lagt er af stað í tónleikaferðina. Eru samningaviðræður þegar komnar á skrið hjá aðilum í Bretlandi, Frakklandi, Skandinavíu, Japan og í austantjaldslöndunum.

Mugiboogie er í efsta sæti á vinsældalistum Skífunnar og Eymundsson og segist Mugison vera afar þakklátur fyrir viðtökurnar.

„Þetta er langt framar mínum björtustu vonum. Maður var mjög spenntur að sjá hvernig fólk tæki þessari breytingu hjá mér og ég er ekki búinn að fá að heyra neitt nema gott. Það er líka magnað hvað þetta er vinsælt af öllum kynslóðum, allt frá þrettán ára gítarguttum í stuðstrompa á elliheimilum sem hafa verið að banka í mann."

Mugison spilaði nýverið á nokkrum tónleikum víða um landið og tókust þeir vel. „Það var hrikalega gaman, sérstaklega fyrir vestan og á Akureyri. Vonandi verður framhald af því í desember og við stefnum þá að því að fara á Austfirði og í minni bæi sem við komumst ekki í."

freyr@frettabladid.is

MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison hefur frestað tónleikaferð sinni um Evrópu.

Fjórða platan klár

Hljómsveitin South River Band hefur gefið út sína fjórðu plötu. Heitir hún Allar stúlkurnar og hefur að geyma fjórtán lög. Helmingur laganna er eftir hljómsveitina sjálfa en hinn helmingurinn er lög sem sveitin hefur fengið lánuð, þar á meðal ungversk sígaunalög. Textarnir fjalla um spaugilegar hliðar tilverunnar, dauðans alvöru og allt þar á milli.

Plötunni verður fagnað með útgáfutónleikum í Iðnó á laugardag klukkan 16. Miðaverð er 1.000 krónur og fer miðasala fram við innganginn. Nýja platan verður til sölu á tónleikunum og renna 500 krónur af hverju seldu eintaki til MS-félagsins.

SOUTH RIVER BAND Hljómsveitin South River Band hefur gefið út sína fjórðu plötu.

Afskræming

Söngkvintettinn Luxor var settur saman af Einari Bárðarsyni fyrr á þessu ári. Luxor hefur komið fram á nokkrum tónleikum og fengið spilun í útvarpi. Þetta er fyrsta plata sveitarinnar.

Ég get ekki setið á mér, Luxor er einfaldlega holdgervingur flest þess sem mér þykir miður fara í tónlist. Þegar tónlist er eingöngu gerð til að græða peninga getur útkoman ekki orðið neitt annað en dapurleg. Sú er einmitt raunin í tilfelli Luxor. Öll hugmyndafræðin á bak við sveitina er í það minnsta vafasöm. Hún er sett saman eftir útliti, síðan eru fengnir til stílisti og raddþjálfari og loks er dælt peningum í upptökur þar sem ekkert er til sparað. Búlgarska sinfóníuhljómsveitin er líklegast eini ljósi punktur plötunnar en öll afskræmingin rýrir gildi hennar til muna.

Kynlaus Disney-tónlist er með því fyrsta sem kemur upp í hugann en erfitt er þó að njörva niður stefnu plötunnar. Ekki er þetta klassísk tónlist og þetta er alls ekki popp. Helst er hægt að líkja Luxor við Il Divo enda ábreiður af Il Divo að finna á plötunni. En eins og með allir hinar ábreiðurnar (og platan samanstendur eingöngu af ábreiðum) eru útgáfur Luxor lakari en útgáfur fyrirrennara þeirra. Þær eru sungnar í þvinguðum víbratóum með oft stórfurðulegum framburði, sérstaklega í íslensku lögunum. Auðvitað syngja miðlungssöngvarar Luxor hreina og beina tóna sem eru ágætlega vel framreiddir – sem má líklegast þakka upptökustjórn og eftirvinnslu frekar en söngvurunum sjáfum – en er að sjálfsögðu lágmarkskrafa á plötu sem þessari.

Þá leiðir maður hins vegar hugann aftur að hugmyndafræði sveitarinnar og man líka að söngur plötunnar hljómar líkt og árshátíð einhvers söngskóla á karókíbar. Tónlist er listform sem snýst um sköpun, vekur tilfinningar og verður að krefjast einhvers af hlustandanum. Luxor hefur ekkert af þessu fram að færa.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

TÓNLIST

Luxor

Luxor

★

Þegar tónlist er eingöngu gerð til að græða peninga getur útkoman ekki orðið neitt annað en dapurleg.



Nú brosa 2.951 vinningshafar breitt eftir síðasta útdrátt en þá eru þeir orðnir, 31.971 á árinu.

Gefðu þér færi á brosi 27. nóvember, því þá drögum við út 30 milljónamæringa.

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

> Kristján Örn orðaður við Bröndby

Danskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að landsliðsmaðurinn Kristján Örn Sigurðsson væri undir smásjá danska stórliðsins Bröndby. Kristján sló í gegn með Noregsmeisturum Brann á síðasta tímabili og var valinn í úrvalslið deildarinnar en hann þótti ekki merkilegur pappír þegar hann kom fyrst til Noregs. Ef Kristján færi til Bröndby yrði félagið að kaupa hann og er talið að Kristján færi á um 200 milljónir króna. Landsliðsmaðurinn Stefán Gíslason leikur með Bröndby.

sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR INGI SKÚLASON, HELSINGBORG: HEFUR SPILAÐ VEL MEÐ HELSINGBORG EN VAR EKKI VALINN Í LANDSLIÐIÐ

Held mínu striki og vona að ég komi til greina næst

Ólafur Ingi Skúlason, leikmaður Helsingborgar í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta, hefur verið að gera það gott með sænska liðinu undanfarið.

„Síðan ég skrifaði undir hjá félaginu í byrjun mars á þessu ári hef ég verið að vinna mig smátt og smátt saman inn í málin. Ég náði loks að festa mig í byrjunarliðinu á miðju tímabilinu og hef verið að spila vel síðan þá. Það tekur alltaf smá tíma að komast inn í nýjan fótbolta og ég var því þolinmóður og það má kannski segja að það sé búinn að vera heilbrigður stígandi í þessu hjá mér," sagði Ólafur Ingi. Lið hans Helsingborg náði ekki tiláætluðum árangri í deildarkeppninni í Svíþjóð en gott gengi liðsins í Evrópukeppni félagsliða hefur vakið verðskuldaða athygli.

„Það má kannski segja að við séum að redda tímabilinu hjá okkur með því að spila vel í Evrópu, en okkur var spáð eitt af toppsætunum í sænsku deildinni fyrir tímabilið en enduðum í áttunda sæti. Það er hins vegar frábær upplifun að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða og gaman að liðinu gangi svona vel þar," sagði Ólafur Ingi. Helsingborg gerði sér lítið fyrir og vann Galatasaray á einum erfiðasta útivelli í Evrópu, Ali Sami Yen, sem jafnan er kallaður „helvíti" af stuðningsmönnum tyrkneska liðsins en þeir eru þekktir fyrir það að skapa erfiðar aðstæður fyrir mótherja liðsins.

„Það var ótrúleg upplifun að spila í Tyrklandi og stemningin á vellinum var mjög sérstök. Við fengum stífa lögreglufylgd allan tímann sem við vorum þarna og maður er heldur betur reynslunni ríkari eftir svona leik," sagði Ólafur Ingi en athygli vakti að hann var ekki valinn í fyrsta landsliðshóp Ólafs Jóhannessonar sem mætir Dönum á næstunni.

„Það er náttúrulega kominn nýr þjálfari og eina sem ég get gert í stöðunni er að halda mínu striki og halda áfram að standa mig vel með Helsingborg og vonast til þess að ég komi til greina í næsta hóp. Ég vona bara að strákarnir klári leikinn gegn Dönum á góðum nótum og aldrei að vita nema maður geri sér ferð til Danmerkur að horfa á leikinn og styðja við liðið."

TIL PEKING Erla Dögg Haraldsdóttir hefur sett stefnuna á Peking.
VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Íslenska sundfólkið:

Þrjú mót til að synda inn á ÓL

SUND Íslenska sundfólkið sem ætlar sér að reyna að ná lágmörkunum fyrir Ólympíuleikana í Peking fær þrjú tækifæri hér heima til þess að synda sig inn á leikana.

Alþjóðasundsambandið FINA hefur samþykkt að tímar á þremur mótum verði teknir gildir í keppni sundfólksins um að ná FINA A og B lágmörkunum fyrir Ólympíuleikana í Peking 2008.

Þetta eru Reykjavík International 2008 sem fer fram 18. til 20. janúar, Gullmót KR sem fer fram 15.-17. febrúar og loks Íslandsmeistaramótið í 50 metra laug sem fer fram 3. til 6. apríl á næsta ári. **- óój**

Nevarilova hlutskörpust stelpnanna

HSÍ og N1 stóðu fyrir vali á úrvalsliði í umferðum 1-9 í N1-deild kvenna í gær, þar sem einn leikmaður var valinn í hverja af sjö stöðum á vellinum. Auk þess voru svo sérstök verðlaun fyrir besta leikmann, besta þjálfarann og bestu umgjörðina í kringum leiki hjá liðum í N1 deildinni.

HANDBOLTI Handknattleikssamband Íslands og N1 tilkynntu í gær val á úrvalsliði umferða 1-9 í N1-deild kvenna. Auk þess hlaut Pavla Nevarilova verðlaun sem besti leikmaðurinn, Einar Jónsson var valinn besti þjálfarinn og Fylkir fékk verðlaun fyrir umgjörð.

Pavla Nevarilova, línumaður Fram, hlaut verðlaunin sem besti leikmaður N1-deildarinnar að þessu sinni og virtist brugðið þegar nafn hennar var lesið upp.

„Ég get ekki neitað því að þetta kom mér á óvart, en mér hefur þó að vísu gengið mjög vel með Fram í ár," sagði Pavla en hún hefur skorað 34 mörk í átta leikjum fyrir Fram-liðið sem hefur komið nokkuð á óvart í vetur, en Pavla lék áður með ÍBV.

„Ég er mjög ánægð með að hafa ákveðið að ganga til liðs við Fram og ég hef fullan hug á því að vera áfram hjá liðinu og spila vel. Deildin á Íslandi er mjög sterk og hröð og nokkur góð lið eins og Stjarnan og Valur, en ég tel að Fram-liðið sé einnig mjög sterkt og hafi alla burði til þess að gera góða hluti í deildinni í ár," sagði Pavla. Hún hrósaði einnig þjálfara sínum, Einari Jónssyni, fyrir góð störf en hann var einmitt valinn besti þjálfarinn í N1-deildinni.

SLEGIÐ Í GEGN MEÐ FRAM Framarinn Pavla Nevarilova tekur hér við verðlaunum sínum úr hendi Guðmundar Ingvarssonar, formanns HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég lít á þessi verðlaun sem fína viðurkenningu fyrir ekki bara mig heldur alla sem standa að baki Fram-liðinu og hafa lagt á sig mikla vinnu sem er vonandi að skila sér inn á völlinn. HSÍ og N1 eiga hrós skilið fyrir þessa uppákomu, sem er skemmtilegt krydd í annars mjög skemmtilega deild í kvennaboltanum í vetur," sagði Einar. Hann var þó enn frekar svekktur eftir að lið hans tapaði fyrir Val og féll þar með úr leik í Eimskipsbikarnum í fyrrakvöld.

„Leikurinn gegn Val sýnir bara að ef þú mætir ekki 100% klár í leik í deild eða bikar þá taparðu nánast undantekningarlaust og við vorum bara ekki klárar í verkefnið. Það skyggir óneitanlega á þessi verðlaun að við séum úr leik í Eimskipsbikarnum og ég væri alveg til í að skipta á verðlaununum og farseðlinum í fjögurra liða úrslit í bikarnum," sagði Einar í léttum dúr.

ÚRVALSLIÐ N1-DEILDAR KVENNA:

Markvörður:	**Florentina Grecu (Stjörnunni)**
Línumaður:	Pavla Nevarilova (Fram)
Vinstra horn:	**Dagný Skúladóttir (Val)**
Hægra horn:	Hanna Stefánsdóttir (Haukum)
Vinstri skytta:	**Alina Petrache (Stjörnunni)**
Hægri skytta:	Eva Barna (Val)
Miðja:	**Rakel Dögg Bragadóttir (Stjörnunni)**
Besti leikmaður:	Pavla Nevarilova (Fram)
Besti þjálfari:	**Einar Jónsson (Fram)**
Besta umgjörðin:	Fylkir

Stjörnustúlkur voru fjölmennastar í úrvalsliðinu að þessu sinni, eða þrjár, en þær eru sem stendur á toppi deildarinnar þegar mótið er hálfnað.

„Deildin hefur líklega sjaldan verið jafn spennandi og sterk og hún er nú," sagði Rakel Dögg Bragadóttir, leikstjórnandi Íslandsmeistara Stjörnunnar, og kvað lið sitt að sjálfsögðu stefna á að verja titilinn og rúmlega það.

„Við erum sáttar með að hafa klárað fyrri umferðina í mótinu án þess að tapa og við erum búnar að leysa vel úr því mikla álagi sem fylgir því að spila í Evrópukeppninni," sagði Rakel og var sæmilega sátt við eigin spilamennsku með Stjörnunni.

„Ég er búin að eiga við meiðsli í vetur og er ekki alveg 100% sátt með gengi mitt í deildinni, en svona verðlaun eru klárlega gulrót og mikil hvatning fyrir mig að halda áfram og æfa og spila vel," sagði Rakel.

Nýliðar Fylkis fengu svo verðlaun fyrir bestu umgjörð liða í N1-deildinni. **omar@frettabladid.is**

Samkvæmt dagblaðinu Expressen í gær eru mörg lið á eftir Ragnari Sigurðssyni:

Kannski gerist bara ekki neitt

FÓTBOLTI Ragnar Sigurðsson, varnarmaður Gautaborgar í sænsku úrvalsdeildinni og íslenska landsliðsins, er mjög eftirsóttur þessa dagana ef marka má grein sem birtist í sænska dagblaðinu Expressen í gær, en Ragnar segir sjálfur að allt sé enn óljóst.

Í grein Expressen kemur fram að þýska liðið Bayer Leverkusen, enska liðið Birmingham, ítalska liðið Roma og frönsku liðin Monaco og Bordeaux séu öll að fylgjast með stöðu mála hjá Ragnari. Í greininni kemur jafnframt fram að sænska liðið sé þegar búið að bjóða Ragnari framlengingu á samningi sínum við liðið og talsvert betri kjör. Ragnar kvaðst sjálfur vera sem fyrr rólegur yfir þessu öllu saman þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gær.

„Ég var reyndar ekki búinn að heyra þessar sögusagnir með Bayer Leverkusen og það væri örugglega fínt, góður peningur og svona," sagði Ragnar í léttum dúr en vildi jafnframt ekki meina að nýr samningur við Gautaborg lægi á borðinu.

EFTIRSÓTTUR Mörg lið eru með Ragnar Sigurðsson á óskalista sínum ef marka má sænska dagblaðið Expressen.
FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

„Yfirmenn Gautaborgar eru reyndar ekki enn búnir að bjóða mér nýjan samning, en ég get staðfest að það hafa ákveðnar viðræður átt sér stað," sagði Ragnar og kvaðst vera afar sáttur hjá liðinu.

„Ég er svo sem alveg óhræddur við að framlengja samning minn við Gautaborg, mér líður vel í Svíþjóð og Gautaborg er góður klúbbur.

Það skiptir líka í raun engu máli hvort ég eigi þrjú eða fjögur ár eftir af samningi mínum við liðið ef eitthvert annað lið vill kaupa mig þegar janúarglugginn opnast. Ég er samt eins og stendur mjög rólegur yfir þessu öllu saman og maður veit aldrei með svona lagað, kannski gerist bara ekki neitt," sagði Ragnar að lokum. **- óþ**

FRUMSÝND 15. NÓVEMBER Í REGNBOGANUM

„STÓRKOSTLEGASTA UMBREYTING SEM FEST HEFUR VERIÐ Á FILMU;
MARION COTILLARD UMBREYTIST Á SÁL OG LÍKAMA OG EDITH PIAF BIRTIST OKKUR LJÓSLIFANDI.
ÓSKARSVERÐLAUNAHAFI NÆSTA ÁRS ER FUNDINN!“

- STEPHEN HOLDEN, NEW YORK TIMES, 28. FEBRÚAR 2007

KVIKMYND EFTIR OLIVIER DAHAN

MARION COTILLARD

LA VIE EN ROSE

STÓRBROTIN SAGA EDITH PIAF

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 ***Ekkert hlé***
Myndin sýnd í einum rykk

2 ***Minna af auglýsingum***
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3 ***Engin truflun***
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bíóklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga

VELKOMINN David Beckham getur valið um það að æfa hjá Arsenal, Tottenham eða Watford. NORDICPHOTOS/GETTY

David Beckham:

Má æfa með Arsenal-liðinu

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarliðið Arsenal hefur boðið David Beckham að æfa með liðinu á meðan keppni í bandarísku deildinni liggur niðri í vetur.

Watford og Tottenham hafa einnig boðið enska landsliðsmanninum að æfa hjá sér en öll þessi þrjú félög eru í nágrenni heimilis hans í Hertfordshire.

Beckham ætlar sér að vera í góðu formi fái hann tækifæri til að spila með Englandi á Evrópumótinu næsta sumar.

Framtíðin fer þó mikið eftir því hvort enska landsliðinu tekst að tryggja sér farseðilinn til Austurríkis og Sviss. Staðan í dag er ekki allt of björt þar sem enska liðið þarf að treysta á úrslit úr öðrum leikjum. - óój

Enska úrvalsdeildin:

Wenger á móti kvótahugmynd

FÓTBOLTI Arsene Wenger, stjóri Arsenal, telur að málið sé flóknara en svo að kvótaregla leysi öll vandamál enska landsliðsins.

„Leikmenn bæta sig frekar þegar meðspilarar þeirra eru betri og Englendingar ættu að nota þessa stöðu sem tækifæri til þess að vinna með og þróa betri unga leikmenn. Ég skil áhyggjurnar í grunninn, en eins og ég segi er málið flóknara en fólk telur í fyrstu," sagði Wenger.

Enginn leikmaður fæddur í Bretlandi var í byrjunarliði Arsenal í sigurleik liðsins gegn Reading á mánudag. - óþ

EIMSKIPS BIKARINN
TBWA\REYKJAVÍK\SÍA
Eimskipsbikarinn í handbolta kvenna í kvöld!
STJARNAN – HAUKAR
kl. 19.00 í Mýrinni
VALUR 2 – FYLKIR
kl. 20.00 í Vodafone-höllinni
Þú skorar með okkur! Eimskip

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson byrjar að spila á lokaúrtökumótinu á Spáni klukkan 8.20 í dag:

Nær Birgir Leifur að endurtaka leikinn?

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson hefur keppni í dag á sínu níunda lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina en keppni hefst á fyrsta hring klukkan 8.20 að íslenskum tíma.

Birgir Leifur er í ráshópi með Darren Fichardt frá Suður-Afríku og Adilson Da Silva frá Brasilíu en þeir byrja á tíunda teig. Þeir þrír keppast við ásamt 153 öðrum kylfingum að tryggja sér 30 laus sæti á Evrópumótaröðinni á næsta ári.

Suður-Afríkumaðurinn Darren Fichardt er 32 ára gamall, hefur spilað á Evrópumótaröðinni síðan 2001 og unnið tvö mót.

Hann slapp við úrtökumótin í fyrra en þá náði hann 69. sæti á peningalistanum og hélt sætinu sínu. Hann endaði hins vegar í 146. sæti í ár eða 38 sætum ofar en Birgir Leifur.

Brasilíumaðurinn Adilson Da Silva er 35 ára gamall og hann er að reyna að komast inn á Evrópumótaröðina í fyrsta sinn.

Spilað er á San Roque-vellinum í Cadiz á Spáni en yfirmaður klúbbsins er Severiano Ballesteros. Birgir Leifur spilaði einmitt á þessum velli á lokaúrtökumótinu í fyrra þegar hann tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í fyrsta sinn með því að ná 25. sæti á lokaúrtökumótinu.

Birgir Leifur var 67 sætum frá því að halda keppnisrétti sínum en hann tók þátt í 18 mótum og endaði í 184. sæti á peningalistanum. Í fyrra lék okkar maður mjög vel á fyrsta degi. Hann fór þá hringinn á 69 höggum, eða þremur höggum undir pari, og var í 5. til 8. sæti.

Enskir kylfingar eru fjölmennastir þeirra 156 keppenda á lokaúrtökumótinu en Svíar eru fjölmennastir Norðurlandaþjóðanna á mótinu. Spilaðir verða sex hringir þar sem niðurskurður verður eftir fyrstu fjóra hringina. Þar komast 70 hæstu áfram sem síðan leika tvo hringi og eftir þá fá 30 efstu keppnisrétt á Evrópumótaröðinni á næsta ári.

Birgir Leifur er með Stefán Má Stefánsson sem kylfusvein en einnig hefur Staffan Johansson landsliðsþjálfari verið með Birgi og Stefáni Má á æfingum fyrir mótið. Þá býst Birgir við að kona hans komi frá Lúxemborg og veiti honum stuðning.

Það er vonandi að hann haldi uppteknum hætti frá því um helgina þegar hann sigraði í úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina og lék á 14 höggum undir pari. Birgir Leifur var þá alls fjórum höggum á undan næstu mönnum. - óój

SPILAÐI FRÁBÆRLEGA Birgir Leifur Hafþórsson var í miklu stuði á mótinu um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

Hafa ekki tapað fjórum í röð í 24 ár

Njarðvíkingar sækja Hamarsmenn heim í Hveragerði í kvöld. Liðið hefur tapað þremur síðustu leikjum sínum, þar af hafa tveir þeirra verið í Ljónagryfjunni. Tölfræðin sýnir algjört hrun í sóknarleiknum.

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar ætla sér stóra hluti í vetur undir stjórn nýja þjálfarans Teits Örlygssonar sem tók við af Einari Árna Jóhannssyni sem hafði komið liðinu í lokaúrslitin tvö síðustu tímabil.

Byrjun Njarðvíkur lofaði góðu, þrír sannfærandi sigrar, en allt annað hefur verið uppi á teningnum í þremur síðustu leikjum, sem hafa allir tapast. Njarðvíkingar mæta til Hveragerðis í kvöld þar sem þeir reyna að forðast því að tapa fjórða deildarleiknum í röð. Það hefur aðeins gerst einu sinni í sögu félagsins í úrvalsdeild og það var fyrir rúmum 24 árum.

Njarðvík tapaði síðast fjórum deildarleikjum í röð í ársbyrjun 1983. Þetta var fyrsta ár Keflvíkinga í efstu deild og upphafsleikur taphrinunnar var einmitt þegar Keflvíkingar unnu nágranna sína í þriðja sinn í röð á tímabilinu. Njarðvík tapaði síðan fyrir ÍR, KR og Fram en vann loksins Val með eins stigs mun, 84-83 í Hagaskólanum 23. febrúar. Valur Ingimundarson skoraði 28 stig í leiknum og Gunnar Þorvarðarson var með 21 stig. Njarðvík tapaði síðan þremur síðustu leikjum sínum en

SNÚIN STAÐA Teitur Örlygsson og félagar í Njarðvík þurfa á sigri að halda í Hveragerði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

árið eftir hófst mikil sigurganga þar sem liðið vann fjóra Íslandsmeistaratitla í röð.

Njarðvík hefur áður tapað þremur leikjum í röð undir stjórn Teits Örlygssonar en það var þegar hann tók við af Paul Colton í nóvember 1992 og kláraði tímabilið sem spilandi þjálfari. Njarðvík tapaði þá þremur leikjum í röð í janúar en náði að tryggja sér eins stigs sigur á Val, 90-89, eftir að hafa verið fimmtán stigum undir, 70-85, þegar 4 mínútur voru eftir. Njarðvík vann lokakaflann 20-4 og Rondey Robinson skoraði sigurkörfuna með 3ja stiga skoti á síðustu sekúndum leiksins.

En hvað er að hjá Njarðvík? Þegar tölfræði Njarðvíkurliðsins í fyrstu þremur leikjunum er borin saman við tölfræðina í síðustu þremur leikjum leynir það sér ekki að sóknarleikurinn er hruninn. Liðið hefur aðeins skorað 74,0 stig að meðaltali í síðustu þremur leikjum þar sem skotnýtingin er aðeins 41,0 prósent. Liðið hefur einnig tapað fleiri boltum og fiskað færri villur á mótherja sína.

Það er ekki nóg með að liðið er að skjóta 11,1 prósentustigum verr heldur tók ekkert annað lið færri sóknarfráköst í 4. til 6. umferð en Njarðvíkurliðið, sem náði þá aðeins 7 sóknarfráköstum að meðaltali í leik.

Mesti munurinn er á framlagi Brentons Birmingham sem hefur skilað 8,3 færri framlagsstigum í síðustu þremur leikjum miðað við hvað hann gerði í þremur fyrstu leikjunum. Athygli vekur að stóru mennirnir hafa hækkað sig í framlagi en það eru leikmennirnir fyrir utan teiginn sem hafa misst fótanna í síðustu leikjum. Allir hafa síðan lækkað í skotnýtingu nema Charleston Long en hann var einmitt látinn fara eftir að hafa lagað tölfræðina sína talsvert í lokaleiknum.

Leikur Hamars og Njarðvíkur er einn af fjórum leikjum sem fara fram í Iceland Express-deild karla í kvöld. Hinir eru Stjarnan-Keflavík í Garðabæ, Tindastóll-Þór Ak. á Sauðárkróki og Fjölnir-Grindavík í Grafarvogi.

ooj@frettabladid.is

NJARÐVÍK Í FYRSTU ÞREMUR LEIKJUNUM
(Sæti í 1. til 3. umferð)

Sigurhlutfall	100%
Stig skoruð í leik	89,3 (4.)
Skotnýting	52,1% (1.)
3ja stiga skotnýting	41,5% (2.)
Hlutfall frákasta í sókn	29,7% (7.)
Flestar stoðsendingar í leik	21,3 (3.)
Tapaðir boltar í leik	14,3 (2.)

NJARÐVÍK Í SÍÐUSTU ÞREMUR LEIKJUM
(Sæti í 4. til 6. umferð)

Sigurhlutfall	0%
Stig skoruð í leik	74,0 (11.)
Skotnýting	41,0% (11.)
3ja stiga skotnýting	36,9% (5.)
Hlutfall frákasta í sókn	20,8% (12.)
Flestar stoðsendingar í leik	17,7 (9.)
Tapaðir boltar í leik	16,3 (9.)

BREYTING Á SKOTNÝTINGU LEIKMANNA:

Charleston Long	+2,9%
Jóhann Árni Ólafsson	-8,5%
Hjörtur Hrafn Einarsson	-10,5%
Brenton Birmingham	-11,6%
Sverrir Þór Sverrisson	-16,1%
Hörður Axel Vilhjálmsson	-17,7%
Egill Jónasson	-20,3%
Friðrik Stefánsson	-21,2%
Guðmundur Jónsson	-30,0%

BREYTING Á FRAMLAGI LEIKMANNA:

Friðrik Stefánsson	+5,7
Charleston Long	+3,7
Egill Jónasson	+1,7
Hjörtur Hrafn Einarsson	-1,7
Guðmundur Jónsson	-3,7
Jóhann Árni Ólafsson	-5,3
Sverrir Þór Sverrisson	-5,7
Hörður Axel Vilhjálmsson	-6,7
Brenton Birmingham	-8,3

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur
Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður…
NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeisli
Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31" TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar
…upplifðu ósvikinn kraft og fegurð
Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr. á 100 km.
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.
SSANGYONG
Bílasalan Ós Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

LÁGVÖRUVERSLUNIN ÞÍN

32"

65.590

32'' FLATSJÓNVARP

- LCD
- HD ready
- 16:9
- Svartími 6,5 ms
- Upplausn: WXGA 1366 x 768 pixlar
- Borðstandur og fjarstýring fylgir

5 pk saman

799

ELDIVIÐUR

- 5 pakkar saman

20"

12v

39.990

20'' FLATSJÓNVARP - PROLUX

- LCD
- 640x480 pixlar
- 220V og 12 V. Því kjörið m.a. í húsbílinn
- Veggfesting og borðstandur fylgja

990

GALLABUXUR

- Lengd: 32 og 34
- Mitti: 30,32,34,36,38 og 40

249

FRUCTIS HÁRVÖRUR

- Sjampó, 250 ml, kr 249
- Hárúði, 250 ml, kr 249
- Hárvax, 150 ml, kr 249
- Hárgel, 150 ml, kr 249
- Hárfroða, 200 ml, kr 249
- Gelúði, 150 ml, kr 249

4 ltr

199

RÚÐUVÖKVI - 4 LTR

400 gr

199

PIPARKÖKUR

- 400 gr

199

SPRITTKERTI - 100 Í PK

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

www.europris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

NÆSTI ÓLI Kim Andersson er í stóru hlutverki hjá Kiel og sænska landsliðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Ciudad Real á eftir Svía:

Verður Kim arftaki Ólafs?

HANDBOLTI Ciudad Real ætlar sér að næla í sænsku skyttuna Kim Andersson til að taka við af Ólafi Stefánssyni þegar samningur okkar manns rennur út 2009.

Andersson er með samning hjá Kiel til ársins 2010 og Ciudad Real þarf því að borga væna summu ætli félagið sér að fá hann fyrr. Sviinn snjalli gæti því orðið dýrasti handboltamaður allra tíma og sá fyrsti til að fara fyrir eina milljón evra.

Eigandi Ciudad Real, sem hefur verið kallað Chelsea handboltans, er Domingo Díaz de Mera, næstríkasti maður Spánar, og í sumar greiddi hann 800 þúsund evrur fyrir spænska leikstjórnandann Chema Rodríguez sem var keyptur frá Valladolid.

Staffan Olsson ráðleggur Andersson að vera áfram í Kiel. „Hann hefur verið að þroskast og bæta sig hjá Kiel og hann getur ekki fundið betri þjálfara en Noka Serdarusic hjá neinu félagi," sagði Faxi aðspurður um málið en Kim sjálfur vill ekkert tjá sig. **- óój**

KASIM KAMENICA Látinn taka pokann sinn eftir tapið gegn Val. GETTY IMAGES

Breytingar hjá Celje Lasko:

Þjálfari Celje Lasko rekinn

HANDBOLTI Slóvenski þjálfarinn Kasim Kamenica hugsar eflaust ekki sérstaklega hlýtt til Íslands eftir að hann var rekinn frá Celje Lasko í kjölfar tapsins gegn Val í Meistaradeildinni á dögunum.

Gengi Celje hefur ekki staðið undir væntingum og tapið gegn Val var kornið sem fyllti mælinn hjá félaginu.

Kamenica hafði þjálfað Celje frá árinu 2006. - hbg

Stórleikur Flensburg og Gummersbach kannski spilaður í Egilshöll

Svo gæti farið að deildarleikur Íslendingaliðanna Flensburg og Gummersbach sem fram fer 2. febrúar á næsta ári verði leikinn í Egilshöll. Verið er að skoða málið af fullri alvöru og forráðamenn Flensburg hafa tekið vel í hugmyndina að spila á Íslandi. Draumur aðstandenda væri að spila í Egilshöllinni.

STEMNING Í CAMPUSHALLE Heimavöllur Flensburg, Campushalle, er glæsileg höll. Þarna komast fyrir rúmlega 6.000 manns. Yrði leikur Flensburg og Gummersbach í Egilshöll yrði sett upp áhorfendaaðstaða fyrir fleiri og líklega allt að 10.000 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HANDBOLTI Verið er að skoða það af fullri alvöru þessa dagana að leikur þýsku stórliðanna Flensburg og Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni hinn 2. febrúar verði leikinn á Íslandi og þá líklega í Egilshöll. Fimm Íslendingar myndu líklega taka þátt í leiknum en Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari er þjálfari Gummersbach og með liðinu leika landsliðsmennirnir Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson. Með Flensburg leika síðan örvhentu landsliðsmennirnir Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson.

Leikurinn er heimaleikur Flensburg en heimavöllur liðsins, Campushalle, er upptekinn sama dag og því eru forráðamenn félagsins að skoða aðrar og frumlegri leiðir í því hvar eigi að halda leikinn. Fyrsti kostur félagsins var að spila leikinn í Danmörku enda liggur Flensburg að landamærum Danmerkur. Danska handknattleikssambandið var aftur á móti ekki spennt fyrir því að fá þýska handboltann til Danmerkur.

Anders Dahl-Nielsen, yfirmaður íþróttamála hjá Flensburg, gaf þá út að félagið myndi skoða að færa leikinn til Svíþjóðar eða Noregs. Í sömu mund komu upp þær hugmyndir að halda leikinn hér á landi og hafa viðræður þess efnis staðið yfir síðustu daga.

Þar er í fararbroddi Hlynur Sigmarsson, stjórnarmaður í HSÍ, sem er vanur að láta verkin tala. Hann hefur verið í sambandi við Dahl-Nielsen, sem er jákvæður fyrir því að koma til Íslands en hann er mikill Íslandsvinur og fyrrverandi þjálfari KR í handboltanum.

„Ég hef rætt í þrígang við Anders sem er mjög jákvæður og við munum halda viðræðunum áfram. Það er enn mikil óvissa með kostnað og annað í þessu sambandi sem þarf að skoða betur áður en hægt er að taka ákvörðun og keyra málið áfram af fullum krafti. Ég hef trú á því að þetta geti vel gengið upp en það er samt mikil vinna eftir," sagði Hlynur. Hann vill helst af öllu spila leikinn í Egilshöll en Laugardalshöllin kemur einnig til greina.

„Þetta dæmi myndi kosta tugi milljóna og því þyrftum við góða styrktaraðila og velgjörðarmenn til að dæmið gengi upp. Draumurinn er að spila leikinn í Egilshöllinni fyrir framan þúsundir áhorfenda. Ég hef fulla trú á að fólk myndi fjölmenna á slíkan stórviðburð sem þessi leikur klárlega yrði," sagði Hlynur.

Anders Dahl-Nielsen segir að hugmyndin sé spennandi og félagið sé opið fyrir því að skoða þennan möguleika alvarlega.

„Dönsku félögin vildu ekki fá þennan leik til landsins og því erum við eðlilega að skoða aðra möguleika eins og að spila á Íslandi. Ég hef talað við fólk á Íslandi og málið er í skoðun enda þarf að leysa mörg vandamál í undirbúningi fyrir svona verkefni. Við erum að fara yfir stöðuna í augnablikinu. Ég hefði mjög gaman af því að spila á Íslandi. Það finnst mér eins spennandi og að spila í Kaupmannahöfn en það er aðeins erfiðara að færa leikinn til Íslands en Danmerkur," sagði Dahl-Nielsen. **henry@frettabladid.is**

Vandamálin hjá New York Knicks í NBA-deildinni ætla engan endi að taka:

Starbury vildi ekki byrja á bekknum og gekk út

KÖRFUBOLTI Bandaríski körfuboltamaðurinn Stephon Marbury hefur viðurnefnið Starbury enda færri leikmenn sem eru með jafn mikla stjörnustæla og hafa yfir eins litlum árangri að státa af inni á vellinum til að bakka þá upp.

Síðustu fréttirnar af Marbury eru þær að hann gekk út hjá New York eftir að hafa fengið þær fréttir að hann væri dottinn út úr byrjunarliði liðsins.

„Ég fékk leyfi frá Isiah til þess að fara. Ég myndi aldrei fara án þess að mega það og hann sagði að ég mætti fara heim," sendi Marbury með smáskilaboðum til aðalblaðamanns New York Post.

Marbury varð alveg brjálaður þegar Isiah Thomas sagði honum að Mardy Collins myndi byrja gegn Phoenix en ekki hann. Thomas vildi ekki segja að Marbury væri á leið frá liðinu.

„Þetta er innanhússmál og við munum taka á því sem slíku. Við viljum að hann verði áfram í okkar liði," sagði Thomas. Knicks hefur tapað þremur af fyrstu fimm leikjum sínum á tímabilinu og Marbury var með 16,2 stig og 6,8 stoðsendingar að meðaltali.

Aðeins þrír aðrir leikmenn í allri NBA-deildinni fá hærri laun en Marbury í vetur en hann fær 20,1 milljón dollara í laun fyrir þetta tímabil og 21,9 milljónir dollara fyrir það næsta. Samtals er þetta því um tveir og hálfur milljarður íslenskra króna fyrir næstu tvö tímabil. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að Knicks hefur borgað hæstu launin í deildinni síðan félagið fékk Marbury til sín í janúar 2004.

Marbury hefur verið gagnrýndur fyrir að vera eigingjarn leikmaður og listinn yfir þá stjörnuleikmenn sem honum hefur mistekist að spila með er langur. Menn eins og Kevin Garnett, Shawn Marion, Keith Van Horn, Eddy Curry, Allan Houston og Steve Francis eru þar á meðal.

Tölfræði Marbury er ekki alslæm enda hefur hann skorað 19,8 stig og gefið 7,9 stoðsendingar að meðaltali í 804 leikjum á ferlinum. **- óój**

STJÖRNUSTÆLAR Stephon Marbury byrjaði síðast á varamannabekknum tímabilið 2001-02 og hefur aðeins verið utan byrjunarliðs í 6 af 804 leikjum sínum í NBA-deildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Fíton/SÍA

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

...alla daga

NÓVEMBER TILBOÐ

Frábær tilboð á tölvum og tölvubúnaði

STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM

TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

1GB MINNI

2.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

ER MEÐ 500GB HÖRÐUM DISK

LÆGSTA VERÐ Á ÍSLANDI

500GB INOi SPILARI

19.900

SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ 720P

TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

25DVD DISKAR

1.890

Verbatim 16x DVD+R spindill

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

500GB HARÐDISKUR

8.990

Western Digital Caviar SE16 SATA2

HVERGI LÆGRA VERÐ!

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

ACER 2480 FARTÖLVA

46.900

ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

ÚRSLITIN Í GÆR

N1 deild karla í handbolta

Haukar-Valur 22-22 (14-11)
Mörk Hauka (skot): Arnar Pétursson 4 (5), Arnar Jón Agnarsson 4 (7), Sigurbergur Sveinsson 4 (11), Halldór Ingólfsson 3/1 (8/2), Gunnar Berg Viktorsson 2 (3), Gísli Jón Þórisson 2 (5), Jón Karl Björnsson 1/1 (1/1), Þröstur Þráinsson 1 (2), Andri Stefan 1 (7).
Varin skot: Magnús Sigmundsson 18/1 (40/1, 45%)
Hraðaupphlaup: 3 (Sigurbergur, Gunnar Berg, Þröstur).
Fiskuð víti: 3 (Sigurbergur 2, Kári Kristjánsson).
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk Vals(skot): Fannar Þór Friðgeirsson 11 (17), Baldvin Þorsteinsson 3 (6/1), Sigfús Páll Sigfús son 2 (5), Arnór Þór Malmquist 2 (5), Hjalti Þór Pálmsson 2 (6), Ernir Hrafn Arnarson 1 (2) Elvar Friðriksson 1(6).
Varin skot: Ólafur H. Gíslason 17/1 (39/3, 44%)
Hraðaupphlaup: 4 (Fannar 2, Baldvin, Arnór).
Fiskuð víti: 1 (Sigfús Páll).
Utan vallar: 12 mínútur

HK-Afturelding 24-20 (11-7)
Mörk HK: Sergei Petraytis 7 (9), Tomas Eitutis 6 (8), Ragnar Hjaltested 5 (8), Hákon Þórarinsson 2 (3), Gunnar Steinn Jónsson 2/1 (9/2), Ragnar Njálsson 1 (3), Augustas Strazdas 1 (5), Arnar Þór Sæþórsson (2)
Varin skot: Egidijus Petkevicius 20 (40/2, 50%).
Hraðaupphlaup: 5 (Ragnar 2, Eitutis 2, Petraytis)
Fiskuð víti: 2 (Strazdas, Petraytis)
Utan vallar: 2 mínútur
Mörk Afturelding: Hilmar Stefánsson 6/2 (9/2), Magnús Einarsson 5 (12), Davíð Ágústs son 2 (4), Hrafn Ingvarsson 2 (5), Jóhann Jóhannsson 1 (1), Jón Andri Helgason 1 (1), Einar Guðmundsson 1 (5), Daníel Jónsson 1 (10), Reynir Árnason (1).
Varin skot: Davíð Svansson 22/1 (46/2) 47,8%
Hraðaupphlaup: 4 (Hilmar 2, Magnús, Jóhann)
Fiskuð víti: 2 (Davíð, Jóhann)
Utan vallar: 8 mínútur

STAÐAN Í DEILDINNI:

HK	**9**	**6**	**1**	**2**	**247-217**	**13**
Haukar	8	5	2	1	224-198	12
Fram	**8**	**5**	**1**	**2**	**237-212**	**11**
Stjarnan	8	5	1	2	230-219	11
Valur	**8**	**3**	**2**	**3**	**197-188**	**8**
Afturelding	9	2	2	5	227-240	6
Akureyri	**8**	**2**	**1**	**5**	**214-225**	**5**
ÍBV	8	0	0	8	209-286	0

Eimsbikar kvenna

Grótta-HK 31-29
Leikurinn var tvíframlengdur, 23-23 og 25-25.

Þýski handboltinn

TuS N-Lübbecke-Hamburg 21-25
Þórir Ólafsson komst ekki á blað hjá Lübbecke.
Göppingen-Gummersbach 32-34
Jaliesky Garcia Padron var með 3 mörk fyrir Göppingen en Róbert Gunnarsson skoraði 2 mörk fyrir Gummersbach
Großwallstadt-Minden-Hannover 33-29
HSG Nordhorn-Balingen/Weilstetten 39-28

Iceland Express kvenna

KR-Grindavík 83-75
Stig KR: Monique Martin 33 (13 frák., 6 varin, 5 stolnir), Hildur Sigurðardóttir 19 (6 fráks., 6 stoðs.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 16 (13 fráköst, 11 í sókn) , Guðrún Ósk Ámundadóttir 6, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 5, Helga Einarsdóttir 4, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2.
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 29 (10 frák.), Joanna Skiba 22, Ólöf Helga Pálsdóttir 7, Petrúnella Skúladóttir 6, Ingibjörg Jakobsdóttir 5, Jovana Lilja Stefánsdóttir 4, Helga Hallgrímsdóttir 2.

Hamar-Keflavík 70-81
Stig Hamars: Lakiste Barkus 25, Fanney Lind Guðmundsdóttir 13 (10 frák.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 8, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 8, Hafrún Hálfdánardóttir 7, Álfhildur Þorsteinsdóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 3, Ragnheiður Magnúsdóttir 2.
Stig Keflavíkur: Pálína Gunnlaugsdóttir 19, Margrét Kara Sturludóttir 18 (12 fráköst, 4 stoðs.), Hrönn Þorgrímsdóttir 14, Ingibjörg Elva Vilbergs dóttir 14, Rannveig Randversdóttir 10, Halldóra Andrésdóttir 4, Marín Rós Karlsdóttir 2.

STAÐAN Í DEILDINNI:

Keflavík	**6**	**6**	**0**	**548-411**	**12**
Haukar	6	5	1	509-474	10
KR	**6**	**4**	**2**	**487-406**	**7**
Grindavík	6	3	3	492-450	6
Valur	**6**	**1**	**5**	**358-478**	**2**
Hamar	6	1	5	377-452	2
Fjölnir	**6**	**1**	**5**	**369-469**	**2**

Stuðningsmenn Barcelona:

Vilja Mourinho

FÓTBOLTI Stuðningsmenn Barcelona eru búnir missa trúna á Frank Rijkaard og vilja fá Jose Mourinho til að taka við af Hollendingnum.

Stærsta blaðið í Katalóníu, Sport, gerði skoðanakönnum meðal stuðningsmanna Barcelona og 66 prósent þeirra sögðust enga trú hafa á því að Rijkaard gæti rifið liðið upp á ný. **- óój**

HK-ingar eru komnir á toppinn í N1-deild karla í handbolta eftir sigur á Aftureldingu í Digranesinu:

HK-sigur í sveiflukenndum leik í gær

HANDBOLTI HK tyllti sér á topp N1-deildar karla í gærkvöldi með góðum 24-20 sigri á Aftureldingu í sveiflukenndum leik.

Sóknarleikur Aftureldingar var gjörsamlega týndur framan af leik. Liðinu tókst aðeins að skora 2 mörk á fyrstu 20 mínútunum en það var bót í máli fyrir gestina úr Mosfellsbæ að sóknarleikur HK var ekki mikið betri. Góður sprettur Aftureldingar síðustu mínútur hálfleiksins sá til þess að úrslitin voru ekki svo gott sem ráðin þegar hálfleiksflautið gall. Liðið skoraði þrjú síðustu mörk hálfleiksins og minnkaði muninn í fjögur mörk, 11-7.

HK virtist ætla að gera út um leikinn snemma í seinni hálfleik og náði fljótt sex marka forystu, 14-8. Afturelding náði að minnka muninn í þrjú mörk, 14-11, en þá kom annar góður sprettur hjá HK og munurinn var skyndilega orðinn átta mörk þegar hálfleikurinn var hálfnaður, 20-12.

Á einhvern ótrúlegan hátt náði Afturelding að gera leikinn spennandi á ný þegar þrjár mínútur voru eftir en þá munaði aðeins þremur mörkum á liðunum. HK hélt haus til leiksloka og náði að innbyrða fjögurra marka sigur og efsta sæti deildarinnar.

ÓSÁTTUR Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, var mjög ósáttur með dómara leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, vandaði Helga Hallssyni og Sigurjóni Þórðarsyni, afleitum dómurum leiksins, ekki kveðjuna í leikslok. „Við vorum tveimur færri allan leikinn. Þessi dómarar hafa dæmt illa hjá mér áður í vetur en þetta var þeirra langversti leikur. Við áttum ekki góðan leik frekar en HK en við fengum ekkert hjá dómurunum," sagði Bjarki eftir leik.

Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, var öllu sáttari í leikslok en Bjarki.

„Það má segja að okkur hafi skort drápseðlið í dag. Við áttum að gera út um þennan leik mikið fyrr. Þegar við komumst átta mörkum yfir eigum við að róa leikinn í stað þess að gefa færi á okkur en það verður að segjast að þetta Aftureldingarlið gefst aldrei upp. Við vissum að þeir yrðu erfiðir," sagði Gunnar. **- gmi**

Líflegar lokasekúndur á Ásvöllum

Baldvin Þorsteinsson tryggði Val stig gegn Haukum með því að skora jöfnunarmark fjórum sekúndum fyrir leikslok en aðeins tíu sekúndum áður héldu Haukamenn að Jón Karl Björnsson hefði tryggt þeim sigur.

HANDBOLTI Haukamenn og Valsmenn skildu jafnir, 22-22, í spennandi og skemmtilegum leik á Ásvöllum í N1-deild karla í gærkvöldi.

Haukar höfðu forystuna nánast allan tímann en Valsmenn hristu af sér slenið í seinni hálfleik og gátu alveg eins tekið bæði stigin.

Jón Karl Björnsson virtist vera búinn að skora sigurmark Hauka fjórtán sekúndum fyrir leikslok með sínu eina skoti í leiknum þegar hann skoraði af öryggi úr vítaskoti. Valsmenn, sem höfðu unnið upp fimm marka forskot Hauka frá því í fyrri hálfleik, voru hins vegar ekki á því að fara tómhentir heim. Þeir tóku hraða miðju og Baldvin Þorsteinsson skoraði jöfnunarmarkið með snúningi úr mjög erfiðri stöðu fjórum sekúndum fyrir leikslok. Haukarnir reyndu að skora sigurmarkið en tíminn var of naumur og þeir náðu ekki góðu skoti.

Valsliðið breytti stöðunni úr 18-14 í 19-20 á 13 mínútna kafla um miðjan seinni hálfleik og komst þá yfir í fyrsta sinn síðan í upphafi leiks. Haukarnir voru ekki á því að gefa frá sér sigurinn og lokamínútur leiksins voru uppfullar af umdeildum atvikum, mistökum og góðum tilþrifum eins og toppleikir eiga að vera.

„Mér fannst við vera að spila mjög vel í 45 mínútur og þá sérstaklega varnarlega. Við vorum grimmir, með góðar færslur og markvarslan var góð. Sóknarleikurinn var líka lengst af góður og skipulagður en við missum aðeins haus þegar þeir fara í ská 5:1 vörn. Þá fóru menn að taka óvönduð skot og við vorum ekki að spila það sem við vorum búnir að æfa á móti þessari vörn. Það kemur

EKKERT GEFIÐ Gísli Jón Þórisson hefur hér sloppið í gegnum Valsvörnina og skorað annað marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

smá örvænting í liðið, leikurinn leysist upp, það voru nokkur vafaatriði sem féllu þeim í hag og þeir náðu að komast inn í leikinn. Svo fannst mér gríðarlegur karakter í mínum mönnum eftir að hafa lent einu marki undir að komast í þá stöðu að geta klárað leikinn," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

„Í lokin var þetta reynsluleysi yngri leikmanna. Maður bíður ekki eftir frákasti í svona stöðu heldur hleypur strax til baka. Það var gríðarlega sárt að klára þetta ekki. Þetta var skemmtilegur leikur, mikil barátta og mikil spenna. Það ætluðu allir sér að vinna þennan leik. Ég vil ekki segja að við höfum átt sigurinn skilinn en við vorum sterkari aðillinn lengstum í leiknum," sagði Aron, sem er samt mjög sáttur með gengi og stöðu Haukaliðsins í dag.

Magnús Sigmundsson varði mjög vel í marki Hauka og það sem meira er, hélt 13 af 18 skotum sem hann varði.

Fannar Þór Friðgeirsson var yfirburðamaður í Valssókninni og hélt sínum mönnum á floti lengstum. Hann skoraði meðal annars sex síðustu mörk liðsins fyrir hlé og sá til þess að Valur var aðeins þremur mörkum undir í hálfleik.

„Ég hélt við værum að ná undirtökunum í leiknum en við vorum óheppnir og svolitlir klaufar í lokin. Það var sterkt hjá okkur að koma til baka og við hefðum alveg getað klárað þetta því við vorum komnir yfir í leiknum. Ég ákvað að taka af skarið því það var svolítið deyfð yfir þessu. Hefðum við tapað þessum leik hefðum við dottið aftur úr í toppbaráttunni. Ég vona að þetta stig telji á endanum," sagði Fannar eftir leikinn en hann skoraði 11 mörk úr 17 skotum í gær og öll þeirra utan af velli.

Fannar lék manna best í Valsliðinu en Ólafur Gíslason varði einnig vel í leiknum og þá sérstaklega í seinni hluta síðari hálfleiks. **ooj@frettabladid.is**

Tveir leikir fóru fram í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í gær.

KR-konur einar í þriðja sæti

KÖRFUBOLTI KR situr eitt að þriðja sæti Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta eftir, 83-75, sigur á Grindavík í DHL höllinni í gær. Grindavík leiddi nánast allan leikinn en KR sigldi fram úr á lokasprettinum.

KR byrjaði leikinn betur en Grindavíkurkonur voru fljótar að svara fyrir sig og taka frumkvæðið í leiknum. Grindavík var mun frískara og léttleikandi en KR seiglaðist áfram og var aldrei langt frá gestunum. Eitt stig skildi á milli liðanna eftir fyrsta fjórðung og í hálfleik var aðeins tveggja stiga munur, gestunum í vil, 41-43.

Byrjun seinni hálfleiks var eins og spegilmynd þess fyrri. KR kom sterkara til leiks en Grindavík lét ekki slá sig út af laginu og hélt forystunni, sem var að mestu leyti Tiffany Roberson að þakka. Tiffany fór að hitta úr hverju skotinu á fætur öðru og

GÓÐUR SIGUR Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir og félagar í KR hafa slegið í gegn í upphafi Iceland Express-deildar kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

sá um að halda KR fyrir aftan á töflunni.

Þegar fimm mínútur voru eftir af lokafjórðung náði KR loks forystu, 74-72. Um sama leyti hætti Roberson að hitta eins og allt Grindavíkurliðið og Monique Martin tók við keflinu KR-meginn en hún skoraði 33 stig í leiknum. Forystuna lét KR ekki af hendi það sem lifði leiks og innbyrti 83-75 sigur og tryggði sér 3. sæti deildarinnar um leið.

Jóhannes Árnason, þjálfari KR, sagði að leikskipulag sitt hefði gengið upp. „Okkar leikskipulag var að stöðva þriggja stiga skyttur þeirra og hamast í þeirra bestu mönnum. Það tókst að mestu leyti og því náum við þessum sigri hér í kvöld," sagði Jóhannes við Fréttablaðið eftir leik. „Grindavík náði að stöðva okkur framan af enda með hörkulið. Það var stressandi að hafa þær fyrir framan sig allan leikinn en ef maður þolir ekki smá spennu í svona leik ætti maður nú að vera að gera eitthvað annað," sagði Jóhannes.

Keflavík er áfram á toppnum eftir sigur á Hamri í Hveragerði þrátt fyrir að leika án bandarískra leikmanns síns Keshu Watson. **- tom**

SORG Ítalía er sameinuð í sorg. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalski fótboltinn:

Stuðningsmenn sameinast í sorg

FÓTBOLTI Jarðarför Gabriele Sandri, stuðningsmanns Lazio sem lögreglumaður skaut til bana á sunnudag, fór fram kl. 12 í Róm í gær.

Samkvæmt ítalska blaðinu Corriere dello Sport komu þar saman, ásamt ættingjum Sandris, þúsundir stuðningsmanna ekki bara Lazio heldur einnig erkifjendanna í Roma og annarra liða víðs vegar að frá Ítalíu til að votta hinum látna virðingu sína. **- óþ**

Frábær bók eftir Þórarin og Sigrúnu Eldjárn!

Tíu litlir kenjakrakkar

– bók í takt við tímann!

Kenjar og hrekkir urðu til þess að tíu krökkum fækkaði í einn.
Á síðustu stundu tókst þeim að snúa við blaðinu og sameinast á ný.



Tíu litlir kenjakrakkar
kýldu Filippíu.
Einn þeirra sló alltof fast
eftir voru níu.

„Þetta er sniðug og
skemmtileg bók,
enginn drepinn og
endar í alvörunni vel.“
Guðmundur Andri Thorsson

Kemur í verslanir í dag

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

dagskrá

> Julianne Moore

„Maður stundar ekki kynlíf eins og í kvikmyndunum. Maður gerir það ekki á gólfinu eða standandi, maður er ekki alltaf nakinn eða einmitt í öllum sexí undirfötunum sínum. Þú veist, ef einhver myndi rífa fötin mín myndi ég drepa hann!" sagði Julianne um kynlífssenur í kvikmyndum. Hún leikur í World Traveler á Stöð 2 Bíó kl. 14.00.

VIÐ TÆKIÐ SIGRÚNU ÓSK KRISTJÁNSDÓTTUR ER EKKI ÆTLAÐ AÐ GLÁPA

Hundurinn át fjarstýringuna

Ég hef tekið skorpur í sjónvarpsglápi – stundum glápi ég myrkranna á milli, stundum lítið sem ekkert. Samt man ég aldrei eftir því að hafa orðið svo spennt fyrir neinum þætti að ég mætti ekki missa úr og ég veit sjaldnast hvenær hvaða þættir eru á dagskrá.

Ég þóttist hafa himin höndum tekið þegar ég ákvað að fá mér allar stöðvar sem okkur Frónbúum standa til boða. Níutíuogníu stykki eða svo. Þvílík alsæla. En mikill vill meira. Ég braut eitt af mínum grundvallarprinsippum (að stela sem minnst) og fékk mér svokallaðan flakkara. Eftir heimsókn til vinkonu sem er búin að hlaða niður öllu heimsins sjónvarpsefni inn í marga litla málmkassa var ég til í allt. Nú gæti ég dáið hamingjusöm.

En mér var greinilega ætlað annað og stærra hlutverk í lífinu en að glápa á sjónvarp. DVD-spilarinn minn gaf upp öndina í vikunni. Ég hló nú bara að því. Hverjum er ekki sama þegar hann er með níutíuogníu stöðvar og troðfullan flakkara? Ég var rétt búin að loka kokinu þegar skall á óveður með þeim afleiðingum að örbylgjuloftnetið fauk út í veður og vind. Rafvirkinn klóraði sér í höfðinu og sagðist ekki viss um að geta fullbætt skaðann. Þá var bara flakkarinn eftir. Hans skyldi ég gæta eins og sjáaldurs augna minna. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það kann að hljóma eins og lygasaga en eftirfarandi er heilagur sannleikur: Í heimsókn til mín kom hundur sem át fjarstýringuna! Það þarf náttúrlega ekkert að taka það fram að flakkaranum verður ekki stjórnað öðruvísi en með fjarstýringu og hana er ekki hægt að kaupa sér. Tækið er því ónothæft. Ég hef ákveðið að þakka Guði fyrir mig og eyða næstu kvöldum í lestur heimsbókmennta, gítarspil og kveðskap. Sem er lygi. Ég hef ennþá nóg að gera við að vorkenna mér.

EKKI MISSA AF

▶ 20.45 Bræður og systur
SJÓNVARPIÐ

▶ 20.45 Two and a Half Men
STÖÐ 2

▶ 20.40 Meistaradeildin - Gullleikur SÝN

▶ 19.00 Hollyoaks SIRKUS

▶ 20.30 30 Rock SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan e.
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Fjársjóðsleitin (5:6)
18.00 Stundin okkar
18.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (3:6) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 07/08 bíó leikhús Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð. Framleiðandi er Pegasus.
▶20.45 Bræður og systur (15:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
21.30 Trúður (3:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
22.00 Tíufréttir
22.25 Soprano-fjölskyldan (17:21)
23.20 Mótorsport
23.50 Aðþrengdar eiginkonur (66:70)
00.35 Kastljós
01.05 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Dogtown and Z-Boys
08.00 World Traveler
10.00 The Ballad of Ramblin´ Jack
12.00 Men With Brooms
14.00 World Traveler
16.00 The Ballad of Ramblin´ Jack
18.00 Men With Brooms
20.00 Dogtown and Z-Boys Hressandi heimildarmynd sem segir frá hjólabrettamenningunni í Bandaríkjunum.
22.00 Footsteps
00.00 Warriors of Heaven and Earth
02.00 Club Dread (Broken Lizard´s Club Dread)
04.00 Footsteps

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Beauty and the Geek (6.9)
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (64.120)
10.15 Numbers (15.24)
11.10 Veggfóður
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (103.114)
13.55 Forboðin fegurð (104.114)
14.45 Pirate Master (4.14)
15.30 Osbournes 3 (5.10)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (18.22) (Wettest Stories Ever Told)
19.50 Friends 4 (4.24)
20.15 Ítalíuævintýri Jóa Fel (4.10) Í Catiglione della Pescaia bauð Stefano Jóa út á sjó að veiða á sjóstöng. Veiðiferðin gekk ekki eins og þeir ætluðu og fóru þeir á ítalskan markað til að versla í matinn, en þar fengu þeir m.a „kjúklingafisk", „jarðarberjafisk" og „sverðfisk". 2007.
▶20.45 Two and a Half Men (13.24)
21.10 Til Death (13.22) Stark-hjónin eru föst í í enn einu rifrildinu en þau leita bæði stuðnings hjá vinahjónum í tilraun til að standa uppi sem sigurvegari. 2006.
21.35 Numbers (5.24) Ofbeldisbylgja gengur yfir Los Angeles og Don er harðákveðinn í því að öll þesi ofbeldismál séu á einhvern hátt tengd. 2006.
22.20 Silent Witness (2.10) Lögreglan heldur áfram að rannsaka smygl á ólöglegum innflytjendur málið tekur stöðugt á sig nýja og skelfilegri mynd. Bönnuð börnum.
23.15 Tekinn 2 (9.14)
23.45 Næturvaktin (9.13)
00.15 Damages (6.13)
01.00 Human Timebomb
02.40 Silent Cry
04.10 Cold Case (11.23)
04.55 Numbers (5.24)
05.40 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Þýski handboltinn (Göppingen - Gummersbach)
17.00 Þýski handboltinn (Göppingen - Gummersbach)
18.20 Meistaradeild Evrópu (Olympiacos - Real Madrid)
20.00 Sumarmótin 2007 (Rey - Cup mótið)
▶20.40 Meistaradeildin - Gullleikur (AC Milan - Barcelona 1994) Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni meistaraliða árið 1994 var háður í Aþenu í Grikklandi. Flestir bjuggust við jöfnum og spennandi leik enda frábærir leikmenn í báðum liðum. Þegar á hólminn var komið reyndist AC Milan miklu sterkara og hreinlega valtaði yfir Barcelona. Massaro skoraði tvívegis fyrir ítalska liðið í fyrri hálfleik og Savicevic og Desailly gulltryggðu sigurinn með mörkum í þeim síðari.
22.25 King of Clubs Vandaður þáttur þar sem farið er í saumana á því hvað gerir AC Milan að einu stærsta og sigursælasta knattspyrnuliði veraldar.
22.55 NFL Gameday
23.25 World Series of Poker 2007

SÝN 2

15.40 Birmingham - Aston Villa
17.20 Tottenham - Wigan
19.00 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches Leikur Newcastle og Leicester var frábær skemmtun fyrir áhorfendur sem munu seint gleyma þessum leik.
21.00 PL Classic Matches Leikur Blackburn og Leicester árið 1998 var frábær skemmtun og það var boðið upp á markaveislu.
21.30 Goals of the season
22.30 4 4 2
23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008
00.25 Man. Utd. - Blackburn

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Dýravinir (e)
19.30 Game tíví (7.12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Rules of Engagement (3.7) Bráðfyndin gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp með ólíkar skoðanir á ástinni og samböndum. Audrey veðjar við Jeff að hann geti ekki nælt í símanúmer hjá yngri konu og leyfir honum meira að segja að fjarlægja giftingarhringinn á meðan á veðmálinu stendur.
▶20.30 30 Rock (9.21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Þegar ljóskan Cerie tilkynnir að hún sé trúlofuð gríðskum milljónaerfingja fer Liz að íhuga eigin framtíð.
21.00 House (11.24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House grípur til örþrifaráða til að losna við að fara í fangelsi. Á sama tíma er ungur slökkviliðsmaður með óvenjuleg einkenni og House þarf að slökkva ástarelda.
22.00 C.S.I. Miami (3.24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Þetta er hundraðasti þátturinn af CSI. Miami. Fræg kona er myrt í stjörnupartíi og Horatio kemst að því að málið tengist veðmálum þar sem veðjað er á dánardaga fræga fólksins.
23.00 Fyrstu skrefin
23.25 Silvía Nótt
23.50 America's Next Top Model (e)
00.50 Backpackers (e)
01.20 C.S.I.
02.10 Vörutorg
03.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.15
Ítalíuævintýri Jóa Fel

Í kvöld fer Jói til Catiglione della Pescaia þar sem honum var boðið út á sjó að veiða á sjóstöng. Veiðiferðin gekk ekki eins og þeir ætluðu og fóru þeir því á ítalskan markað til að kaupa í matinn, en þar fengum þeir meðal annars „kjúklingafisk", „jarðarberjafisk" og „sverðfisk". Einnig keyptu þeir grænmeti beint úr garðinum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Trúður
Sjónvarpið kl. 21.30

Trúður er dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Í henni er blandað saman fantasíu og veruleika og flestar persónurnar bera nöfn leikaranna sem leika þær. Þættirnir eru gerðir í heimildarmyndastíl og þykja minna á bandarísku þættina Curb Your Enthusiasm. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínista Dana undanfarin ár.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Hversdagshöllin
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Sinfóníutónleikar
22.15 Í sviðsvængnum: Ólafur Haukur Símonarson
23.10 Krossgötur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (58:260)
16.30 Hollyoaks (59:260)
17.00 Skífulistinn
17.50 Arrested Development 3
18.15 Tru Calling (2:6)
19.00 Hollyoaks (58:260)
19.30 Hollyoaks (59:260)
20.00 Skífulistinn
20.50 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
21.15 Tru Calling (2:6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga. Ungstjarnan Eliza Dushku er hér í hlutverki Tru en hún sló í gegn í þáttaröðinni Buffy the Wampire Slayer. 2005.
22.00 Grey´s Anatomy (3:22) Komið er að fjórðu þáttaröð Grey´s Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George, sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum - sem eru laglega blautir á bak við eyrun.
22.45 Big Love (12:12) Í lokaþættinum kemur að uppgjöri hjá Barb og Margie en Margie er orðin langþreytt á því að fá enga virðingu á heimilinu. Bill þarf einnig að taka stóra ákvörðun um framtíð sína í bræðralaginu og varðandi möguleikann á því að giftast í fjórða sinn. 2006. Bönnuð börnum.
23.40 Windfall (9:13) (e)
00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson skoðar málefni landans frá Florida og ræðir við gesti í myndveri ÍNN.
20.30 Óhreinu börnin hennar Evu Kolfinna Baldvinsdóttir sviptir hulunni af „þessu fólki". Fólkinu, sem við viljum helst ekkert vita af.
21.00 Reynslunni ríkari Ásdís Olsen fær til sín gesti, sem hafa reynt sitt lítið af hverju og sumir hreinlega breytt um líf.

DR 1

11.25 Aftenshowet **11.50** DR1 Dokumentaren **12.50** Hvad er det værd **13.20** Ildsjæle - Pastorens party **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Liga **15.00** Boogie Update **15.30** Musen og Løven **15.35** Frikvarter **16.00** Brødrene Løvehjerte **16.30** Solens børn i Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** VQ - Videnskabsquiz **19.30** Tvunget af tanker **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** En særlig sag **22.25** Liga **23.10** Boogie Update **5.30** Gurli Gris **5.35** Pippi Langstrømpe

NRK 1

11.45 Spekter: Prosessen mot Krekar **12.40** 'Allo, 'Allo! **13.05** Vinbaronen **13.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **14.00** Fabrikken **14.30** Guttegærne jenter **14.50** Grusomme grøss **15.00** Erstatterne **15.25** Kid Paddle **15.35** Ninjaskolen 16.00 NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Jan i naturen **16.40** Månáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Pipalina **17.05** Uhu **17.35** Magga og Lille-Bobs **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 90-tallet: 1999 **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen **21.30** Hjemme hos Bye & Rønning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Columbo

SVT 1

11.35 Sista cigaretten **14.30** Mitt i naturen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa: Cirkuskiosken **17.25** Pingu **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Solens mat **19.30** Vrakletarna **20.00** Örnen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Toppform **23.50** Out of Practice **0.15** Sändningar från SVT24

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðaslættar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Mér finnst ofsa skemmtilegt að fara á Krua Thai matsöluna og fá mér grænan karrírétt og fleira góðgæti. Þar er maturinn mjög bragðgóður og ódýr.“

Ágústa Skúladóttir leikstjóri.

Borga 120 milljónir fyrir jólatónleika

Sannkallað jólatónleikaæði hefur gripið íslensku þjóðina og keppast tónleikahaldarar við að bæta við tónleikum og anna þannig eftirspurn. Þriðju tónleikunum hefur nú verið bætt við hjá bæði Frostrósum og Björgvin Halldórssyni í Laugardalshöll í næsta mánuði.

Ef allt gengur upp munu því á einni viku átján þúsund Íslendingar leggja leið sína í Laugardalinn á þessa tónleika. Miðaverð á tónleikana er á bilinu 7-8 þúsund krónur og sé reiknað eftir meðalverði verður heildarinnkoman þá um 120 milljónir íslenskra króna. Séu tónleikar Frostrósa úti á landi teknir með í reikninginn má reikna með að yfir tuttugu þúsund Íslendingar borgi sig inn á jólatónleika um miðjan desember. Jólin hefjast því snemma á Fróni í ár.

Samúel Kristjánsson hjá Frostrósum segir þetta sanna fyrir fullt og allt að markaður sé hérlendis fyrir slíkum stórtónleikum. Frostrósir riðu á vaðið með jólatónleika af þessari stærð árið 2005 og hefur það sýnt sig að Íslendingar eru til í að greiða dágóða summu fyrir að koma sér í hátíðarskapið. Uppselt var á tónleikana í fyrra og í ár stefnir í metaðsókn. Samúel reiknar með að yfir ellefu þúsund muni hlusta á Frostrósir, bæði í höfuðborginni og úti á landi.

Ísleifur B. Þórhallsson segir að viðtökurnar við tónleikum Björgvins séu einstakar og það hljóti að heyra til undantekninga að einn tónlistarmaður fylli Laugardalshöllina jafn oft á bara einu og hálfu ári. „Honum er að takast að selja upp á sex tónleika í Laugardalshöllinni á þessum tíma,“ segir Ísleifur en Björgvin fór létt með að selja alla miða á tónleika sína og Sinfóníuhljómsveitarinnar síðasta haust. **- fgg**

BJÖRGVIN Í STUÐI Þrennir tónleikar verða með goðinu í Laugardalshöll 8. og 9. desember.

EKKERT MÁL Aðalheiður Ólafsdóttir og stelpurnar í Frostrósum syngja þrívegis í Laugardalshöllinni 15. og 16. desember.

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. endaveggur **6.** 999 8. þrí **9.** gums **11.** frá **12.** gafl **14.** gróðabrall **16.** hvað **17.** tæki **18.** for **20.** dreifa **21.** faðmlag.

LÓÐRÉTT
1. kvenflík **3.** bardagi **4.** sárasótt **5.** tilvist **7.** græn baun **10.** samstæða **13.** flík **15.** klúryrði **16.** merki **19.** óreiða.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gafl, **6.** im, **8.** trí, **9.** lap, **11.** af, **12.** stafn, **14.** brask, **16.** ha, **17.** tól, **18.** aur, **20.** sá, **21.** knús.

LÓÐRÉTT: 1. pils, **3.** at, **4.** fransós, **5.** líf, **7.** matbaun, **10.** par, **13.** fat, **15.** klám, **16.** hak, **19.** rú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. GPS-tæki.
2. Um 120.
3. Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir.

JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG: BRÚÐKAUPIÐ SKIPULAGT AF BRESKU FYRIRTÆKI

GusGus og Nýdönsk syngja fyrir Jón Ásgeir og Ingibjörgu

Það verða hljómsveitirnar GusGus og Nýdönsk sem munu sjá um tónlistina í brúðkaupsveislu þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Ingibjargar Pálmadóttur sem hefur verið nefnt „brúðkaup aldarinnar“ og fer fram í Hafnarhúsinu á laugardag. Öllu verður til tjaldað í veislunni, sem samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er alfarið skipulögð af breska viðburðafyrirtækinu élan. Vígslan sjálf mun fara fram í Fríkirkjunni og að því er fram kemur á vísi.is mun sr. Hjörtur Magni Jóhannsson gefa brúðhjónin saman.

Þeir sem að brúðkaupinu koma á einn eða annan hátt virðast vera bundnir algjörri þagnarskyldu hvort sem um er að ræða prestinn, boðsgesti eða starfsfólk – allir eru þögulir sem gröfin. Þegar Fréttablaðið hafði samband við höfuðstöðvar élan baðst starfsstúlkan afsökunar í tvígang og lagði á eftir að erindið hafði verið borið upp, það er þegar spurst var fyrir um viðburðinn sem fyrirtækið hefði skipulagt í Reykjavík. Élan er bæði þekkt og virt fyrirtæki sem hefur skipulagt viðburði um allan heim. Meðal viðskiptavina eru Christian Dior, Topshop, Barbie, Revlon, Tommy Hilfiger og loks Baugur Group.

Jón Ásgeir hefur augljóslega verið ánægður með þau störf sem élan hefur innt af hendi fyrir Baug því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sér fyrirtækið um allt frá blómaskreytingum til hljóðkerfis í veislunni. Erlendir kokkar á vegum élan munu svo sjá um veitingarnar. Élan leigir hljóðkerfið af Exton en Rúnar Örn Friðriksson, afgreiðslustjóri Exton, sagðist eins og aðrir vera bundinn algjörri þagnarskyldu. Þegar hann var spurður hvort fyrirtækið hefði áður útvegað stór hljóðkerfi í brúðkaup sagði hann: „Við höfum tekið að okkur alls konar verkefni.“ Heimildir Fréttablaðsins herma að nær allur mannafli Exton hafi unnið við brúðkaupið frá því í byrjun vikunnar og að leiga hljóðkerfisins kosti ekki undir 2 milljónum króna.

Hljómsveitirnar GusGus og Nýdönsk hafa sem fyrr segir verið ráðnar til þess að skemmta í brúðkaupinu. Undanfarið hefur verið uppi þrálátur orðrómur þess efnis að Daníel Ágúst Haraldsson muni ganga til liðs við Nýdönsk að nýju. Hann vildi ekki staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið en sagðist þó myndu taka lagið með gömlu félögunum í brúðkaupinu.

sigrunosk@frettabladid.is

BRÚÐHJÓN ALDARINNAR Þau Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir verða gefin saman á laugardag. Þau hafa fengið Nýdönsk og GusGus til að sjá um tónlistina í brúðkaupi sínu en veislan er skipulögð af breska fyrirtækinu élan sem meðal annars hefur skipulagt uppákomur fyrir Christian Dior og Barbie.

TJALDHÝSI Hjónin tilvonandi hafa látið reisa tjald utan við Hafnarhúsið þar sem brúðkaupsveislan fer fram.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonurnar Unnur Ösp Stefánsdóttir, Álfrún Örnólfsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir verða allar gestir Ragnhildar Steinunnar í næsta þætti af Laugardagslögunum. Þær stöllur eiga fleira sameiginlegt en starfsheitið því allar eiga þær annaðhvort von á barni eða eru nýbúnar að eiga barn. Reyndar á enn eftir að koma í ljós hvort Álfrún getur mætt því áætlaður fæðingardagur er á föstudag, daginn fyrir útsendinguna sem er í beinni.

Brúðkaupsveisla Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Ingibjargar Pálmadóttur verður einkar glæsileg. Eins og fram kemur hér á síðunni munu hljómsveitirnar Nýdönsk og Gus Gus skemmta. Brúðhjónin hafa líka lagt hart að Páli Óskari Hjálmtýssyni að syngja í veislunni en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur Páll ekki viljað lofa sér í veisluna. Ástæðan er einfaldlega sú að hann heldur útgáfutónleika sína sama kvöld á Nasa. Þó að stutt sé að fara milli Nasa og Hafnarhússins er ólíklegt að söngvarinn þori að bæta óþarfa álagi á röddina á svo mikilvægum degi.

Allt stefnir nú í að Arnaldur Indriðason setji nýtt met í sölu á bók sinni fyrir þessi jólin. Endurkoma Erlendar í Harðskafa leggst í það minnsta svo vel í landsmenn að hún fer betur af stað í sölu en nokkur önnur bóka Arnaldar. Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda er aukningin 50 prósent milli ára. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er upplag Harðskafa jafnframt það stærsta frá upphafi. Hátt í þrjátíu þúsund eintök hafa verið prentuð svo augljóst má vera að búist er við metsölu.

- sók/hdm

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

Þú færð aðeins það besta hjá okkur

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.



Ameríkukaggi skáldanna seldur

Kadiljákurinn sem rithöfundarnir Ólafur Gunnarsson og Einar Kárason ásamt útgefandanum Jóhanni Páli Valdimarssyni þeystust í um Bandaríkin þver og endilöng hefur loksins verið seldur eftir mikla þrautagöngu. Ólafur segist nánast hafa heimt hann úr helju fyrri kaupanda sem þó borgaði aldrei bílinn og drossían er nú loks komin í réttar hendar.

„Bíllinn varð eftir í Ameríku eftir ferðina og þar var bandarískur náungi sem hafði mikinn áhuga á honum og vildi mjög gjarnan kaupa hann,“ segir Ólafur en sá reyndist hins vegar hið mesta fól og greiddi aldrei umsamda upphæð. Eftir töluvert þóf, í kringum sjö hundruð tölvupósta, tókst hins vegar að frelsa bílinn og Ólafur setti Kadiljákinn aftur á sölu og nú á netinu.

En bíllinn var ekki sá sami og skáldið hafði skilið við hann eftir ferðina miklu. Rúður höfðu verið brotnar og svo virtist sem útigangsmaður hefði hreiðrað um sig í honum með tilheyrandi óþrifnaði og matarleifum. En Ólafi til mikillar undrunar seldist bíllinn og reyndist kaupandinn vera náungi frá New Hampshire sem tók til óspilltra málanna, hreinsaði bílinn og lagaði olíulekann sem hafði reynt æði mikið á taugar íslensku ferðalanganna í ferðinni. „Og lausnin reyndist vera gúmmíhringur upp á þrjá dollara eða 180 krónur,“ segir Ólafur og skellir upp úr. Hann vildi ekki gefa upp kaupverðið. „Við kölluðum okkur Rolling Stones on Tour meðan á ferðinni stóð og ég er hræddur um að ef verðið spyrðist út þá kæmi upp tónlistarlegur ágreiningur.“

- fgg

LOKSINS LAUS VIÐ KAGGANN Ólafur Gunnarsson vildi ekki gefa upp kaupverðið af ótta við „tónlistarlegan ágreining“.

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Jólin hafa aldrei kostað jafn lítið

Jakkaföt
Skyrta
Bindi
Skór

14.990,-

Nýjar vörur komnar í hús
- Nýtt kortatímabil!

Smart að spara – Outlet10

Faxafeni 10

Opið alla virka daga
og á laugardögum frá 11 til 18

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Það fegursta í heimi

Ég er neytandi. Ég lifi á frábærasta tímabili veraldarsögunnar. Ég er örsmátt tannhjól í sældarríkismaskínu Vesturlanda. Ef ég hætti að kaupa fer allt til fjandans og Kringlunni verður breytt í gróðurhús þar sem kleprahærðir auðnuleysingjar úr Saving Iceland rækta grænmeti. Ég sé dót, mig langar í dót, ég kaupi dót. Neyslan er drifkraftur minn, að eilífu, amen.

ÉG var í röðinni hjá báðum dótabúðunum þegar þær opnuðu. Ég bara réði ekki við mig. Ég var búinn að þaullesa auglýsingablöðin og merkja við. Ég ætlaði sko ekki að missa af þessum tilboðum. Hvorki mig né börnin vantaði beinlínis eitthvað þarna inni, en það kemur ekki málinu við. Það er neysluspennan sem ég sækist í. Ég fæ það sama út úr því að bíða í röð og að skoða dót á netinu. Það að kaupa er skemmtilegasti hluti ferlisins. Sælutilfinningin sem hríslast um mig þegar ég ýti á „kaupa“-takkann er sú sama og þegar ég sé búðarlokuna nálgast dyrnar til að hleypa ösinni inn. Þetta er mun sætari tilfinningin en sú sem ég fæ þegar pósturinn kemur með dótið eða búðarlokan rennir dótinu í gegnum skannann. Forleikurinn er betri en fullnægingin.

ÉG er með yfirdrátt á þremur reikningum. Ég lít svo á að ég sé að skaffa ríku köllunum bensíndropa á einkaþoturnar sínar. Og svo er ég auðvitað að styrkja íslenska dagskrárgerð í sjónvarpi. Vitaskuld er ég með kreditkort. Fegursta hljóð í heimi er hljóðið sem berst frá hraðbankanum þegar ég tek út peninga. Þá er eins og örlítill skjálfti fari um kassann, það heyrist hljóð eins og í tannhjólum; svo renna seðlarnir út. Ég hef tekið þetta hljóð upp og spila það stundum til að hressa mig við.

ÞAÐ er margt fallegt í heiminum. Til dæmis hlutir eftir vinsæla hönnuði, þriðju kynslóðar símar, Land Rover, koi-fiskar og dýr myndlist. Þetta jafnast þó ekki á við það fegursta í heimi. Þegar ég sé það fyllist ég bjartsýni og trú á framtíðina. Yfir mig kemur höfgi hins alsæla manns og mér finnst eins og ég muni lifa að eilífu. Þetta eru miðarnir sem birtast einu sinni í mánuði í gluggunum í búðunum. Það stendur á þeim: Nýtt kortatímabil.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 15. nóvember, 319. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.55	13.12	16.29
Akureyri	9.54	12.57	15.59

Heimild: Almanak Háskólans

Ferrari

Nýir tveggja hraða* Ferrari smábílar

Aðeins **250 krónur** ef keyptir eru **20 lítrar** af Shell eldsneyti eða
100 krónur ef keyptir eru **20 lítrar** af **Shell V-Power**

Byrjaðu strax að safna!

*Athugið að Formula 1 smábíllinn er með eins hraða, stiglausan mótor

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

POWERED BY Shell V-Power

Made to move